









# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað
9. júlí 2011
158. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001-2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




**Mamma henti mér út**

*Kolbeinn Sigþórsson ætlaði sér alltaf að verða knattspyrnumaður.*

fótbolti 18

**Fjöll, fossar og fögur náttúra**

*Áhugaverð afþreying í Borgarfirði*

ferðalög 28



**Eins og hrútspungur í framan**

*Steinda finnst krakkar skemmtilega hreinskilnir.*

krakkasíða 36

**3 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu

Matur | Allt | Allt atvinna





**STREÐAÐ Í SÓLINNI** Þátttakendur í spinning-tíma í World Class í Ögurhvarfi nýttu sér veðurblíðuna í hádeginu gær og færðu tímann út í sólina. Þátttakendur luku tímanum í svitakófi enda æfingin erfið og sólin heit. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ofbeldismenn ganga lausir

**Deilur í ríkisstjórn um fjármögnun nýs fangelsis tefja fyrir framkvæmdum. Tugir ofbeldismanna ganga lausir vegna plássleysis. Gætum tekið ákvörðun um útboð á morgun ef sátt næst, segir forsætisráðherra.**

**FANGELSISMÁL** Fjölmargir brotamenn sem hlotið hafa dóma ganga lausir þar sem ekki er rúm fyrir þá til afplánunar í fangelsum landsins. Sem dæmi má nefna að þrír dæmdir kynferðisbrotamenn eru enn lausir en ættu ef ástandið væri eðlilegt að vera að afplána dóma sína nú. Um tvo menn er að ræða sem dæmdir hafa verið fyrir nauðgun og einn sem dæmdur hefur verið fyrir kynferðisbrot gegn barni, samkvæmt upplýsingum frá Fangelsismálastofnun ríkisins.

Á fjórða tug dæmdra ofbeldismanna gengur laus, á áttunda tug manna sem brotið hafa gegn fíkniefnalöggjöfinni og rúmlega fjörutíu menn sem dæmdir hafa verið fyrir þjófnaði og auðgunarbrot bíða afplánunar. Sautján ofbeldismannanna hafa verið fundnir sekir um árás sem valdið hefur stórfelldu líkams- eða heilsutjóni.

„Staðan í fangelsunum eins og hún er nú veldur því að við veigrum okkur oft við að gefa út handtökubeiðnir," segir Erlendur S. Baldursson, afbrotafræðingur hjá Fangelsismálastofnun.

**310 brotamenn eru á boðunarlista**

| | |
|---|---|
| Ofbeldisbrot | 36 |
| Fíkniefnabrot | 74 |
| Kynferðisbrot | 13 |
| Auðgunarbrot | 42 |
| Umferðarlagabrot | 132 |
| Annað | 13 |
| **Alls** | **310** |

Svona er staðan nú samkvæmt upplýsingum Fangelsismálastofnunar.

Ráðherrar hafa ekki komið sér saman um hvaða leið skuli farin við fjármögnun fangelsisins. Innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson, hefur sagt að hann vilji að framkvæmdin sé fjármögnuð af ríkinu. Það væri ódýrari kostur en að einkaaðilar fjármagni verkið. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir hins vegar að bjóða eigi fjármögnunina út, það flýti framkvæmdum mest.

„Við gætum tekið ákvörðun strax á morgun ef samstaða næðist um þessa fjármögnunarleið," segir Jóhanna.

- jss, kóp / sjá síðu 6

SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

FLUGFELAG.IS

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

## SPURNING DAGSINS



*Kristján, verður ekki næst boðið upp á relax?*

„Nei, við höldum bara áfram að guðlaxa, lagsmaður."

Kristján Berg í Fiskikóngnum bauð viðskiptavinum sínum upp á guðlax í verslun sinni í gær.

Utanríkisráðuneytið skoðar ákvæði í viljayfirlýsingu Jóns og Ögmundar vandlega:

# Herflugvélabann undir smásjánni

**SAMGÖNGUR** Í utanríkisráðuneytinu er það nú til vandlegrar skoðunar hvort fyrirhugað lendingarbann herflugvéla á Reykjavíkurflugvelli sé mögulegt og í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga.

Í drögum að samkomulagi á milli Jóns Gnarr borgarstjóra og Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra segir að unnið skuli með það að leiðarljósi að banna umferð herflugvéla og flug í þágu hertengdrar starfsemi um flugvöllinn nema þegar hann þjónar hlutverki sem varaflugvöllur.

Lendingarleyfi allra flugvéla erlendra ríkisstjórna, þar á meðal herflugvéla, eru hins vegar afgreidd af utanríkisráðuneytinu.

Fréttablaðið falaðist eftir skoðun á málinu hjá ráðuneytinu og hvort starfsmenn þess teldu bann af þessu tagi myndu brjóta í bága við alþjóðlegar skuldbindingar.

Urður Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi ráðuneytisins, segir málið flókið, þar sem málaflokkurinn varnarmál sé óðum að flytjast til innanríkisráðuneytisins þótt lendingarleyfin séu enn á könnu utanríkisráðuneytisins. - sh



**HERÞOTUR Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI** Þetta vilja Jón Gnarr borgarstjóri og Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra ekki sjá. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Forstöðumaður Veiðisafnsins:

## Fær ekki byssusafnið til baka

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Suðurlands hefur vísað frá kröfu Páls Reynissonar, forstöðumanns Veiðisafnsins, þess efnis að honum verði afhentar um nítíu byssur sem lögregla lagði hald á um síðustu helgi á heimili hans. Í húsinu er jafnframt Veiðisafnið.

Lagt var hald á byssusafnið eftir að maðurinn hafði hleypt af skammbyssum sem hann handlék þegar lögregla kom á vettvang. Héraðsdómur hafnaði afhendingu þeirra enda hafði maðurinn verið sviptur skotvopnaleyfi til bráðabirgða. - jss

Mexíkói tekinn af lífi í Texas:

## Beiðni Obama var hunsuð

**GENF, AP** Mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, Navi Pillay, telur að Bandaríkin hafi brotið alþjóðalög þegar mexíkóskur maður var tekinn af lífi í ríkisfangelsi í Texas. Pillay segir að með því að taka mexíkóskan ríkisborgara af lífi í bandarísku fangelsi vakni upp margar spurningar varðandi réttindi erlendra einstaklinga í landinu.

Barack Obama Bandaríkjaforseti fór fram á að aftökunni yrði frestað. Beiðni forsetans var hafnað af Hæstarétti Bandaríkjanna.

Maðurinn var dæmdur til dauða árið 1994 fyrir að nauðga og myrða bandaríska táningsstúlku. - sv

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Þrír á slysadeild

Þrír voru fluttir á slysadeild eftir árekstur sem varð á Suðurlandsvegi við afleggjarann að Hafravatni um klukkan tvö í gær. Slysið varð með þeim hætti að jeppi og jepplingur skullu saman og valt önnur bifreiðin.

# Varasamar biðstöðvar þyrnir í augum Strætó

**Strætó hefur í tæp fjögur ár barist fyrir því að fá biðstöðvum við Vesturlandsveg breytt. Aðgengi er afleitt og farþegar bíða nokkra sentímetra frá hraðri umferð. Strætó linnir ekki látum fyrr en ástandið lagast. Borgin segir lausn í sjónmáli.**

**SAMGÖNGUR** „Þetta er ekki til fyrirmyndar," segir Einar Kristjánsson, hjá skipulags- og þróunarsviði Strætós, um tvær biðstöðvar á Vesturlandsvegi.

Aðstæður við biðstöðvarnar tvær verða seint kallaðar góðar. Sú norðanmegin götunnar, við Viðarhöfða, stendur þétt við akbrautina og engin leið er að henni nema upp brattan grasbala. Vandséð er að fatlaðir, fólk með barnavagna eða aðrir sem komast ekki óhindrað leiðar sinnar geti með góðu móti tekið strætisvagn til eða frá stöðinni.

Hinum megin götunnar, hjá bensínstöð Skeljungs, er biðstöðin sömuleiðis svo þétt við fjölfarinn Vesturlandsveginn að varla nokkuð skilur farþegana frá götunni annað en kantsteinninn.

Einar bendir á að Strætó hafi lítið um biðstöðvarnar sjálfar að segja, þær séu á forræði hvers sveitarfélags fyrir sig. „En við vinnum þetta mjög náið með sveitarfélögunum og höfum í tæp fjögur ár verið að berjast fyrir breytingum á þessum stöðvum á Vesturlandsveginum," segir Einar.

„Vandræðin liggja í því að Vesturlandsvegurinn er ríkisvegur innan þéttbýlis. Reykjavíkurborg og Vegagerðin þurfa þess vegna að ná samkomulagi um þessi mál og við erum í rauninni bara lúsin milli tveggja nagla," bætir hann við.

Einar segir hins vegar að nýlega hafi borist bréf frá borginni þar sem lausn sé sögð í sjónmáli. Búið sé að teikna upp nýja biðstöð norðan megin og gera tillögu um að færa þá sunnan megin niður á Viðarhöfða. „Það mun hins vegar tefja vagninn og svo mikið að við vitum ekki alveg hvort við getum sett það inn í okkar áætlun," segir hann.

„Við höfum helst viljað leggja þessa biðstöð niður," segir Einar. Það sé hins vegar ekki ákvörðun Strætós og biðstöðin sé töluvert notuð. Vonandi hilli hins vegar undir lausn. Strætó fundi reglulega með framkvæmdaráði borgarinnar.

„Og þessar biðstöðvar eru alltaf með á hverjum einasta fundi og verða það þangað til lausnin er fundin." stigur@frettabladid.is





**VONDAR AÐSTÆÐUR** Á efri myndinni má sjá farþega bíða eftir vagni á biðstöðinni norðan Vesturlandsvegar. Þeir sem standa lengst til vinstri skýla sér fyrir umferðinni á bak við vegrið. Á neðri myndinni má sjá brekkuna sem farþegar þurfa að klífa til að komast í strætó. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Reykjavíkurborg og Vegagerðin þurfa þess vegna að ná samkomulagi um þessi mál og við erum í rauninni bara lúsin milli tveggja nagla.
>
> **EINAR KRISTJÁNSSON** STARFSMAÐUR STRÆTÓS



**BEINT UPP Í LOFT** Geimferjan Atlantis fór á loft í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Síðasta geimferjuskotið:

## Atlantis fór upp í geiminn í gær

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríska geimferjan Atlantis hélt í gær af stað í síðustu ferð sína út í geiminn. Jafnframt er þetta síðasta ferð bandarískra geimferja. Notkun þeirra verður nú hætt, rúmlega þrjátíu árum eftir að fyrstu geimferjunni var skotið út í geim.

Fjórir geimfarar eru með í þessari ferð, sem er heitið til alþjóðlegu geimstöðvarinnar. Ferðin tekur tólf daga. Eftir það verður ferjan til sýnis í bandarísku geimferðamiðstöðinni á Canaveral-höfða í Flórída. - gb

Nær fjögur kíló amfetamíns:

## Dópsmyglari áfram í gæslu

**DÓMSMÁL** Karlmaður sem játað hefur að hafa smyglað til landsins nær fjórum kílóum af mjög sterku amfetamíni skal sæta gæsluvarðhaldi til 26. júlí. Hæstiréttur hefur staðfest dóm héraðsdóms þess efnis.

Málið hefur verið sent til ríkissaksóknara, sem gefur út ákæru á næstunni. Maðurinn hefur sætt gæsluvarðhaldi frá 14. júní. - jss

HÓPKAUP.IS Í DAG
Skyrtuhreinsun á aðeins 190 kr.
190 kr.
GILDIR 24 TÍMA
Verð 590 kr
Afsláttur 68%
Afsláttur í kr. 400 kr.
50 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið
Snögg ehf. var stofnað 1967 og hefur alla tíð verið til húsa í Suðurveri. Veitum sólarhrings þjónustu ef þess er þörf. Opið mánudaga til föstudaga kl. 08–18.
HÓPKAUP í krafti fjöldans
hópkaup.is
PIPAR\TBWA • SÍA




Íslendingar munu styðja tillögu um sjálfstætt ríki Palestínu:

# Líkir meðferð Ísraela við apartheid

**UTANRÍKISMÁL** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra var á ferð um Vesturbakkann og Jerúsalem í gær að kynna sér aðstæður. Hann segir þær skelfilegar.

„Ég hef sérstaklega verið að kynna mér þetta svokallaða landnám Ísraela og það er engum blöðum um það að fletta að þeir þjarma kerfisbundið að Palestínumönnum á þessum slóðum. Það kerfi sem þeir hafa sett hér upp minnir óhuggulega mikið á aðskilnaðarstefnuna í Suður Afríku á sínum tíma."

Össur fundaði á fimmtudag með Riad Al Malki, utanríkisráðherra Palestínustjórnar, og tjáði honum að þjóðstjórn Fatah og Hamas væri forsenda þess að vinir Palestínumanna í Evrópu gætu stutt þá með eins miklum þunga og mögulegt væri.

„Ég sagði honum sömuleiðis að ef fram kæmi tillaga á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í haust, að þeirra undirlagi, um að lýsa yfir stuðningi við Palestínu sem fullvalda ríki, miðað við landmærin 1967, þá mundi Ísland styðja hana."

Eins mundi Ísland styðja tillögu um að Palestína yrði tekin inn í Sameinuðu þjóðirnar, en Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, hefur lýst því yfir að hann vonist til þess að svo verði.

Össur afhenti utanríkisráðherranum yfirlýsingu, svokallaða diplómatanótu eða skriflega yfirlýsingu, þess efnis að Ísland mundi hækka stöðu palestínsku sendinefndarinnar gagnvart Íslandi, sem hefur aðsetur í Ósló, upp í formlega sendiskrifstofu. Það þýðir að yfirmaður hennar hefur titilinn sendiherra gagnvart Íslandi, án þess að hafa formlegar skuldbindingar.

„Með þessu erum við að sýna stuðning okkar við palestínsku þjóðina í verki," segir Össur. - kóp



**UTANRÍKISRÁÐHERRA** Össur hitti utanríkisráðherra Palestínustjórnar í gær. Hann segir meðferð Ísraela á Vesturbakkanum helst líkjast aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku.



Viðarvörn og útimálning
20-45% afsláttur
JOTUN
TREBITT
Oljebeis/Lasyr
DRYGOLIN
OLJEDEKKBEIS/OLJETÄCKLASYR
Flíspeysur
25% afsláttur
SUMAR
ÚTSALA
weber
Öll grill
20-25% afsláttur
Garðhúsgögn
30% afsláttur
Skjólveggir
25% afsláttur
Búsáhöld
20-30% afsláttur
Sláttuvélar
25% afsláttur
HiPoint klippur
40% afsláttur
Sláttuorf
20% afsláttur
Leikföng
25% afsláttur
BLACK & DECKER
38cm
HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 08.07.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,03 | 116,59 |
| Sterlingspund | 185,09 | 185,99 |
| Evra | 165,38 | 166,30 |
| Dönsk króna | 22,17 | 22,30 |
| Norsk króna | 21,349 | 21,475 |
| Sænsk króna | 18,215 | 18,321 |
| Japanskt jen | 1,4247 | 1,4331 |
| SDR | 184,25 | 185,35 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
221,3763

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Átti að fá hálfa milljón við afhendingu efnanna og lækkun á fíkniefnaskuld sinni:

# Stórtækur dópsmyglari fékk sex og hálft ár

**DÓMSMÁL** Stórtækur fíkniefnasmyglari, Junierey Kenn Pardillo Juarez, var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjavíkur í sex og hálfs árs fangelsi fyrir að flytja nær 37 þúsund e-töflur og 4.471 skammt af LSD til landsins.

Þetta er með þyngri dómum sem burðardýr hefur hlotið í fíkniefnamáli.

Maðurinn var handtekinn í mars við komuna til landsins frá Kanaríeyjum. Fíkniefnin fundust í tveimur töskum hans en í þeim var falskur botn.

Við upphaf yfirheyrslna var framburður mannsins mjög á reiki. Þegar mynd tók að koma á málið lá ljóst fyrir að Juarez hafði tekið að sér að fara til Kanaríeyja í því skyni að sækja fíkniefni og flytja þau til landsins. Fyrir þetta átti fíkniefnaskuld hans að lækka um nokkur hundruð þúsund krónur. Þá fékk hann hálfa milljón fyrir ferðakostnaðinum. Að auki kvaðst hann hafa fengið 200 þúsund krónur frá ónafngreindum einstaklingi og hefði átt að fá hálfa milljón króna við afhendingu efnanna.

Þar sem Juarez var staddur í Las Palmas var hringt í hann. Eftir það kom Spánverji inn á hótelherbergi hans með tvær ferðatöskur og þeir skiptust á töskum.

Juarez sagðist hafa séð að maðurinn opnaði falskan botn í annarri töskunni og þar hefði verið plastpoki. Sjálfur hefði hann talið að hann ætti að sækja kannabisefni. Héraðsdómur sagði á hinn bóginn að Juarez hafi látið sér í léttu rúmi liggja hvaða fíkniefni var um að ræða og magn þeirra. Um mjög mikið magn hefði verið að ræða og styrkleiki e-taflanna yfir meðallagi. - jss



**JUNIEREY KENN PARDILLO JUAREZ** Var dæmdur í sex og hálfs árs fangelsi.

Snertu sofandi 15 ára stúlku:

## Dæmdir fyrir káf á tjaldstæði

**DÓMSMÁL** Tveir hálfþrítugir menn hafa verið dæmdir í fimm mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir kynferðislega áreitni gegn ungri stúlku á Flúðum sumarið 2009.

Mennirnir fóru óboðnir inn í tjald þar sem stúlkan, fimmtán ára gömul, lá sofandi ásamt vini sínum. Annar káfaði á brjóstum hennar innanklæða og reyndi að kyssa hana á munninn á meðan hinn strauk læri hennar við kynfærin. Stúlkan vaknaði og hljóp grátandi út úr tjaldinu.

Tvímenningarnir neituðu sök og sögðu stúlkuna ljúga en dómara þótti framburður þeirra einkar ótrúverðugur. Þeir voru jafnframt dæmdir til að greiða stúlkunni 300 þúsund krónur í bætur. - sh

### ÁRÉTTING

Í frétt af guðlaxi í Fréttablaðinu í gær var sagt frá því að annar guðlax hefði verið sendur í uppstoppun norður í land árið 1991 en aldrei skilað sér til baka. Haraldur Ólafsson, sem sérhæfir sig í uppstoppun á fiskum, vill taka fram að hann kom ekki að því máli, enda ekki byrjaður að stoppa upp fiska á þeim tíma.

### LEIÐRÉTTING

Í frétt um verð á vegabréfum í Fréttablaðinu í gær var ranglega sagt að það kostaði 1.540 krónur að fá vegabréf á Íslandi. Hið rétta er að það kostar 1.540 krónur fyrir hvert ár sem vegabréfið gildir. Vegabréfið gildir í fimm ár og kostar 7.700 krónur.

Í Fréttablaðinu í gær var því ranglega haldið fram að skiptastjóri Fons hefði stefnt þremur fyrrverandi stjórnarmönnum til greiðslu þriggja milljarða skaðabóta. Hið rétta er að hann hefur einungis kallað eftir afstöðu þeirra til bótaskyldunnar en ekki hefur verið tekin ákvörðun um málshöfðun.

# Nýtt ríki stofnað í suðurhluta Súdans

**Íbúar Suður-Súdans lýsa formlega yfir sjálfstæði í dag. Suður-Súdan á erfitt verk fyrir höndum. Fátækt er mikil, innviðir fábreyttir og vaxandi spenna á norðurlandamærum hins nýja ríkis. Helmingur íbúanna er á barnsaldri.**

**SUÐUR-SÚDAN** Undanfarna daga hafa íbúar í Suður-Súdan búið sig undir stofnun nýs ríkis í samræmi við niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslu sem haldin var í janúar síðastliðnum. Sjálfstæði verður formlega lýst yfir í dag.

Leiðtogar margra Afríkuríkja verða viðstaddir hátíðarhöldin ásamt Ban Ki-moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, og Colin Powell, fyrrverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Sex ár eru síðan meira en tuttugu ára borgarastríði lauk með friðarsamkomulagi. Partur af því samkomulagi var að íbúar í sunnanverðu landinu, sem aðhyllast ýmis afrísk trúarbrögð og kristni, fengju að kjósa um aðskilnað frá norðurhlutanum, þar sem arabískumælandi íbúar eru í meirihluta og alls ráðandi.

Nánast allir íbúar suðurhlutans samþykktu sjálfstæði í kosningunum í janúar.

„Stjórnin á samt mikið verk óunnið,“ segir Albino Gaw, einn íbúanna í suðurhlutanum. „Annars verður allt hérna eins og það var áður.“

UNICEF, barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, vekur athygli á því að ríflega helmingur íbúa þessa nýja ríkis er á barnsaldri.

„Við verðum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að hjálpa þessari „sjálfstæðiskynslóð“ að lifa af og blómstra,“ segir í yfirlýsingu frá UNICEF.

Sigríður Víðis Jónsdóttir, upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi, var sjálf á þessu svæði sem blaðamaður fyrir sex árum, stuttu eftir lok borgarastríðsins sem kostaði tvær milljónir manna lífið.

„Þá bjuggust fáir af þeim sem ég ræddi við við því að friðurinn myndi halda, hvað þá að kosningarnar fengju að fara fram – hvað þá að úrslitin yrðu virt,“ segir hún. „Nú hefur þetta allt hins vegar gengið í gegn og ég trúi því bara varla.“

Veruleg spenna er enn á milli norðurs og suðurs og hefur vaxið eftir að sunnanmenn samþykktu í janúar síðastliðnum að stofna sjálfstætt ríki.

Deilt er um legu landamæranna og auðlindir í jörðu, einkum olíu og gas sunnan landamæranna, sem norðanmenn hafa haft verulegar tekjur af.

Óttast er að átök geti brotist út hvenær sem er, en reynt hefur verið að grípa til ráðstafana til að vinna gegn því. Meðal annars samþykktu fulltrúar beggja um síðustu mánaðamót að herlaust svæði verði meðfram landamærunum til að draga úr spennu.

Þá samþykkti Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna í gær að 7.900 manna alþjóðlegt friðargæslulið verði í Suður-Súdan, þar af 7.000 hermenn og 900 lögreglumenn.

gudsteinn@frettabladid.is



**ÆFA SIG FYRIR HÁTÍÐARHÖLDIN** Börn í Suður-Súdan búa sig undir dansatriði sem þau ætla að sýna í dag. NORDICPHOTOS/AFP

Ungmenni sluppu ómeidd:

## Hvolfdu báti á Meðalfellsvatni

**SLYS** Fjögur ungmenni sluppu ómeidd eftir að bát sem þau voru í hvolfdi seint á miðvikudagskvöld.

Fólkið hafði verið á kvöldsiglingu á Meðalfellsvatni og hvolfdi bátinum. Það náði að koma sér í lítinn hólma í vatninu og kalla eftir aðstoð. Björgunarsveitir af Kjalarnesi og úr Reykjavík fóru á staðinn ásamt slökkviliði. Ungmennin voru flutt á slysadeild enda köld og hrakin, en þau voru útskrifuð af spítala að lokinni aðhlynningu. - þeb

Lögreglan leitar bitvargs:

## Hundur réðst á ísbjörn og beit

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar nú rottweiler-hunds og eiganda hans eftir að sá fyrrnefndi réðst á gervihvítabjörn á Laugaveginum síðdegis í gær. Myndir náðust af geranda og eiganda hans, sem hurfu á braut.

Dýrið er í eigu verslunar neðarlega í götunni. „Ísbjörninn særðist nokkuð mikið og þarfnast sauma,“ segir í tilkynningu frá lögreglunni, sem áréttar að hundar eru bannaðir víða í borginni, þar með talið á Austurvelli, Austurstræti, Bankastræti og Laugavegi. „Skiptir þá engu um stærð hunda eða geðslag þeirra, eitt verður yfir alla að ganga,“ segir lögreglan. - sv

### UMFERÐ

**Teppa á Suðurlandsvegi**

Mikil og þung umferð var á Suðurlandsvegi í gærkvöldi og hreyfðist hún afar hægt. Fjöldi manns var á leið austur á Bestu útihátíðina sem hófst á Gaddstaðaflötum við Hellu í gær. Búist er við hátt í tíu þúsund gestum.


## Sláttutraktorar

**Sláttutraktorar með safnkassa**
**3 stærðir: 12½ ha, 17 hö og 20 hö**
**Til afgreiðslu strax - Afar hagstætt verð**



ÞÓR HF REYKJAVÍK · AKUREYRI

Reykjavík: Krókháls 16, Ármúla 11, Sími 568-1500

Akureyri: Lónsbakka, Sími 568-1555, www.thor.is


## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**VÍÐA BJART** Lítur út fyrir bjarta helgi um mest allt land þó e.t.v. ekki fyrir austan fyrr en á mánudag. Dálítil væta A-til í dag og á morgun og stöku seinnipartsskúrir S-til. Hæg breytileg átt víðast hvar næstu daga og komin SV-átt á mánudaginn með bjartviðri og ágætum hita.





| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 28° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Gautaborg | 22° |
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 20° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 30° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 20° |
| París | 23° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 24° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*









FABRIKAN

Uppspretta vellíðunar

# LAUGARVATN FONTANA

## NÁTTÚRULEGT HVERAGUFUBAÐ
## GLÆSILEGAR BAÐLAUGAR

Í dag opnar nýr og glæsilegur baðstaður, **Laugarvatn Fontana**, sem risinn er á grunni gamla gufubaðsins á Laugarvatni.

Frá alda öðli hefur fólk sótt laugar og gufuböð til að byggja upp vellíðun sálar og líkama. Gestir okkar njóta endurnærandi varma **hveragufubaðanna**, ylsins í **sánunni**, ferska loftsins og dásamlegs útsýnis úr **fallegum baðlaugum** sem staðsettar eru á bökkum Laugarvatns.

Hjartanlega velkomin!

Nánari upplýsingar á www.fontana.is

LAUGARVATN fontana

Hverabraut 1 | 840 Laugarvatn | fontana@fontana.is | Sími: 486 1400

## KJÖRKASSINN



*Vilt þú íbúðarbyggð í Vatnsmýrinni?*

| | |
|---|---|
| Já | 24,1% |
| Nei | 75,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Gætir þú hugsað þér að kaupa litla rafmagnsvespu?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is



**MÓTMÆLI Í GRIKKLANDI** Fjármálaráðuneyti Grikklands hefur nú leit að umfangsmestu skattsvikurunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Grikkland leitar að svikurum:

# Skulda 41 milljarð evra í skatt

**AÞENA, AP** Fjármálaráðherra Grikklands segir að hópur lögfræðinga og endurskoðenda verði ráðinn í ráðuneytið til að elta uppi 10 þúsund alvarlegustu skattsvikin í landinu.

Talið er að um 900 þúsund Grikkir og grísk fyrirtæki skuldi landinu um 41 milljarð evra vegna skattsvika. 90 prósent af þeirri fjárhæð eru vegna 14.700 skattgreiðenda og fyrirtækja. - sv

Aðalritari NATO um al Kaída:

# Engin tengsl inn í Líbíu

**NAPÓLÍ, AP** Aðalritari NATO, Anders Fogh Rasmussen, segir ekkert benda til þess að hryðjuverkasamtökin al Kaída séu starfrækt í Líbíu.



**ANDERS FOGH RASMUSSEN**

Rasmussen sagði við fjölmiðla í gær að stjórnvöld í Líbíu þyrftu að ná lengra í að ná sáttum þar sem engin hernaðarlausn sé til staðar. Varðandi ástandið í Sýrlandi, efast Rasmussen um að NATO muni taka þátt í að leysa deilurnar þar í landi. - sv

Nálgunarbann í þrjá mánuði:

# Stöðugt ónæði og eignaspjöll

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið úrskurðaður til að sæta nálgunarbanni í þrjá mánuði. Má hann ekki koma nálægt heimili fyrrverandi eiginkonu sinnar og sambýlismanns hennar, né þeim sjálfum.

Maðurinn er grunaður um að hafa áreitt fólkið með ýmsum hætti. Hann hafi stolið farsíma frá konunni, sett þjófavarnarkerfi á heimili hennar í gang, kastað grjóti í rúðu og skemmt bifreiðar fólksins. Enn fremur er hann grunaður um að hafa sprautað í læsingu á útidyrahurð, auk hótana um líkamsmeiðingar og stöðugt ónæði með símhringingum og smáskilaboðum. - jss

Skipulagsbreytingar hjá dreifingaraðila Fréttablaðsins:

# Póstdreifing dreifir nú Fréttablaðinu

**VIÐSKIPTI** Fyrirtækið Póstdreifing hefur tekið yfir starfsemi Pósthússins, sem séð hefur um dreifingu Fréttablaðsins. Bæði fyrirtæki eru hluti af fjölmiðlasamsteypunni 365, en breytingin er liður í endurskipulagningu samsteypunnar. Breytingin tók gildi um mánaðamótin.

„Það hefur varla liðið sá dagur að ekki komi fólk til okkar að ná í póstsendingar og við þurft að beina þeim annað. Póstdreifing er meira lýsandi orð fyrir þá þjónustu sem við veitum,“ segir Hannes A. Hannesson, framkvæmdastjóri Póstdreifingar en áður Pósthússins.



**HANNES HANNESSON**

Í tilkynningu frá fyrirtækinu segir að breytingin sé hugsuð sem liður í undirbúningi fyrir þær breytingar sem verða á rekstrarumhverfi póstþjónustu á Íslandi árið 2013 þegar einkaréttur Íslandspósts á dreifingu bréfa rennur út. Um leið sé verið að móta áherslur um aukið sjálfstæði í rekstri og aðgreiningu frá móðurfyrirtækinu, þar sem dreifingardeild Fréttablaðsins rennur nú aftur inn í 365 miðla.

Dreifikerfi fyrirtækisins mun í kjölfarið taka breytingum til að aðlaga það nýjum aðstæðum. Einnig munu viðbætur í þjónustuþáttum líta dagsins ljós á næstu mánuðum, segir enn fremur í tilkynningunni.

Um 500 manns starfa hjá Póstdreifingu eftir breytinguna. Dreifikerfi fyrirtækisins tekur til alls höfuðborgarsvæðisins, Reykjaness og Akureyrar. - mþl

Orkuveita Reykjavíkur:

# Moody‘s lækkar einkunn OR

**VIÐSKIPTI** Matsfyrirtækið Moody‘s hefur ákveðið að lækka lánshæfiseinkunn Orkuveitu Reykjavíkur (OR). Einkunnin fer úr Ba1 í B1 með neikvæðum horfum.

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstur eða skuldastöðu OR, segir í tilkynningu frá fyrirtækinu. Þar segir einnig að samkvæmt aðgerðaáætlun þess til 2016 sé ekki gert ráð fyrir erlendri fjármögnun á tímabilinu. Moody’s segist í tilkynningu hafa áhyggjur af nokkrum áhættuþáttum sem valdið gætu OR vandræðum á næstu árum. - mþl

# Deilur tefja nýtt fangelsi

**Deilur innan ríkisstjórnar tefja fyrir því að farið hefur verið í útboð á nýju fangelsi. Tekist á um útboð fjármögnunar eða lántöku ríkisins. Fjöldi hættulegra afbrotamanna gengur laus vegna plássleysis í fangelsum.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvað tefur fyrir byggingu nýs fangelsis?

Ráðherrar í ríkisstjórn Íslands eru ekki sammála um hvaða leið beri að fara við byggingu nýs fangelsis. Mikill fjöldi brotamanna, sem hlotið hefur dóma, gengur laus þar sem ekki er pláss fyrir þá í fangelsum landsins.

Innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson, hefur sagt að hann vilji að framkvæmdin sé fjármögnuð af ríkinu. Það væri ódýrari kostur en ef einkaaðilar fjármögnuðu verkið. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir hins vegar að bjóða eigi fjármögnunina út. Þá gætu lífeyrissjóðir eða einkaaðilar boðið í hana. Heimildir Fréttablaðsins herma að Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sé sömu skoðunar, en ekki náðist í hann við vinnslu fréttarinnar.

„Ég vil fara þá leið sem flýtir þessu mest; að bjóða fjármögnunina út. Þá gætu lífeyrissjóðirnir fjármagnað verkið og ríkið síðan borgað árlega leigu. Þetta var gert nýverið varðandi fjölgun hjúkrunarrýma. Við gætum tekið ákvörðun strax á morgun ef það næðist samstaða um þessa fjármögnunarleið. Það er mikilvægt að menn séu ekki að halda í hugmyndir sem ekki eru raunhæfar,“ segir Jóhanna.

Þessum orðum hlýtur að vera beint að Ögmundi Jónassyni, en hann hefur talað fyrir því að framkvæmdin sé sett á fjárlög. Fyrir ríkisstjórn liggur tillaga þess efnis.

„Mér finnst það vera hið eina eðlilega í stöðunni, enda er sú leið í heildina mun ódýrari og þar af leiðandi hagkvæmari fyrir skattgreiðendur. Menn ætla að munurinn gæti verið á bilinu 300 til 500 milljónir króna,“ segir Ögmundur.

Jóhanna segir að sé ætlunin að fara þá leið verði að svara því hvar eigi að skera niður eða afla tekna á móti. Alls er um 2 milljarða króna framkvæmd að ræða.

„Það þýðir ekki að koma með inn á borðið tillögu um 2 milljarða útgjöld og skilja eftir á borði ríkisstjórnarinnar. Menn verða að segja hvar á að skera niður og hvar á að skattleggja í staðinn. Við búum við mikinn fjárlagahalla og höfum þurft að skera niður í velferðarkerfinu. Við munum þurfa að sýna mikið aðhald áfram í fjármálum,“ segir Jóhanna, en kostnaður við framkvæmdina mundi leggjast á þetta ár og næsta.

Ögmundur segir hins vegar ekki þörf á niðurskurði eða skattahækkunum. Hann vill að tekið sé lán fyrir framkvæmdinni og samið um frest á afborgunum. „Það er nákvæmlega það sama og mundi gerast ef einkaaðili tæki málið að sér. Hann mundi ekki greiða af sínum lánum fyrr en ríkið hæfi greiðslu á leigu.“ Eðlilegast sé að hefja framkvæmdina og fá fjárheimild á næsta ári.

Ögmundur segir að á endanum muni ríkissjóður borga hverja einustu krónu sem fer til verksins, hver sem umgjörðin verður. Því hljóti menn að horfa til þess að það geti munað frá 300 milljónum upp í hálfan milljarð á leiðunum. „Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn var mjög áfjáður í að hafa ríkisbókhaldið í jafnvægi, en ef menn ætla út í þessa framkvæmd kemur þetta á einn stað niður fyrir raunverulegar greiðslur úr ríkissjóði.

Jóhanna og Ögmundur eru sammála um að framkvæmdin sé brýn og að enginn ágreiningur sé um það innan ríkisstjórnarinnar.

Jóhanna segir vel koma til greina að forsætisráðherra þurfi að höggva á hnútinn til að leysa málið.

kolbeinn@frettabladid.is

jss@frettabladid.is



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

## Starfsfólk langþreytt á ástandinu

„Staðan í fangelsunum eins og hún er nú veldur því að við veigrum okkur oft við að gefa út handtökubeiðnir,“ segir Erlendur S. Baldursson afbrotafræðingur hjá Fangelsismálastofnun.



**ERLENDUR S. BALDURSSON**

Alls bíða 310 eftir að hefja afplánun, þar á meðal eru dæmdir nauðgarar og ofbeldismenn, en ekki er pláss fyrir þá í fangelsum landsins.

„Þegar þetta er svona þröngt og oft yfirfullt, og tvímennt í mörgum klefum, gefur auga leið að við getum ekki gefið út handtökubeiðnir til lögreglu. Í það heila tekið er afar erfitt að vinna við þessar aðstæður og starfsfólk orðið svo langþreytt á þessu ástandi að það er þyngra en tárum taki.“

Ástæður, aðrar en plássleysi, eru fyrir því að sumir hinna dæmdu hafa ekki hafið afplánun. Einhverjir hafa sótt um náðun og hefja ekki afplánun fyrr en búið er að hafna beiðninni. Aðrir geta beðið um frest á afplánun, sem Fangelsismálastofnun er heimilt að veita. Til þess úrræðis hefur verið gripið í æ ríkari mæli gagnvart brotamönnum sem ekki eru taldir hættulegir umhverfi sínu, vegna plássleysis í fangelsum. Enn aðrir eru í framsali eftir að hafa farið af landi brott og þó nokkrir með handtökubeiðni á sér.

Helga E. Jónsdóttir leikkona lenti í hjólreiðaslysi á stað sem hún varar við:

# Varhugavert horn í miðbænum

**ÖRYGGISMÁL** Horn Hávallagötu og göngustígs þar er afar varhugavert, segir Helga E. Jónsdóttir leikkona en hún lenti í hjólreiðaslysi á þeim stað í þarsíðustu viku. Hún handleggs- og rifbeinsbrotnaði þá í árekstri við annan hjólreiðamann.

„Þetta er svo þröngt hérna og í raun sér maður ekki þann sem kemur fyrir hornið fyrr en hann skellur í fangið á manni,“ segir hún. Það var nokkurn veginn þannig sem hún mætti hjólreiðamanninum. „Þegar ég er að fara fyrir hornið birtist hann allt í einu og skellur á framhjólinu hjá mér svo ég dett á olnbogann,“ segir hún.

Hún mælist til þess að settar verði upp grindur við hornið þannig að þeir sem fari um það verði að hægja verulega á sér. „Þannig að einhver sem gleymir sér á hjólinu sínu aki ekki niður börn til dæmis sem hann gæti mætt á þessu varhugaverða horni,“ bætir hún við.



**Á HORNINU VARHUGAVERÐA** Leikkonan á slysstað með hendina í fatla. MYND/HARALDUR

Hún segir að hinn hjólreiðarmanninn hafi ekki sakað svo hún viti en hann hafi verið alveg miður sín vegna slyssins en þó hafi hann ekki áttað sig á þeim meiðslum sem hún hlaut í því. „Ég stóð nefnilega strax upp og hélt að allt væri í besta lagi, fór jafnvel að spjalla við ferðalanga sem áttu leið hjá um öryggismál. Svona eftir á að hyggja var það kannski full léttúðugt svona miðað við allt,“ segir hún og hlær við. - jse

Hlerunarhneyksli í Bretlandi:

# Cameron vill fjölmiðlanefnd

**BRETLAND, AP** David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, segir nauðsynlegt að stofna nýja óháða fjölmiðlanefnd. Nefndin eigi að fylgjast með því hvort fjölmiðlar fari eftir siðaog fagreglum.



**DAVID CAMERON**

Ummæli Cameron koma í kjölfar þess að fyrrverandi fjölmiðlafulltrúi hans, Andy Coulson, var handtekinn í gær. Coulson var áður ritstjóri æsifréttablaðsins News of the World en komið hefur í ljós að blaðamenn þess stunduðu að brjótast inn í farsíma fólks í von um að fá efnivið í fréttir.

Cameron hefur verið sakaður um dómgreindarleysi fyrir að ráða Coulson til sín. - gb


TAX FREE
SNYRTIVÖRU DAGAR
FRÍHAFNARDAGAR
Dagana 7.- 10. júlí
afnemum við virðisaukaskatt
af öllum snyrtivörum.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari
sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.
Tilboðin gilda út sunnudaginn 10. júlí 2011.
24 Hagkaup
OPIÐ í sumar
ALLAN sólarhringinn
Akureyri & Eiðistorg
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað á bygging nýs skemmtigarðs í Smáralind að kosta?
2. Hvað heitir kynjafiskurinn sem skipverjar á Þór HF færðu Fiskikónginum í vikulokin?
3. Hvert er þema Menningarnætur í Reykjavík í ágúst?

**SVÖRIN**

1. Um fimmhundruð milljónir króna. 2. Hann heitir gulllax. 3. Gakktu í bæinn.

Jón Bjarki Magnússon blaðamaður þarf að greiða 1.250 þúsund úr eigin vasa og sér fram á gjaldþrot:

# Dæmdur fyrir ummæli um meint ofbeldi föður

**DÓMSMÁL** Jón Bjarki Magnússon, blaðamaður á DV, hefur verið dæmdur til að greiða manni hálfa milljón í miskabætur fyrir meiðyrði í umfjöllun um meint ofbeldi hans í garð barna sinna. Jóni Bjarka er einnig gert að greiða honum 750 þúsund krónur í málskostnað.

Í umfjöllun blaðsins var haft eftir nafngreindum konum í óbeinni ræðu að maðurinn hefði beitt börn sín ofbeldi. Konurnar sendu frá sér yfirlýsingu við upphaf meðferðar málsins þar sem þær staðfestu að rétt hefði verið eftir þeim haft.

Niðurstaða Kolbrúnar Sævarsdóttur héraðsdómara er sú að þetta skipti ekki máli, enda séu ummælin augljóslega ærumeiðandi og samkvæmt þágildandi prentlögum beri blaðamaður ábyrgð á þeim, jafnvel þótt aðrir kunni að gera það líka.

Lögmaður Jóns Bjarka benti á að í nýjum fjölmiðlalögum væri þessu háttað á annan veg, en dómarinn komst að því að þau lög væru ekki afturvirk.

„Þetta er mjög há upphæð sem ég sé ekki fram á að geta borgað,“ segir Jón Bjarki. Hann segist þurfa að bera kostnaðinn sjálfur og sjái því fram á gjaldþrot. Hann bendir á að frétt hans í blaðinu hafi verið framhald fréttar sem annar blaðamaður hafði skrifað á vef blaðsins daginn áður, þar sem sams konar ávirðingar birtust. Ekki hafi verið stefnt vegna hennar, enda hafi ábyrgð á netmiðlum verið í lausu lofti fram að setningu nýju fjölmiðlalaganna. „Það er eins og blekið hafi skipt öllu máli,“ segir Jón Bjarki. Hann hefur ekki ákveðið hvort dómnum verður áfrýjað. Þegar eru sambærileg mál, þar sem blaðamaður er dæmdur fyrir ummæli viðmælanda, á borði Mannréttindadómstóls Evrópu. - sh



**GETUR EKKI BORGAÐ** Jón Bjarki sér ekki fram á að geta greitt bæturnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


## Travel John ferðaklósett leysa málið



Fyrirferðalítil, létt, einföld og hreinleg í notkun. Tvöfaldur poki með efni sem gerir vökva að geli og eyðir lykt. Pokanum er lokað eftir noktun, einfaldara verður það varla. Pokana má nota í venjuleg ferðaklósett til að losna við að þrífa þau.

Travel John pokar fyrir þvag eða uppköst gelgera vökvann og eyða lykt. Verð 3 stk. í pakka kr. 960,- Klósettpokar 3 stk. í pakka kr. 990,- Travel John pokarnir fást í flestum **Lyfju** og **Lyf og heilsu apótekum.**

Klósettstóll kr. 4.900,-. Tilboð ásamt 4 pökkum af pokum kr. 7.500,- fæst hjá Donnu, Háahvammi 16, Hafnarfirði. Póstsendum. Donna sími **555 3100** donna@donna.is. Nánari upplýsingar www.donna.is

TravelJohn


# Sorpa reisir dýra gas- og jarðgerðarstöð

**Kostnaðurinn gæti orðið hátt á annan milljarð. Hún verður reist í áföngum og eiga einhverjir að vera tilbúnir eftir tvö ár. Breytt flokkunarkerfi er í bígerð.**

**UMHVERFISMÁL** Sorpa áformar að reisa gas- og jarðgerðarstöð á Álfsnesi en heildarkostnaður við hana gæti orðið vel á annan milljarð að sögn Bjarna Gnýs Hjarðar, yfirmanns þróunar- og tæknideildar Sorpu.

Oddný Sturludóttir, stjórnarformaður Sorpu, segir að stefnt sé að því að stöðin verði reist í áföngum og að vonir standi til þess að einhverjir þeirra verði tilbúnir í júlí 2013 en þá tekur gildi Evróputilskipun um að draga úr urðun á lífrænum úrgangi um helming frá því sem hún var árið 1995. Það ár var slík urðun um 60 þúsund tonn þannig að Sorpa stendur frammi fyrir því að geta ekki urðað 30 þúsund tonn og þar með geta ekki unnið úr því metangas.

„Ef þessi stöð verður ekki til staðar árið 2013 þá fer sá möguleiki til spillis að geta unnið gas úr þessum 30 þúsund tonnum en við gætum hins vegar nýtt hann til jarðgerðar,“ segir Bjarni Gnýr. Hann segir þó hug Sorpumanna standa til þess að geta unnið sem mest af metangasi en eftirspurnin eftir því fer hríðvaxandi. Gas- og jarðgerðarstöðin myndi einnig gera Sorpu kleift að nýta úrganginn betur. Til dæmis fer sigvatn til spillis nú um leið og það rennur úr haugnum en í nýrri stöð væri hægt að nýta það einnig til gasvinnslu.

„Sveitarfélögin sem standa að Sorpu hafa ekki tekið endanleg ákvörðun um það hversu hratt verður farið í þessa framkvæmd,“ segir Oddný. „Við settum af stað mikla úttekt og greiningu á stöðu byggðarsamlaganna og þeim verkefnum sem fyrir liggja hjá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og við erum að rýna í niðurstöðurnar núna en það liggur ljóst fyrir að öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru tilbúin að koma þessari gas- og jarðgerðarstöð á koppinn í áföngum.“

Oddný segir að fleiri breytingar standi til í sorpumálum hjá íbúum höfuðborgarsvæðisins sem lúti að frekari flokkun sorps. „Þetta verður gert með það fyrir augum að koma verðmætu hráefni, sem ruslið er, til frekari vinnslu,“ segir hún.

„Þetta er frábært tækifæri til umhverfisuppeldis í nærumhverfinu þannig að fólki verði ljóst að við eigum ekki að kasta frá okkur rusli heldur losa okkur við það á ábyrgan hátt. Krakkarnir eru núorðið með þetta á hreinu en nú þurfum við fullorðna fólkið að fara að taka við okkur,“ segir Oddný. jse@frettabladid.is



**GASHREINSISTÖÐIN Á ÁLFSNESI** Mikil áhersla hefur verið lögð í að framleiða sem mest gas á Álfsnesi en án nýrrar gas- og jarðgerðarstöðvar yrði Sorpu ekki kleift að vinna gas úr 30 þúsund tonnum af sorpi eftir 2013. MYND/VALLI


## Bodrum í Tyrklandi

16. júlí

Frá **137.600** kr. með „öllu inniföldu“ í 10 daga

Frábær tilboð á Royal Palm Beach ***+ og Hotel Royal Asarlik Beach *****



**Glæsileg gisting!**

Heimsferðir bjóða frábært sértilboð til hins einstaka áfangastaðar Bodrum í Tyrklandi á ótrúlegum kjörum. Um er að ræða 10 nátta ferð í beinu leiguflugi með Icelandair.

Frá kr. **137.600** - með "öllu inniföldu" í 10 daga
Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi með öllu inniföldu á Royal Palm Beach ***+ í 10 nætur. Verð m.v. gistingu í tvíbýli 159.900.

**Ath.** Verð getur hækkað án fyrirvara. Mjög takmarkaður fjöldi flugsæta og herbergja í boði.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

## KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir



## Smellugas

olís
Vinur við veginn

## HEIMSENDING
á höfuðborgarsvæðinu
alla daga frá kl. 15–19




Hafðu samband í síma
**515 1115**
eða á smellugas.is

smellugas.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 111712




# Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • **mánud.–föstud. 10–18** • **laugard. 10–16**
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • **mánud.–föstud. 8–18** • **laugard. 10–16** • **ellingsen.is**

# STANGVEIÐI-
# DAGAR





PIPAR\TBWA • SÍA • 111722

**FRÉTTASKÝRING: Öðrum áfanga rammaáætlunar lokið**

# Umdeild rammaáætlun að fæðast

**Niðurstöður 2. áfanga rammaáætlunar voru afhentar iðnaðarráðherra á miðvikudag. Þar er að finna lista yfir virkjanakosti og verndarsvæði ásamt greiningu á aðferðafræði nefndarinnar. Áætlunin hefur verið nokkuð umdeild og umhverfissinnar óttast stórsókn virkjanasinna. Ekki er sátt um málið á milli ríkisstjórnarflokkanna.**

Vinna við rammaáætlun hófst á vettvangi náttúruverndarráðs. Þá var hugmyndafræðin sú að lista upp þau svæði sem ekki mætti hrófla við vegna náttúrugildis þeirra. Vinnan færðist síðar til iðnaðarráðuneytisins og nú hefur 2. áfanga verið skilað. Þar er að finna lista yfir þá virkjanakosti sem verkefnisstjórnin metur hæfa og einnig hvaða svæði beri að vernda.



GUÐMUNDUR PÁLL ÓLAFSSON

Styr hefur staðið um áætlunina um langt skeið og má segja að í honum kristallist þau tvö viðhorf sem löngum hafa einkennt viðhorf Íslendinga gagnvart náttúrunni; verndunar- og nýtingarsjónarmið. Stjórnarflokkana hefur greint á um málið og vilji til verndunar er mun ríkari hjá Vinstrihreyfingunni – grænu framboði en Samfylkingunni.

**66 virkjanakostir**

Torfajökulssvæðið og Kerlingar-

## Virkjunarkostir og vernduð svæði

**2. áfangi rammaáætlunar**

*Úr skýrslu verkefnastjórnar um rammaáætlun*




**Vatnsaflskostir**
1. Hvítá í Borgarfirði
2. Glámuvirkjun
3. Skúfnavatnavirkjun
4. Hvalá, Ófeigsfirði
5. Blönduveita
6. Skatastaðavirkjun B
7. Skatastaðavirkjun C
8. Villinganesvirkjun
9. Fljótshnúksvirkjun
10. Hrafnabjargavirkjun A
11. Eyjadalsárvirkjun
12. Arnardalsvirkjun
13. Helmingsvirkjun
14. Djúpá
15. Hverfisfljót
16. Skaftárveita með miðlun í Langasjó
17. Skaftárveita án miðlunar í Langasjó
18. Skaftárvirkjun / Búlandsvirkjun
19. Hólmsárvirkjun – án miðlunar
20. Hólmsárvirkjun – miðlunar í Hólmsárlóni
21. Hólmsárvirkjun neðri
22. Markarfljótsvirkjun A
23. Markarfljótsvirkjun B
24. Tungnaárlón
25. Bjallavirkjun
26. Skrokkölduvirkjun
27. Norðlingaölduveita
28. Búðarhálsvirkjun
29. Hvammsvirkjun
30. Holtavirkjun
31. Urriðafossvirkjun
32. Gígjarfossvirkjun
33. Bláfellsvirkjun
34. Búðartunguvirkjun
35. Hauksholtsvirkjun
36. Vörðufell
37. Hestvatnsvirkjun
38. Selfossvirkjun
39. Hagavatnsvirkjun

**Jarðhitakostir**
61. Reykjanes
62. Stóra Sandvík
63. Eldvörp (Svartsengi)
64. Sandfell
65. Trölladyngja
66. Sveifluháls
67. Austurengjar
68. Brennisteinsfjöll
69. Meitillinn
70. Gráuhnúkar
71. Hverahlíð
72. Hellisheiði
73. Innstidalur
74. Bitra
75. Þverárdalur (Ölfusvatnslendur)
76. Ölfusdalur
77. Grændalur
78. Geysir
79. Hverabotn
80. Neðri-Hveradalir
81. Kisubotnar
82. Þverfell
83. Hveravellir
84. Blautakvísl
85. Vestur-Reykjadalir
86. Austur-Reykjadalir
87. Ljósártungur
88. Jökultungur
89. Kaldaklof
90. Landmannalaugar
91. Hágönguvirkjun
92. Vonarskarð
93. Kverkfjöll
94. Askja
95. Hrúthálsar
96. Fremninámar
97. Bjarnarflag
98. Krafla I – stækkun
99. Krafla II
100. Gjástykki
101. Þeistareykir


# Betri þjónusta í Vörðunni

**Varðan er vildarþjónusta** fyrir viðskiptavini Landsbankans.

Markmið þjónustunnar er að veita yfirsýn yfir fjármálin, persónulega þjónustu og fríðindi fyrir heildarviðskipti.



fjöll trjóna á toppi verndunarlista verkefnastjórnarinnar. Þau svæði eru talin búa yfir mestum náttúruverðmætum allra virkjunarkosta sem tekin var afstaða til. Alls komu 84 virkjanakostir á landinu til mats hjá verkefnisstjórninni en suma faghópa hennar skorti forsendur til að meta nokkra kostina og því hefur 66 kostum nú verið raðað, annars vegar með tilliti til verndargildis og hins vegar nýtingarsjónarmiða.

Alls er um 28 kosti í vatnsafli að ræða og 38 í jarðvarma. Þær virkjunarhugmyndir sem út af standa fara væntanlega í biðflokk samanber lög um verndar- og orkunýtingaráætlun og koma því til mats síðar.

> Þetta eru fyrirtæki og stofnanir sem eru með ákaflega úreltar og forneskjulegar hugmyndir um náttúruauðævi.
>
> GUÐMUNDUR PÁLL ÓLAFSSON
> LÍFFRÆÐINGUR

Þeir virkjanakostir sem þykja álitlegastir eru Hellisheiðin, en þar verður nýr áfangi gangsettur í haust, Blönduveita, þar sem framkvæmdir eru þegar hafnar, og Reykjanesið, en sótt hefur verið um virkjanaleyfi fyrir það svæði.

### Aðferðafræði gagnrýnd

Rammaáætlunin átti að skapa sátt um virkjanir til framtíðar, í eitt skipti fyrir öll yrði til listi yfir svæði sem mætti nýta og þau sem yrðu vernduð. Ljóst er hins vegar á viðbrögðum við skýrslunni að engin sátt er um hana.

Guðmundur Páll Ólafsson líffræðingur er einn þeirra sem harðlega hafa gagnrýnt vinnubrögðin við gerð rammaáætlunar. Hann óttast að áætlunin marki uppskrift að stórsókn orkufyrirtækjanna.

„Mín gagnrýni er helst á þeim forsendum að virkjanakostir eru alltaf í fyrirrúmi, ekki það að vernda íslenska náttúru og íslensk náttúruauðævi fyrir hamagangi nútímans og varðveita fyrir komandi kynslóðir. Það er miklu mikilvægara en að virkja einhvers staðar.“

Guðmundur gagnrýnir iðnaðarráðuneytið og ýmsar stofnanir, svo sem Orkustofnun, fyrir það hvernig staðið var að gerð áætlunarinnar. Landsvirkjun hafi frjálsar hendur til að virkja svæði og eyðileggja. „Þetta eru fyrirtæki og stofnanir sem eru með ákaflega úreltar og forneskjulegar hugmyndir um náttúruauðævi,“ segir Guðmundur. Hann segir valtað yfir verndarþáttinn í rammaáætluninni og þá sem hafi faglega þekkingu á að meta land. Inni á milli hafi fúskarar fengið að komast að vinnunni.

Guðmundur telur að rétt hefði verið að taka frá þau svæði sem vernda á áður en farið var að huga að virkjunarkostum.

### Næstu skref

Listanum er ætlað að verða grunnur að endanlegri flokkun svæðanna og verður hann notaður til að undirbúa nýja þingsályktunartillögu um hvernig nýta skuli og vernda virkjanakosti á Íslandi. Sú tillaga fer í opið umsagnarferli.

Ljóst er hins vegar að björninn er fráleitt unninn þó listinn sé tilbúinn. Vinstri græn leggja mikið upp úr náttúruvernd og innan þeirra raða er ekki mikil hamingja með listann. Það mun því kosta samningaviðræður á milli stjórnarflokkanna að ná saman um þá tillögu sem verður ekki einfalt verk samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is




# VIÐ UNDIRBÚUM FLUTNING

**ÝMSAR VÖRUR SEM VERÐA EKKI Á NÝJA STAÐNUM VERÐA SELDAR MEÐ MIKLUM AFSLÆTTI Á MIÐHRAUNI 2. SELJUM EINNIG NOTAÐAR VÖRUR, ÚTLITSGALLAÐAR VÖRUR OG TÆKI Á FRÁBÆRU VERÐI!**



Dýraríkið Miðhrauni
**20%**
afsláttur af snyrtingu í júlí

HAFNARFJÖRÐUR
IKEA
DÝRARÍKIÐ
REYKJAVÍK

**DÝRARÍKIÐ**
...fyrir dýravini!

Dýraríkið Miðhrauni 2 (við brúna á móti IKEA) Opið 12-18 Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins Sími 568 66 68





JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## Kostir þess að vera í Vörðunni

Landsbankinn vinnur stöðugt að því að styrkja tengslin við viðskiptavini sína. Varðan gegnir þar lykilhlutverki.

### Þinn eigin tengiliður

Öllum Vörðufélögum stendur til boða persónulegur tengiliður í sínu útibúi sem tryggir gott og skilvirkt samband.

### Vörðuráðgjöf

Saman setjum við upp stöðumat til að meta heildarstöðu fjármála heimilisins og setjum fjárhagsleg markmið sem hægt er að endurskoða árlega. Þannig færð þú ***góða yfirsýn*** yfir alla þá þætti sem mynda grunninn að fjármálum heimilisins.




Í Vörðuráðgjöfinni eru kynntar hagstæðar leiðir til að greiða niður lán.

### Fríðindasöfnun

Vörðufélagar safna fríðindum fyrir virk viðskipti og valda þjónustuþætti. Þú getur valið hvort þú færð fríðindi í formi Aukakróna Landsbankans, Vildarpunkta VISA og Icelandair eða ferðaávísunar MasterCard.

### Betri kjör

Í Vörðunni nýtur þú hagstæðari kjara í bankanum, lántökugjöld eru lægri og við kaup í ákveðnum sjóðum borgar þú lægri þóknun. Félagar hafa rýmri yfirdráttarheimild og árgjald gulldebetkorts er fellt niður. Sem heildstæð þjónusta fyrir fjármál heimilisins felur Varðan einnig í sér betri kjör á tryggingum hjá Verði og sérstök tilboð frá samstarfsaðilum til félaga.

**Kynntu þér** Vörðuna eða pantaðu Vörðuráðgjöf á landsbankinn.is, í næsta útibúi eða í síma 410 4000.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

Óbærilegt ástand í fangelsismálum:

# Ekki tefja nýtt fangelsi

Ófremdarástandið í fangelsismálum er að verða óbærilegt. Öll fangelsi landsins eru yfirfull og yfir 300 manns á boðunarlista Fangelsismálastofnunar, þ.e. búnir að fá fangelsisdóm en komast ekki í afplánun.

Einar Andrésson, formaður Fangavarðafélags Íslands, lýsti því í Fréttablaðinu í gær að til að reyna að ganga á biðlistann hefði verið gripið til þess ráðs að sleppa brotamönnum sem frekar væru til friðs úti í samfélaginu fyrr úr afplánun og láta þá til dæmis gegna samfélagsþjónustu. Þetta hefði hins vegar í för með sér að í fangelsunum væri nú enn harðsvíraðri hópur glæpamanna, þar á meðal meðlimir glæpagengja sem stundum lenti saman og sprautufíklar sem létu einskis ófreistað að smygla fíkniefnum inn í fangelsin.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Einar segir fangaverði oft lenda í lífshættulegum aðstæðum. Hann kallar eftir því að byggingu nýs fangelsis verði hraðað og segir að það muni meðal annars gera kleift að aðskilja glæpaklíkur, frelsa aðra fanga undan áreitni þeirra og hótunum, flokka fólk niður eftir aðstæðum, afeitra fíkniefnaneytendur og koma þeim þannig á beina braut.

Ástandið í fangelsismálum gengur gegn margvíslegum grundvallarreglum réttarríkisins. Brotamenn ganga lausir mánuðum og jafnvel árum saman eftir að þeir hafa fengið dóm, sem er brot á réttindum fórnarlamba þeirra og í ósamræmi við réttlætiskennd almennings. Í Fréttablaðinu í dag kemur fram að meðal manna sem hafa fengið dóm en ekki hafið afplánun eru margir ofbeldismenn, þar á meðal nauðgarar og barnaníðingar.

Skortur á fangaklefum þýðir að fangar eru vistaðir við heilsuspillandi aðstæður, sem er sömuleiðis mannréttindabrot og fer í bága við alþjóðasamninga sem Ísland hefur staðfest. Hin langa bið eftir afplánun þýðir að fótunum kann skyndilega að verða kippt undan mönnum sem hafa snúið af braut afbrota þegar loksins losnar handa þeim pláss í fangelsi. Nábýli harðsvíraðra glæpamanna og þeirra sem raunverulega vilja nýta fangelsisvistina til að mennta sig eða bæta, þýðir að þeir síðarnefndu eiga minni möguleika en ella. Loks er ástandið í fangelsunum ógn við öryggi og heilsu starfsmannanna, eins og ummæli Einars Andréssonar vitna um.

Eins og fram kemur í Fréttablaðinu í gær og dag virðist deila innan ríkisstjórnarinnar um hvort ríkið eða einkaaðilar eigi að reisa nýtt fangelsi á Hólmsheiði standa í vegi fyrir ákvörðun um að hefja framkvæmdir.

Vega þarf og meta bæði kostnaðinn við hvora leið um sig og hvor er líklegri til að koma fangelsinu í gagnið fyrr. Hafa þarf í huga að kostnaðurinn við núverandi ófremdarástand er líka talsverður og talsvert til vinnandi að ráða bót á því sem fyrst.

Vonandi verður andstaða innan Vinstri grænna við allt sem heitir „einka-“ ekki til að tefja ákvörðun um þessa bráðnauðsynlegu framkvæmd lengur en orðið er.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

# Öfugsnúin staða

Sennilega hefur engin ríkisstjórn önnur en sú sem nú situr lagt úr vör með jafn sterkan meðbyr. Nú er hún heillum horfin. Fáir meðhaldsmenn verja hana. Takmarkaður stuðningur þeirra sem næst standa forystumönnum stjórnarflokkanna byggist ekki á skírskotun til árangurs heldur þeirri afsökun að ekki sé kostur á öðru.

Það öfugsnúna við þessa stöðu er að nokkuð er til í afsökuninni fyrir þrásetu stjórnarinnar. Vandséð er að unnt sé að mynda annars konar stjórn á þessu kjörtímabili. Yfirgnæfandi líkur eru hins vegar á falli ríkisstjórnarinnar í kosningum. Eigi að síður er sennilegast að hún sitji áfram eftir þær með liðstyrk framsóknarmanna. Það myndi engu breyta um eðli stjórnarinnar því að Framsóknarflokkurinn hefur fyrst og fremst átt málefnasamleið með vinstri væng VG og Hreyfingunni upp á síðkastið.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Fátt getur breytt því að Sjálfstæðisflokkurinn fari langt með að ná fyrri stöðu í næstu kosningum hvort sem þær verða fyrr eða síðar. Það væri mikill sigur þó að hann megi að einhverju leyti rekja til óvinsælda stjórnarinnar. Að því leyti stendur forysta flokksins vel að vígi.

Þjóðin þarf frjálslyndari stjórnarstefnu með markvissari sýn á hagvöxt og alþjóðasamvinnu. Nauðsynleg breyting á stjórnarstefnu er hins vegar nánast óhugsandi án aðkomu Sjálfstæðisflokksins. Gallinn á gjöf Njarðar er sá að þeirri pólitísku þoku ætlar ekki að létta sem seig yfir með málefnakreppunni sem gjaldmiðils- og bankahrunið leiddi af sér.

## Engin útgönguleið í augsýn

Þau verkefni sem við blasa eru þess eðlis að nánast engar líkur eru á árangri nema þeir flokkar sem nálgast miðju stjórnmálanna frá hægri og vinstri taki höndum saman og finni málefnalegar lausnir. Þetta eru Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin. Við ríkjandi aðstæður er samstarf þeirra hins vegar óhugsandi. Ekki verður séð að kosningar breyti neinu þar um. Ástæðurnar fyrir þessu eru margar.

Hafa verður í huga að núverandi forysta Samfylkingarinnar hefur fært flokkinn það langt til vinstri að hann getur ekki að öllu óbreyttu átt samstarf í átt að miðjunni. Hugmyndafræðileg gerjun gegn þessari lokuðu stöðu er að byrja innan Samfylkingarinnar. Engin merki eru þó um að hún opnist fyrir kosningar.

Í því ljósi á Sjálfstæðisflokkurinn tveggja kosta völ í fylgisleit. Annar er sá að höfða til hægri vængs Samfylkingarinnar. Hinn er að keppa við Framsóknarflokkinn um Evrópusambandsóánægjufylgi frá VG. Seinni kosturinn virðist hafa orðið ofan á.

Það eru einkum tvær ástæður sem liggja til þess að Sjálfstæðisflokkurinn stefnir ekki við svo búið í samstarf við Samfylkinguna. Eitt er að veruleg tortryggni ríkir enn vegna stjórnarslitanna 2009. Annað er að þingmenn flokksins geta varla skilið skilaboð Morgunblaðsins á annan veg en að frá þeirri bæjarhellu yrði betur séð að flokkurinn stefndi að samstarfi við vinstri væng VG. Hætt er hins vegar við að draga myndi úr fylgisaukningunni ef slík áform yrðu opinber fyrir kosningar.

Samstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks er ólíklegt eins og sakir standa. Óvíst er að þeir nái saman þingmeirihluta. Núverandi þingmenn Framsóknarflokksins telja sig aukheldur vera eins og brennt barn eftir fyrra samstarf flokkanna. Slíka stjórn myndi líka skorta æskileg tengsl við verkalýðshreyfinguna.

## Pólitíska kreppan framlengd

Við svo búið eru því verulegar líkur á umtalsverðum kosningasigri Sjálfstæðisflokksins án þess að það opni sjálfkrafa leið að ríkisstjórnarsamstarfi. Þetta þýðir að fólkið í landinu á væntanlega ekki kost á hófsamri frjálslyndri stjórn. Efnahagslega afleiðingin er áframhaldandi stöðnun eða mun hægari endurreisn en vera þyrfti út næsta kjörtímabil.

Hvenær svo sem næsta kjörtímabil hefst eru því meiri líkur en minni á að núverandi stjórnarsamstarf haldi áfram með stuðningi framsóknarmanna. Hugsanlega gætu orðið breytingar á forystu ríkisstjórnarinnar. Formaður VG hefur í reynd leitt samstarfið til þessa. Í því ljósi væri formleg forysta hans rökrétt. Framsóknarflokkurinn er ekki líklegur til að setja málefnaleg skilyrði sem þýðingu hafa en hann gæti gert kröfu um forsætið.

Gangi mál þannig fram yrðu skoðanir verulegs hluta hefðbundinna frjálslyndra kjósenda Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar án málsvara við ríkisstjórnarborðið og kjósendur Sjálfstæðisflokksins áhrifalausir með öllu. Þetta þýðir einfaldlega að sú málefnalega pólitíska kreppa sem heft hefur endurreisnina í meir en tvö ár framlengist yfir á næsta kjörtímabil. Enginn flokkur sýnist hafa hug á að brjóta þessa stöðu upp.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Að breyta doða í dug

Samgöngumál

Vilmundur Jósefsson
formaður Samtaka atvinnulífsins

Undanfarin þrjú ár hefur fjárfesting á Íslandi dregist verulega saman og náði hún sögulegu lágmarki á síðasta ári. Undanfarna tvo áratugi hefur þetta hlutfall numið 20% af landsframleiðslu en var tæplega 13% árið 2010. Ekki eru horfur á því að þetta hlutfall hækki markvert á þessu ári.

**Blása þarf lífi í efnahaginn**

Á síðustu árum hefur störfum fækkað verulega. Þegar umfang í bygginga- og mannvirkjagerð var sem mest störfuðu 18 þúsund manns í greininni en nú stefnir í að þar starfi einungis 4-6 þúsund manns. Fyrirtækjum hefur fækkað og þau farið minnkandi. Fátt bendir til að óbreyttu að þróunin sé að snúast við þannig að atvinnulausum fækki. Lítil og minnkandi fjárfesting er meginástæða þess að lítið sem ekkert er farið að horfa til betri vegar í efnahagslífi landsins. Það er ekki að ástæðulausu að litið er til fjárfestinga þegar ræddar eru leiðir til að blása lífi í efnahagslífið.

Fjárfesting er í eðli sínu ekkert annað en að fé er lagt til hliðar í formi sparnaðar og því ætlað að skapa aukna framleiðslugetu í framtíðinni og þar með aukna verðmætasköpun og betri lífskjör til lengri tíma litið. Ótal rannsóknir sýna skýrt samband milli fjárfestinga og sparnaðar annars vegar og hagvaxtar hins vegar.

**Fögur fyrirheit sumarið 2009**

Það ríkti bjartsýni meðal þeirra sem skrifuðu undir stöðugleikasáttmálann fyrir tveimur árum um markmið og leiðir að endurreisn efnahagslífsins. Einn mikilvægur þáttur sáttmálans var að ríkisstjórnin myndi greiða götu þegar ákveðinna stórframkvæmda, vinna skipulega í samráði við atvinnulífið að úrvinnslu áforma um aðrar stórframkvæmdir og að ganga til samstarfs við lífeyrissjóði um að þeir fjármögnuðu stórar verklegar framkvæmdir m.a. til að flýta fyrir arðbærum samgönguframkvæmdum.

Þáverandi samgönguráðherra lagði fram á Alþingi frumvarp sem heimilaði ráðherra að stofna opinbert hlutafélag sem hafi þann tilgang að standa að vegalagningu umhverfis höfuðborgarsvæðið, auk Vaðlaheiðarganga, og taka gjald af umferð um viðkomandi vegi. Lögin voru samþykkt samhljóða á Alþingi 28. júní 2010 og í framhaldinu hófst undirbúningur að stofnun félaganna og viðræður við lífeyrissjóði um fjármögnun þeirra. Þeim viðræðum var slitið í desember 2010 vegna ósamkomulags um vaxtakjör þótt lítið bæri á milli.

**Áform áréttuð vorið 2011**

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí sl. í tengslum við gerð kjarasamninga var vilji stjórnvalda áréttaður. Þar segir m.a.: „Áfram verður unnið að útfærslu tillagna um vegaframkvæmdir á Suðvesturlandi og fjármögnun þeirra og er mikilvægt að samstaða náist um þau áform. Hér er um tugmilljarða framkvæmdir að ræða sem dreifast á nokkur ár, en fyrstu áfangar eru tilbúnir til útboðs. Stjórnvöld munu skipa starfshóp með fulltrúum SA, ASÍ, fjármálaráðuneyti og innanríkisráðuneyti er reyni til þrautar að finna útfærslur sem gera mögulegt að ráðast í umfangsmiklar samgönguframkvæmdir á Suðvesturlandi og eftir atvikum víðar, fjármagnaðar með sérstökum hætti. Niðurstaða verði fengin í þá vinnu fyrir lok maí.“

Þegar svo virðist sem að ekkert sé að vanbúnaði til að ganga frá stofnun félaganna, semja við lífeyrissjóði um fjármögnun og hefjast handa, þá kemur ráðherra samgöngumála og telur framgangi málsins allt til foráttu. Þrátt fyrir yfirlýsingar hagsmunaaðila um eindreginn vilja til að þetta þjóðþrifaverkefni geti orðið að veruleika þá situr ráðherrann við sinn keip og verkefnið er stopp.

Það er sannarlega tímabært að hefja umræðu og stefnumótun um framtíðargjaldtöku af umferð. Rafræn innheimta notenda- eða notkunargjalda í gegnum gervihnött er sú framtíðarsýn sem við blasir. Eitt gjald kæmi í stað annarra gjalda, eins og olíugjalda og bensíngjalda. Tæknin er til staðar og innan Evrópusambandsins er t.d. umræða um að innleiða slíka gjaldtöku á þungaumferð, þannig að tekjur af þungaflutningum renni til einstakra landa í samræmi við notkun á vegum í hverju landi. Ísland hefur alla burði til að vera í fararbroddi þessarar þróunar sem m.a. myndi gefa fyrirtækjum í nýsköpun verðug verkefni til úrlausnar.

**Innviðir verði styrktir**

Það er ekki einsdæmi að stjórnvöld ákveði að grípa til sérstaks átaks í styrkingu innviða eins og vegalífið skreppur saman og störfum fækkar. Þannig háttaði til þegar kreppti að í upphafi 10. áratugar síðustu aldar. Auk þess að skapa ný störf og efla hagvöxt snúast framkvæmda þegar efnahagssamgönguframkvæmdir um aukið öryggi á vegum. Nægir að nefna stórfellda fækkun alvarlegra slysa á Reykjanesbraut við tvöföldun hennar. Samkvæmt mati Sjóvár hf. árið 2006 var árlegur heildarkostnaður vegna slysa og óhappa á Suðurlandsvegi til Selfoss um 1 milljarður króna. Þar af var kostnaður tryggingafélaga og tjónvalda um 600 m.kr. og samfélagsins um 400 m.kr.

Því verður ekki trúað að ríkisstjórnin ætli ekki að standa við nýlega yfirlýsingu sína um sérstakt átak í vegamálum líkt og unnið hefur verið að undanfarin tvö ár. Þau úrlausnarefni sem greiða þarf úr svo unnt sé að hefjast handa eru smávægileg í samanburði við þá þjóðarhagsmuni sem þetta átak svo sannarlega felur í sér. Í umræðunni undanfarna daga hefur enginn utan ráðherrans mælt gegn framkvæmdinni.

Það væri sæmd fyrir ráðherra samgöngumála að snúa við blaði sínu, horfa á það jákvæða í málinu og hafa forgöngu um að hnýta lausa enda svo unnt verði að hefja framkvæmdir á næstu mánuðum. Það yrði öðrum hvatning til að ganga í hans fótspor, auka fjárfestingu og fjölga störfum, sem þjóðin þarfnast meira en flest annað. Með því má breyta doða í dug.






3JA MANNA TJALD
**5.995**




FRÁBÆRT VERÐ!

**MERKUR tjald**
Gott 3ja manna tjald.
Þéttur botn og sterkar stangir.
Stærð: 210 x 210 x 130 sm.
Þéttleiki: 800 mm/cm².
Þyngd: 3,75 kg.

**Plastklossar**
Flottir plastklossar með PHYLON sóla. Fást í nokkrum stærðum.
Litir: Svartir, bláir og fjólubláir.



1 PAR
**995**

HÁFUR
**199**



**Fiðrilda-háfur / Sílaháfur**
Góður fiðrildaháfur / sílaháfur. Fæst í nokkrum fallegum litum.
Lengd: 110 sm.

ALLT SETTIÐ
**595**



**Vatnsblöðrur**
Flott sett með mörgum vatnsblöðrum ásamt 2 stútum. Frábært verð!



DELUXE SKJÓLTJALD
**9.995**

**DELUXE skjóltjald**
Sterkt og gott skjóltjald með 3 vængjum og gluggum. Hælar og stangir fylgja með.
Stærð: 4,0 x 1,4 m.

FRÁBÆRT VERÐ!

Hitaþol svefnpokans
Þægindamörk +16/+26°C
Lágmarkshiti +5°C



TARTU SVEFNPOKI
**1.695**

**TARTU svefnpoki**
Svefnpoki á frábæru verði! Stærð: 220 x 74 sm. Þyngd: 840 gr. Má þvo í vél. Poki fylgir.

**Flugnaspaði fyrir rafhlöðu**
Vertu laus við flugurnar í sumar-fríinu!



FLUGNASPAÐI FYRIR RAFHLÖÐU
**399**




10 PÖR
**1.695**

**Tennissokkar 10 pör**
10 pör í pakka á frábæru tilboði! Fást í hvítu, gráu og svörtu. Stærðir: 27-45.

# MINNUM Á ÚTSÖLUNA!

# 20-65%

## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM OG SESSUM!













# AÐEINS ÓDÝRARI!

TILVALIÐ Í ÚTILEGUNA!



**Flísponcho með hettu**
Flott flísponcho með hettu.
Margir fallegir litir fáanlegir.
Barnastærðir: **1.495,-**
Fullorðinsstærðir: **1.995,-**

BARNASTÆRÐ **1.495**



BÍLSESSA **1.995**

**Bílsessa**
Góð bílsessa fáanleg í nokkrum litum.
Fyrir 15 - 36 kg.



**BRESCIA sólbekkur**
Flottur og nýtískulegur sólbekkur út stáli og sterkum striga. Flott á pallinn í sumar!
Stærð: B62 x L195 x H30 sm.

SPARIÐ **2.000**

VERÐ ÁÐUR: 8.990 **6.990**

Ath. tilboðið gildir 09.07-10.07.



ÞYRLA + 2 SPAÐAR **499**

**Þyrla + 2 spaðar**
Skemmtileg þyrla á fínu verði!



SÁPUKÚLUR **95**

**Sápukúlur**
Frábært verð!



SÓLTJALD **5.995**

**NOLA sóltjald**
Gott sólhýsi með opnum hliðum. Hægt er að kaupa stakar hliðar og renna þeim saman við NOLA sólhýsið.
Stærð: B3 x L3 metrar. Aukahlið með glugga **1.290,-**






**Fótboltamark**
Skemmtilegt fótboltamark. Hægt að snúa á tvo vegu. Frábært fyrir sumarið!

FÓTBOLTAMARK **7.995**



SPARIÐ **6.990**



TRAMPÓLÍN + ÖRYGGISNET **36.990**

**Trampólín**
Flott og gott trampólín í garðinn eða á pallinn.
Stærð: H70 sm. Ø: 305 sm. Trampólín **26.990,-**
Öryggisnet **16.990,-** Trampólín + öryggisnet **36.990,-**
Aukahlíf stærð: Ø 305 sm. **4.995,-** Stigi **3.495,-**



FLÍSPEYSA **1.995**

**Flíspeysur**
Góðar flíspeysur á frábæru verði!
Nokkrir mismunandi litir og stærðir fáanlegar.



SKÓR Á FRÁBÆRU VERÐI **595**

**GORDES skór**
Fínir skór fyrir sumarið!
Stærðir: 36-41.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# Álver eru engin skyndilausn

Áliðnaður

Þorsteinn Víglundsson
framkvæmdastjóri Samáls – Samtaka álframleiðenda á Íslandi



Í þriðju grein minni um vægi áliðnaðar á Íslandi fjalla ég um langtímaáhrif iðnaðarins hér á landi.

Því hefur gjarnan verið haldið fram að með uppbyggingu í orkutengdum iðnaði sé verið að leita skyndilausna sem á endanum skilji lítið eftir sig. Stóriðjan sé einhvers konar höfuðverkjartafla sem við grípum til þegar samdráttar verður vart í hagkerfinu. Réttara sé að beina kröftum í uppbygginguna „einhvers annars“ sem skilji eftir sig varanlega verðmætaaukningu. En stenst þessi fullyrðing?

Heildarfjárfesting við byggingu Kárahnjúka og álvers Fjarðaáls var um 266 milljarðar króna á árunum 2004-2008. Innlendur hluti þessarar fjárfestingar er talinn hafa numið 82 milljörðum króna eða innan við þriðjungi heildarfjárfestingarinnar. Þetta samsvarar að jafnaði 16 milljörðum króna á ári. Til þess að setja þetta í samhengi er hér um að ræða lítillega lægri fjárhæð en rann að jafnaði til viðhalds og uppbyggingar á vegakerfi landsmanna á sama tímabili.

Vægi uppbyggingarfasa stóriðjunnar er því ekki nærri eins mikið og af er látið. Þegar öllu er á botninn hvolft er nánast hjákátlegt að kenna þessari framkvæmd um ofhitnun íslensks efnahagslífs á þessu tímabili. Þessar tölur mega sín lítils í samanburði við útlánaaukningu bankakerfisins, hækkun á markaðsvirði íbúðarhúsnæðis landsmanna og svo mætti áfram telja.

> Þegar öllu er á botninn hvolft er nánast hjákátlegt að kenna þessari framkvæmd um ofhitnun íslensks efnahagslífs á þessu tímabili.

### Innlend rekstrarútgjöld Fjarðaáls margfalt meiri en fjárfestingarkostnaður

En hvað er það sem uppbygging stóriðju skilur eftir sig? Ef við skoðum rekstur Fjarðaáls á árunum 2008-2010 má sjá að innlend rekstrarútgjöld álversins á þessu tímabili námu 90 milljörðum króna. Á þessum þremur árum varði fyrirtækið því hærri fjárhæð í rafmagnskaup, launagreiðslur og kaup á vörum og þjónustu en varið var í innlenda efnisþætti byggingaframkvæmda álversins og virkjunar á fimm ára byggingartíma.

Ætla má að innlendur rekstrarkostnaður Fjarðaáls verði um 1.200 milljarðar króna að núvirði á gildistíma raforkusamnings fyrirtækisins, eða sem samsvarar fimmtánföldum fjárfestingarkostnaði hér innanlands vegna verkefnisins. Svipuð mynd blasir við þegar horft er til virðisauka af áliðnaði í heild sinni, en útgjöld áliðnaðar hér á landi á síðasta ári námu alls 80 milljörðum króna.

Raunar má til fróðleiks nefna að athugun á verðmætasköpun í kanadískum áliðnaði leiddi í ljós að eitt 300 þúsund tonna álver skapar ámóta mikinn virðisauka á hverju 10 ára tímabili og stofnun 750 lítilla og meðalstórra fyrirtækja hefði gert á sama tíma. Meðallíftími álvera í Kanada er í dag 50 ár.

Uppbygging áliðnaðar er því fráleitt skyndilausn. Þvert á móti er þetta uppbygging iðnaðar sem skilur eftir sig umtalsverðan virðisauka á ári hverju og mun halda áfram að gera það næstu áratugina.

# Rökræðulýðræði mikilvægara en beint lýðræði

Lýðræði

Björn Einarsson
læknir og heimspekinemi



Beint lýðræði og rökræðulýðræði eru tvennt ólíkt. Beint lýðræði felur í sér að borgararnir taka pólitískar ákvarðanir án samráðs við stjórnmálamennina og á það við um setningu stjórnarskrár, afsal fullveldis, þjóðaratkvæðagreiðslur og að koma valdhöfum frá þegar þeir hafa misst traust fólksins. Rökræðulýðræði er lýðræðisleg aðferð til að auka þátttöku borgaranna við lagasetningar innan ramma fulltrúalýðræðisins. Í því felst að hin ólíku sjónarmið almennings eru lögð til grundvallar þegar pólitískar ákvarðanir eru teknar og stjórnvöld eru skyldug til að réttlæta allar ákvarðanir sínar með því að færa rök fyrir þeim sem almenningur skilur.

### Lýðræðið í dag

Nútíma frjálslynt lýðræði byggist á fulltrúalýðræði, þar sem stjórnmálamenn eru fulltrúar borgaranna, þar sem þeim er ætlað að setja sig inn í flóknari pólitísk málefni, leita sér sérfræðingsálita, safna sjónarmiðum hagsmunaaðila og taka síðan pólitískar ákvarðanir með hagsmuni almennings að leiðarljósi.

En lýðræðið er takmarkað. Flokksræðið er sterkt og leiðir til kappræðu frekar en málefnalegrar umræðu. Ólýðræðislegt vald sérfræðinga, hagsmunaaðila, fjármálaveldisins og skoðanamyndandi fjölmiðlaveldis eru aðalógnir lýðræðisins. Vægi hins lýðræðislega kjörna Alþingis hefur minnkað, stjórnarhættir eru ofan frá og niður, ógegnsæi er í pólitískum málefnum ríkisins og oftar er tekið meira mið af hagsmunaaðilum en almenningi. Gjá er milli stjórnmálamanna og fólksins. Þetta má glögglega sjá ef skoðaðar eru þær aðferðir sem notaðar eru til þess að taka pólitískar ákvarðanir.

Meirihlutaræði, þar sem einfaldur meirihluti ræður, ekki þarf að semja til að koma málum í gegn, né taka tillit til skoðana minnihlutans og oft er valtað yfir hann. Flokksforysturæðið er sterkt, venjulegir stjórnmálamenn hafa lítið hlutverk, sérfræðingaveldi ræður öllu í raun og borgararnir búa við kjörklefalýðræði þar sem þeir hafa í raun ekkert að segja nema í kjörklefanum á fjögurra ára fresti.

„Samningar um hagsmuni“ er dæmigert fyrir tveggja flokka samsteypustjórnir hérlendis, sem felur í sér helmingaskipti á völdum. Pólitísk vandamál eru séð sem hagsmunadeilur sem hægt er að semja um. Stjórnmálin þykja frekar opin og almennir stjórnmálamenn hafa stórt hlutverk í baktjaldamakki og hrossakaupum. Sérfræðingarnir veita lögfræðilega og hagsmunatengda ráðgjöf. Þátttaka almennings truflar samningsmöguleika og andstæðum sjónarmiðum er því breytt í hagsmunatengsl og hafnað.

> Ólýðræðislegt vald sérfræðinga, hagsmunaaðila, fjármálaveldisins og skoðana myndandi fjölmiðlaveldis eru aðalógnir lýðræðisins.

„Samkomulag um gildi“ breytir pólitískum vandamálum í deilur um gildi þegar ekki er hægt að semja um hagsmuni. Deilt er um frelsi eða jafnrétti, sjálfstæði eða samvinnu þjóða, virkjanir eða umhverfisvernd o.s.frv. Flokksforingjarnir komast að málamiðlunum frekar en að komast að endanlegum niðurstöðum, að vera sammála um að vera ósammála með óljósa von um hægt verði að semja um þau í framtíðinni. Stjórnmálin eru frekar yfirborðskennd og hlutverk almennra stjórnmálamanna er að taka þátt í pólitísku þrasi, en sérfræðingarnir eru háspekilegir um gildin. Þátttaka borgaranna er ekki vel séð þar sem hún raskar viðkvæmum málamiðlunum. Þeim sem vilja taka þátt er breytt í valdalitla stjórnmálamenn eða einhvers konar sérfræðinga um gildi til að koma þeim úr raunverulegum vandamálalausnum.

### Rökræðulýðræði

Rökræðulýðræðinu er ætlað að auka þátttöku borgaranna og almennra stjórnmálamanna og styrkja þannig Alþingi og fulltrúalýðræðið. Grundvöllur lagasetninga á ekki að vera eingöngu álit sérfræðinga og hagsmunaaðila.

Formlegir borgarafundir á vegum Alþingis eiga að vera hluti af löggjafarvaldinu þar sem stjórnmálamenn kynna álitamálin og eiga í samræðum við borgarana. Þá láta borgararnir reyna á skoðanir sínar og síðan þarf skipulega að safna sjónarmiðum þeirra til að leggja til í þann grunn sem pólitískar ákvarðanir Alþingis byggjast á. Gegnsæi í pólitískri stjórnsýslu er megin skilyrði fyrir því að almenningur geti myndað sér skoðun á þeim á sömu forsendum og stjórnmálamenn. Rökræðan þarf að vera á heilindum og á jafnréttisgrundvelli. Mikilvægi ólíkra skoðana felst í því að þær eru hvati að frekari umræðum sem leiða til betri skilnings og geta leitt til nýrra lausna.

Réttlæting pólitískra ákvarðana felur í sér að stjórnvöld verða að skýra með rökum hvers vegna þau tóku einhverja ákvörðun frekar en einhverja aðra og svara gagnrýni borgaranna.

Með þessu móti fæst sátt um pólitískar ákvarðanir og lagasetningar og þegjandi samkomulag um að virða þær. Ekki vegna þess að maður sé sammála þeim, heldur vegna þess að þær hafa fengið réttláta málsmeðferð og öll sjónarmið hafa fengið að komast að. Pólitískar ákvarðanir njóta þá friðhelgi, en auðvitað er hægt að endurskoða þær síðar ef forsendurnar hafa breyst.

Rökræðulýðræðið er tímafrekara og dýrara, en réttlátara, skynsamlegra og virkara.

ÁHRIF HITASTJÓRNUNAR Á ÞRÓUN HEILA SJÁVARSPENDÝRA

*Thermogenesis in Cetacean Brain Evolution*

Dr. Paul Manger fjallar um rannsóknir sínar á formgerð heila sjávarspendýra **mánudaginn 11. júlí kl. 16:00–17:00.**

Niðurstöður rannsókna dr. Manger styðja nýstárlega kenningu þess efnis að stærð heila sjávarspendýra skapist af hitastjórnunarhlutverki hans, en ekki æðra hugarstarfi eins og talið hefur verið.

Fyrirlesturinn, sem fram fer á ensku, verður haldinn í Háskólanum í Reykjavík, Betelgás (V.1.02).

Dr. Paul Manger er prófessor í líffærafræði við Witswatersrand háskóla í Jóhannesarborg. Að loknu doktorsprófi í taugavísindum starfaði dr. Manger við rannsóknir í samanburðarlíffærafræði við UCLA háskóla og UC Irivine háskóla. Áður en hann tók við núverandi stöðu árið 2002 var hann gistivísindamaður við Karolinska Institutet og fékkst þar við sjónkerfisrannsóknir. Dr. Manger hefur nú helgað sig alfarið samanburðarlíffærafræði og er hér á landi í þeim tilgangi að safna heilum úr hrefnum. Dr. Manger hefur birt um 115 fræðigreinar og er leiðandi fræðimaður á sínu sviði.

ALLIR VELKOMNIR!

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

www.hr.is

# Akademísk aðskilnaðarstefna

Menntamál

Kristinn Már Ársælsson
BA í heimspeki, Diploma í kennslufræði og MA í félagsfræði



Staða félags- og hugvísinda innan Háskóla Íslands er ekki góð. Raunar er staðan að mörgu leyti svo slæm að furðu sætir. Í meistararannsókn minni á valddreifingu og formgerð hins akademíska vettvangs kom m.a. annars í ljós að félags- og hugvísindamenn upplifa sig sem undirmálshóp innan akademíunnar. Hugvísindamönnum þótti sem þeir væru undir óeðlilegum kröfum raunvísindamanna um að stunda vísindi á ensku. Það er að stunda vísindi á forsendum raunvísindanna. Félagsvísindamönnum þótti sem þeir væru ekki metnir að verðleikum sem vísindamenn og sumir lýstu ástandinu jafnvel sem „akademískri aðskilnaðarstefnu milli félagsvísinda og raunvísinda.

Ástæða þess að félags- og hugvísindamenn upplifa stöðu sína gagnvart raun- og læknavísindum sem óréttláta byggir á ójafnri stöðu greinanna innan skólans. Hlutfall nemenda á fastráðna kennara er einn þeirra mælikvarða sem notaðir eru til að meta gæði háskóla víða um heim. Mælikvarðinn metur hversu mikið ráðrúm hver kennari hefur fyrir nemendur sína og sömuleiðis í rannsóknir. Vísindamaður sem ber ábyrgð á 9 nemendum getur betur sinnt þeim og sínum eigin rannsóknum en sá sem ber ábyrgð á rúmlega 40 nemendum. Þeir skólar sem stæra sig af góðum gæðum hvað þetta hlutfall varðar eru með 10 nemendur eða færri á hvern fastráðinn kennara. Meðaltalshlutfallið fyrir HÍ er nú rúmlega tvisvar sinnum það, eða 23 nemendur á hvern kennara. Hlutfallið var 14 nemendur á kennara árið 1994 og hefur snarversnað síðan þá.

Meðaltalið segir hins vegar ekki alla söguna því talsverður breytileiki er milli vísindagreina innan HÍ hvað þetta varðar eins og sjá má á línuritinu. Nemendum á kennara hefur fjölgað í hugvísindum en þó sérstaklega félagsvísindum frá árinu 1994 á sama tíma og hlutfallið hefur staðið í stað í raun- og læknavísindum. Á þessu tímabili fjölgaði nemendum en þó í samræmi við væntingar sé litið til hlutfallslegrar fjölgunar í gegnum söguna og þróunar í öðrum löndum. Þessari aukningu nemenda var augljóslega ekki mætt með fjármagni til þess að viðhalda þeim gæðum sem voru árið 1994 og félags- og hugvísindi tóku á sig fall í gæðum til að þeim mætti viðhalda í raun- og læknavísindum. Nemendur á kennara í félagsvísindum eru nú yfir 50 en hafa haldist í kringum 10 í raun- og læknavísindum.

Stundum er því haldið fram af raunvísindafólki að kennsla í félags- og hugvísindum byggist á öðrum forsendum en í þeirra eigin greinum. Það vill þannig til að þekking á kennslu og þekkingarmiðlun er mest innan félagsvísinda, nánar tiltekið kennslufræða, og samkvæmt þeim eru forsendur góðrar kennslu áþekkar milli greina. Og þetta vita allir góðir kennarar og vísindamenn. Vísindin læra menn með því að framkvæma vísindi í frjóu og metnaðarfullu akademísku umhverfi og síðast en ekki síst með því að eiga í samræðu við aðra vísindamenn. Verklegir tímar eru nauðsynlegir í öllum vísindagreinum. Ástæðan fyrir því að félags- og hugvísindi fá ekki nema brot af því fjármagni sem rennur til raun- og læknavísinda er sú að þau njóta ekki réttmætrar virðingar, þau hafa ekki sama akademíska vald og raun- og læknavísindin.

Félags- og hugvísindi eru ekki annars flokks og þessa mismunun þarf að leiðrétta án tafar. Réttast væri að greidd væri sama fjárhæð til kennslu með öllum háskólanemum en sérstaklega fyrir tækjabúnað. Tryggja þarf öllum nemendum samsvarandi gæði kennslu. Rektor Háskóla Íslands og menntamálaráðherra bera ábyrgð á því að tryggja hug- og félagsvísindum ásættanlegar aðstæður til jafns við aðrar vísindagreinar.

Ótrúlegt tilboð !

# SJÓÐHEITUR SÓLAR sprettur í sólarhring!

## Spretturinn hefst á mánudaginn kl. 12:00!

**Vertu í viðbragðsstöðu því við ræsum af stað sjóðheitan sólarsprett á tvo æsispennandi áfangastaði á hlægilegu verði! Tilboðið gildir til Almería 15. & 22. júlí og Tenerife 21. & 28. júlí!**

**Sólarspretturinn hefst mánudaginn 11. júlí kl. 12:00 og þú hefur aðeins 24 klukkustundir til að bóka ferðina þína á þessu einstaka tilboði - fyrstir koma fyrstir fá!**

PLÚSFERÐIR ENN MEIRI PLÚS! www.plusferdir.is

Sjá einnig önnur frábær verðdæmi á plusferdir.is!

ALLT INNIFALIÐ!

## Almería

Hotel Trinidad ★★★

15.júlí - vika

Verð á mann frá:

**99.125 kr.***

á mann m.v. 2 fulloðrna og 2 börn í Superior herbergi.
Brottför: 15. júlí eða 22. júlí.

ALLT INNIFALIÐ!

## Tenerife

Tropical Playa ★★★

21.júlí - vika

Verð á mann frá:

**109.900**

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíóíbúð.
Brottför: 21. júlí.



15 ára

plús FERÐIR

www.plusferdir.is

**PLÚSFERÐIR** - Sími 535 2100 - info@plusferdir.is

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

* Verð miðast við að bókað sé á netinu.

# Mamma henti mér út

**Kolbeinn Sigþórsson gaf jafnöldrum sínum eiginhandaráritanir þegar hann var tíu ára gamall. *Kolbeinn Tumi Daðason* settist niður með nafna sínum, nýjustu stórstjörnu íslenskrar knattspyrnu, en líf hans hefur snúist um fótbolta frá því hann man eftir sér.**



**HEFUR SKORAÐ ÓFÁ MÖRKIN** Kolbeinn segir bestu minningar sínar úr yngri flokkum vera af Shell-mótunum fyrir 6. flokk í Vestmannaeyjum og skyldi engan undra. Hann varð þrívegis markakóngur mótsins, fyrst þegar hann var enn gjaldgengur í 7. flokk. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Auðvitað var maður alltaf úti í fótbolta hvort sem það var inni eða úti. Ég braut allt heima og mamma var farin að henda mér út. Það voru mörk á grasblettinum fyrir utan og ég lék mér í fótbolta hvern einasta dag,“ segir Kolbeinn, sem nýverið skrifaði undir fjögurra ára samning hjá hinu sögufræga knattspyrnufélagi Ajax í Amsterdam.

Það kom snemma í ljós að Kolbeinn, sem er fæddur árið 1990, hafði einstaka knattspyrnuhæfileika og var sérstaklega duglegur við markaskorun. Hann raðaði inn mörkunum á Pollamótinu í 6. flokki í Vestmannaeyjum og 5. flokki á Akureyri og nafn hans var á vörum allra sem fylgdust með mótunum. Kolbeinn, sem segist eiga frábærar minningar frá þessum tíma, á ekki langt að sækja markheppnina. Andri bróðir hans, og nú umboðsmaður, var mikill markaskorari. Slæm hnémeiðsli gerðu það að verkum að Andri náði ekki eins langt og reiknað hafði verið með og hann lagði skóna á hilluna fyrir aldur fram.

„Þegar ég var ungur talaði fólk um að ég væri barnastjarna. Fólk vissi hver ég var. Þegar við vorum að spila öskruðu foreldrar mikið á mig inn á völlinn hvort sem okkur gekk vel eða ekki. Það kom fyrir að jafnaldrar mínir báðu mig um eiginhandaráritanir þegar ég var um tíu ára gamall. Auðvitað er skrýtið að fá svona athygli þegar maður er ungur en ég hef þurft að lifa við hana allan fótboltaferil minn,“ segir Kolbeinn.

### Erlend lið fylgjast með Kolbeini

Kolbeinn spilaði með Víkingum í Fossvogi allt þar til hann náði 16 ára aldri, þegar hann færði sig vestar í Fossvogsdalinn til HK. Sumarið 2006 steig hann sín fyrstu skref með meistaraflokki félagsins þrátt fyrir að vera enn gjaldgengur í 3. flokk.

Um veturinn stóð Kolbeinn sig vel með drengjalandsliði Íslands og skoraði meðal annars fjögur mörk í sigri á Rússum. Frammistaða hans vakti athygli erlendis og svo fór að hann samdi við hollenska félagið AZ Alkmaar árið 2007.

Þjálfari AZ Alkmaar hinn þrautreyndi Louis van Gaal tók hinn sautján ára Kolbein strax inn í aðalliðið.

„Van Gaal var aðalástæðan fyrir því að ég fór til Alkmaar. Hann ræddi við mig persónulega og sýndi mér mikinn áhuga. Svo voru Aron [Einar Gunnarsson] og Grétar [Rafn Steinsson] þarna líka. Hollenska deildin hefur líka alltaf verið góð stöð fyrir unga leikmenn svo ég taldi mig vera að taka góða ákvörðun. En maður getur alltaf meiðst,“ segir Kolbeinn.

### Hundleiðinleg endurhæfing

Raunin varð sú að hann glímdi við erfið meiðsli í tvö ár, var í stöðugri endurhæfingu og fékk aldrei að sparka í bolta, sem hann segir hafa verið hundleiðinlegt og erfitt.

„Ég talaði mikið við Andra, sem hjálpaði mér mikið enda þekkti hann þessa stöðu af eigin raun. Hann fór ungur út til Bayern München og meiddist fljótlega. Það var svipað með mig. Andri minnti mig reglulega á að þetta væru ekki sömu meiðsli og fóru svo illa með hann og það gaf mér trú á að ég gæti snúið aftur. Auðvitað hugsaði maður stundum hvort maður þyrfti að hætta vegna meiðsla. Það er erfitt fyrir ungan leikmann sem er nýkominn út í atvinnumennsku. Ég vonast til þess að vera búinn að taka út þennan pakka,“ segir Kolbeinn.

Eftir langa baráttu við meiðslin fór Kolbeinn að láta til sín taka með AZ Alkmaar á síðasta tímabili. Framan af var hann fyrst og fremst varamaður en nafnið Sigþórsson fór sem eldur í sinu um alla Evrópu eftir 6-1 sigurleik liðsins í deildarleik gegn Venlo. Kolbeinn skoraði fimm mörk í leiknum og vann sér fast sæti í liðinu.

„Þetta var á þeim tímapunkti sem ég var að fá tækifæri í byrjunarliðinu. Maðurinn sem var á undan mér í röðinni í framherjastöðuna var búinn að vera meiddur í tvo leiki. Ég hafði byrjað leikina en ekki tekist að skora. Þjálfarinn kallaði mig á fund einni og hálfri klukkustund fyrir leikinn. Hann sagði mér hreint út að ég yrði að skora til að halda sæti mínu í byrjunarliðinu því hinn leikmaðurinn væri að koma úr meiðslum. Það setti aukna pressu á mig og gaf mér auka kraft. Stíflan brast með þessum fimm mörkum og það hjálpaði mér mjög mikið,“ segir Kolbeinn.

### Verið undir pressu frá unga aldri

Frábær frammistaða Kolbeins með félagsliði sínu og U21 landsliði Íslands vakti athygli stóru liðanna og svo fór að Ajax klófesti markahrókinn eftirsótta. Kolbeini var úthlutað treyju númer níu, sem margir af bestu leikmönnum knattspyrnusögunnar hafa borið í gegnum árin.

„Ég vonaðist eftir því að fá níuna en bað ekki um hana. Þeir vildu að ég fengi hana. Þeir hafa mikla trú á mér og ég er keyptur til þess að gera góða hluti og skora mörk. Ég er tilbúinn í það og ætla mér að gera það,“ segir Kolbeinn.

Hann segir Ajax vera stórt félag sem hafi alið af sér góða leikmenn. Vel sé fylgst með leikmönnum sem standa sig hjá félaginu. Þetta geti því verið stór stökkpallur fyrir hann standi hann sig vel.

Kolbeinn segir knattspyrnustjórann Frank de Boer hafa tjáð sér að hann væri hans fyrsti kostur í framlínu hollenska meistaranna sem spila í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu á næstu leiktíð. Hann segir pressuna á sér vitaskuld mikla en hann sé þó vanur henni.

„Það er auðvitað meira undir núna, en það hefur svo sem alltaf verið pressa á mér síðan ég var ungur leikmaður. Ég fann alltaf fyrir því að ég þyrfti að sýna hvað ég gæti því allir bjuggust við miklu af mér. Bróðir minn var góður leikmaður og ég vildi verða jafngóður ef ekki betri. Ég setti sjálfur á mig pressu til að ná því.“

### Slapp við unglingavinnuna

Kolbeinn segist alltaf hafa stefnt á frama í knattspyrnu og aldrei átt neitt varaplan í bakhöndinni.

„Ég hef aldrei hugsað um neitt annað en að fara í fótboltann. Ég hef lagt mikið á mig til þess að komast þangað sem ég er núna. Sem betur fer gekk það því ég veit ekki hvar ég væri ef ég væri ekki í fótbolta.“

Kolbeinn segist hvorki hafa verið góður skólastrákur né efni í skrifstofumann. „Ég var ekki ofarlega á einkunnalistanum. Það er ekki gott að segja frá því en ég var frekar latur að læra heima og lesa bækurnar. Það var ekki mín deild. Ég vildi frekar vera úti og sparka í tuðru en að lesa bækur. Þetta var það sem ég vildi í lífinu, að spila fótbolta.“

Kolbeinn fór ekki í unglingavinnuna á sumrin líkt og flestir jafnaldrar hans. Hann varði tíma sínum í fótbolta þess í stað. „Ég fór frekar út í fótbolta en að vinna. Pabbi sagði við mig að ef ég vildi einbeita mér að fótboltanum myndi það kannski skila sér í auknum tækifærum. Það borgaði sig og ég sé ekki mikið eftir því. Reyndar vildi pabbi einu sinni fá mig í vinnu í bakaríið hjá sér að skúra gólf og setja í einhver form. Ég held ég hafi ekki þraukað tvo tíma,“ segir Kolbeinn og hlær.

Kolbeinn hefur búið einn í Hollandi undanfarin fjögur ár ef undan er skilið fyrsta hálfa árið. Þá dvaldi eldri systir hans, Sif, hjá honum, sem hann segir hafa hjálpað sér mikið.

„Hún kenndi mér öll verkin á heimilinu, sem hefur nýst mér vel. Maður kann núna að þrífa fötin sín, taka úr þvotta- og uppþvottavélinni. Hún fór yfir það með mér. Ég hefði reyndar mátt læra betur að elda ofan í sjálfan mig. Ég er latur að elda og fer eiginlega alltaf út að borða. Ég þarf að bæta mig á því sviði,“ segir Kolbeinn.

### Raunhæft að koma A-liðinu á stórmót

Það er skammt stórra högga á milli í fótboltanum. „Ef þú stendur þig vel lofa þig allir og ef þú stendur þig illa ertu rakkaður niður og talað illa um þig. Þetta er bara það sem fylgir fótboltanum. Menn í atvinnumennsku verða að læra að taka því,“ segir Kolbeinn.

Kolbeinn var í eldlínunni með U21 landsliði Íslands á Evrópumótinu í Danmörku fyrr í sumar. Íslenska þjóðin gerði miklar kröfur til landsliðsins og strákarnir settu pressu á sjálfa sig. Kolbeinn náði ekki að nýta tvö dauðafæri í fyrsta leiknum gegn Hvít-Rússum sem tapaðist.

„Það var mjög erfitt að sofna eftir leikinn. Ég fékk náttúrulega tvö dauðafæri í þessum leik og það var mjög svekkjandi að hafa ekki náð að skora. Hefði boltinn farið inn hefði leikurinn breyst og stemningin í liðinu verið allt öðruvísi. Okkur tókst ekki að rífa okkur upp fyrir leikinn gegn Sviss. Við vorum enn í sárum. Það var vendipunktur í keppninni að ná ekki að setja mörk á þá áður en þeir fengu víti og rauða spjaldið. En það er lærdómur fyrir sjálfan mig og allt liðið að hafa farið í gegnum svona mót. Nú vitum við hvernig það er að fara á stórmót og reynum að nýta þá reynslu í framtíðinni.“

Kolbeinn telur að íslenska þjóðin búist við því að kjarninn í U21 árs liðinu geti komið íslenska A-landsliðinu á stórmót í framtíðinni. Það sé einnig draumur leikmannanna sem hann telur raunhæfan. Auðvitað verði Íslendingar að trúa því að það sé mögulegt því sé trúin ekki til staðar þá gerist ekki neitt. „Ef allir leikmennirnir sem spiluðu á EM halda áfram að byggja sig upp og bæta sig sem leikmenn held ég að það sé raunhæft að komast upp úr riðli og komast á Evrópumót eða heimsmeistaramót. Það yrði algjör draumur.“

### FETAR Í FÓTSPOR VEL ÞEKKTRA LEIKMANNA

Vel þekktir leikmenn hafa leikið í treyju númer níu hjá Ajax rétt eins og Kolbeinn mun gera í vetur.



**Johan Cruijff 1964-1973, 1981-1983**
Þrefaldur Evrópumeistari með Ajax og þrisvar kjörinn knattspyrnumaður ársins í Evrópu. Skipti síðar yfir í treyju númer 14 sem hefur verið tekin úr umferð hjá Ajax honum til heiðurs.



**Marco van Basten 1982-1987**
Þrívegis kjörinn knattspyrnumaður ársins í Evrópu og einu sinni í heiminum. Evrópumeistari með Hollandi 1988 og tvisvar í sigurliði AC Milan í Evrópukeppni meistaraliða.



**Zlatan Ibrahimovic 2001-2004**
Í meistaraliði Ajax og Barcelona auk Mílanó liðanna AC og Inter. Fimm sinnum knattspyrnumaður ársins í Svíþjóð og tvisvar sinnum á Ítalíu. Næstdýrasti knattspyrnumaður allra tíma.



**Klaas-Jan Huntelaar 2005-2009**
Í sigurliði Hollands og markakóngur á EM U21 árið 2006. Tvívegis markakóngur í hollensku deildinni og hefur leikið með stórliðum á borð við AC Milan og Real Madrid.



**Kolbeinn Sigþórsson 2011-**



Costa del Sol
frá kr. 49.900*
*) Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum 19. júlí. Verð 30. júlí kr. 59.900.

19. júlí í 11 nætur
30. júlí í 10 nætur

frá kr. 99.900
– með hálfu fæði

Beint morgunflug
með Icelandair

# Costa del Sol

## 10 eða 11 nátta ferð - ótrúleg kjör!

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum í 11 nátta ferð til Costa del Sol 19. júlí og 10 nátta ferð 30. júlí. Í boði eru frábær sértilboð. Gríptu þetta einstæða tækifæri og skelltu þér í frábæra ferð til Costa del Sol og njóttu lífsins á hreint ótrúlegum kjörum. Athugið að verð getur breyst án fyrirvara.





### Hotel Balmoral **+

Frá kr. **99.900**

10 eða 11 nætur með hálfu fæði

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi með hálfu fæði í 11 nætur. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með hálfu fæði kr. 129.900. Sértilboð 19. júlí.

Aukalega í 10 nátta ferð 30. júlí kr. 10.000 á mann. Sértilboð 30. júlí. Aukagjald fyrir fullt fæði kr. 10.000 fyrir fullorðna og kr. 5.000 fyrir börn (gildir fyrir báðar ferðir).

### Hotel Griego Mar ***
### Hotel Roc Flamingo ***

Frá kr. **139.900**

10 eða 11 nætur með „öllu inniföldu"

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi með „öllu inniföldu" í 11 nætur. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með „öllu inniföldu" kr. 149.900. Sértilboð 19. júlí.

Aukalega í 10 nátta ferð 30. júlí kr. 15.000 á mann. Sértilboð 30. júlí.

**Takmarkaður sætafjöldi og gisting í boði!**
**Athugið að verð getur breyst án fyrirvara.**
Sjá nánar á www.heimsferdir.is.

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

ENNEMM / SÍA • NM46859 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



**EKKI LOFTHRÆDD** Þessi unga stúlka var lipur á leið sinni yfir.



**ÓFEIMIN VIÐ MYNDAVÉLINA** Sumarbúðir lamaðra og fatlaðra í Reykjadal eru ómissandi hluti af tilverunni hjá börnunum enda býður hver einasti dagur upp á ný ævintýri. Daglegar sundferðir, reiðtúrar, kvöldvökur og veiðiferðir er bara hluti af því sem börnin fá að gera á meðan á dvöl þeirra stendur.

# Líf og fjör í Reykjadal

Sumarbúðir lamaðra og fatlaðra í Reykjadal fengu Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins í vor. *Álfrún Pálsdóttir* og *Haraldur Guðjónsson* ljósmyndari fengu að kíkja við í Mosfellsdalinn og taka þátt í indíánaleik með hressum krökkum í Reykjadal.

Kemur mynd af okkur í blaðinu?“ Spyrjandi og eftirvæntingarfull andlit mæta blaðamanni og ljósmyndara þegar þau ganga inn í sumarlegan garðinn í Reykjadal. Þá má vart á milli sjá hverjir eru starfsmenn og hverjir gestir, því allir skarta heimatilbúnum indíánafjöðrum. Indíánaþema með pokahlaupi og indíanasöngvum er á dagskránni í dag.

„Þau eru búin að bíða síðan snemma í morgun og finnst voðalega spennandi að fá heimsókn,“ segir Sólveig Hlín Sigurðardóttir, forstöðumaður sumarbúðanna.

Pokahlaupið er byrjað og krakkarnir keppast við að hvetja hvert annað áfram að indíánasið. Með brosin að vopni stilla þau sér ófeimin upp við myndavélina og fullvissa okkur um að það sé alltaf líf og fjör í Reykjadal.




**NÓG AÐ GERA** Garðurinn í Reykjadal býður upp á ýmiss konar leiki.



**AF LÍFI OG SÁL** Sólveig Hlín Sigurðardóttir er forstöðukona Reykjadals, en hún er menntaður líffræðingur og byrjaði í Reykjadal sem sumarstarfsmaður með námi. „Það má segja að maður sé í þessu af lífi og sál. Gleðin og andinn hérna smitar út frá sér og ég get ekki hugsað mér sumar án Reykjadals.“ FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

## UM REYKJADAL

- Árið 1959 hóf Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra rekstur á sumarbúðum fyrir fötluð börn, en starfsemin hefur verið í Reykjadal í Mosfellssveit frá árinu 1963.
- Árið 1969 var starfræktur heimavistarskóli í Reykjadal sem mætti þörfum fatlaðra barna. Sex árum seinna var skólakerfið tilbúið að taka á móti börnum með sérþarfir og sumarbúðir tóku við af heimavistinni.
- Í dag hljóðar starfsemi Reykjadals upp á tveggja vikna sumarbúðir á sumrin og helgardvalarstað á veturna fyrir fötluð börn og ungmenni.
- Árlega dvelja í Reykjadal um 200 börn víðs vegar að af landinu.
- Sund og leikur í vatni hefur ávallt verið mikilvægur hluti starfsins í Reykjadal, en þar hefur verið sundlaug frá árinu 1965. Ný sundlaug var tekin í notkun árið 1994 en þá hafði staðið yfir söfnun frá árinu 1989.

**Heimild: www.slf.is**



**SÖNGSTUND** Einbeitingin var mikil inni í indíánatjaldinu, þar sem sungnir voru söngvar á borð við „Kalli litli kónguló“ og „Litli Óli í skógi“.



**HERDÍS SÓLBORG HARALDSDÓTTIR**

## Sérstakur andi meðal starfsfólks

„Ég man að eitt sumarið fór ég til Spánar og ég saknaði Reykjadals svo mikið að ég gerði mér sérstaka ferð hingað um leið og ég kom heim til að heilsa upp á krakkana,“ segir Herdís Sólborg Haraldsdóttir stjórnmálafræðingur, en þetta er fimmta sumarið sem hún vinnur við sumarbúðirnar í Reykjadal.

„Það er sérstakur andi sem myndast hérna meðal starfsfólksins. Við höfum öll mikinn metnað fyrir starfinu enda er ekki annað hægt. Þetta er bæði gaman og krefjandi og það vilja allir gera það besta fyrir börnin,“ segir Herdís og bætir við að það sé eiginlega merkilegt hvað lífið í Reykjadal gengur smurt fyrir sig, en starfsfólkið gistir í litlum sumarbústað við hliðina á aðalbyggingunni og eyðir því miklum tíma saman.

„Ég held að vandfundinn sé svona góður starfsandi eins og myndast hérna á milli okkar og öllum þykir mjög vænt um staðinn,“ segir Herdís. Hún á örugglega eftir að vera viðloðandi Reykjadal um ókomna tíð.

ILVA

einfaldlega betri kostur



# 30% AFSLÁTTUR

## AF ÖLLUM SUMARVÖRUM



## OG VIÐ MEINUM **ÖLLUM** SUMARVÖRUM




ILVA kaffi

**TILBOÐ**
Baguette m/salati
Verð 690,- **NÚ 390,-**



VISA Lán
- VAXTALAUST
Bjóðum uppá vaxtalaust lán til 6 mánaða

ILVA sendum um allt land

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík s: 522 4500
laugardaga 10-18 sunnudaga 12-18 mánudaga - föstudaga 11-18:30
www.ILVA.is

# Kosið um Evrópu



**Evrópuþingið er sú stofnun Evrópusambandsins sem mest hefur sótt í sig veðrið síðustu ár. Þar eru stærstu hóparnir oft sammála. Allir íslensku flokkarnir, nema Hreyfingin, eru í talsambandi við Evrópuflokka, en Samfylkingin ein á í formlegu samstarfi. *Klemens Ólafur Þrastarson* kynnti sér málið.**

Evrópuþingið er fordæmalaus tilraun til að skapa lýðræðislegt löggjafarvald utan um umsvifamikið milliríkjasamstarf, eða sjálfa alþjóðavæðinguna eins og hún birtist í Evrópusamstarfinu. Þing kjörinna fulltrúa án ríkis.

Þótt hvert aðildarríki Evrópusambandsins hafi þar ákveðinn fjölda þingmanna eiga þeir ekki að gæta hagsmuna eigin ríkis fyrst og fremst heldur ganga í pólitíska Evrópuþinghópa í samræmi við hugsjónir.

Hingað til hafa sérhagsmunir einstakra þjóða ekki mikil áhrif haft á afstöðu þingmanna en önnur einstök mál geta klofið stjórnmálahópa, sérstaklega vegna afstöðu til Evrópusamstarfsins almennt: meiri samruna eða minni. Þingið þykir þó í heildina afar samrunasinnað, langt umfram kjósendur sína.

Sígild vinstri-hægri aðgreining á við á Evrópuþinginu eins og víðar en Evrópumál eru þeirrar náttúru að passa ekki alltaf inn í hana. Sum stefnumál einkenna Evrópuþingið umfram önnur því það hefur lagt sérstaka rækt við umhverfismál og mannréttindi. En öll ákvarðanataka innan þingsins, og raunar ESB sem slíks, er afrakstur mikils karps og samningagerðar. Í takt við það, og þar sem engri ríkisstjórn þarf að steypa, greiða þrír stærstu stjórnmálahóparnir (EPP, S&D og ALDE) samhljóða atkvæði í 75 til 80 prósent tilvika. Samvinna þessi styrkir þingið sem sjálfstæða stofnun ESB.

### Ýmis hlutverk og margar tungur

Evrópuþingið fer með löggjafar- og fjárveitingarvald innan ESB ásamt ráðherraráðinu og að hluta til framkvæmdastjórninni. Það sinnir pólitísku eftirliti og stýringu gagnvart framkvæmdavaldinu. Það kýs forseta framkvæmdastjórnarinnar að undangengnum yfirheyrslum. Það hefur og sett framkvæmdastjóra af.

Starf þingsins felst að miklu leyti í nefndarstarfi og að ræða skýrslur úr nefndum. Almennar umræður og ályktanir taka sinn tíma og nokkur tími fer í samskipti við ráðherraráð og framkvæmdastjórn. Innan þingsins eru 20 fastanefndir en einnig tilfallandi rannsóknarnefndir.

Tæplega 6000 manns starfa hjá þinginu og stór hluti rekstrarkostnaðar þess felst í að túlka orð þingmannanna. Í ESB eru 23 opinber mál og hver þingmaður má ávarpa þingið á sinni tungu.

### Engin völd yfir ráðherrum

Það fer eftir eðli máls hverju sinni hversu mikil áhrif Evrópuþingið getur haft. Í sumum málum hefur það neitunarvald, í öðrum getur það í mesta lagi tafið mál og allt þar á milli. Þingið getur ekki átt frumkvæði að lagasetningu heldur þarf að biðja framkvæmdastjórnina um það. Í heildina er ljóst að þingið hefur töluverð áhrif á lagasetninguna, þótt það hafi engin völd yfir ráðherraráðinu og leiðtogaráðinu.

Ýmsar gamlar hefðir, svo sem að láta ekki duga að þinga á einum stað heldur eyða peningum í að halda úti starfsemi í borgum þriggja aðildarríkja, í Brussel, Lúxemborg og Strassborg, varpa skugga á störf Evrópuþingsins.

Þá þykja þingfundirnir heldur dauflegir og eru oft illa sóttir. Ekki hefur heldur fegrað ásýnd þingsins að þingmenn þar hafa gerst sekir um spillingu, svo sem að ráða ættingja sína til starfa. Þá má nefna að Evrópuþingmenn þykja ekki í miklum tengslum við almenning.



**ÉG MÓTMÆLI!** Dæmigerður Evrópuþingmaður hefur reynslu af stjórnmálum, er fyrrverandi ráðherra eða forseti. Hann gæti einnig verið að hefja ferilinn. Bændahöfðingjar og verkalýðsforingjar hafa komist á Evrópuþingið, sem og nokkrir fyrrverandi háttsettir embættismenn ESB. Einnig má nefna að frægðarmenni reyna að komast til Brussel.

## Aukið mikilvægi þings, minni áhugi almennings

Evrópuþingið var upphaflega valdalaus en ráðgefandi stofnun – kölluð samkunda frekar en þing. Þingmennirnir voru valdir úr hópi þingmanna aðildarríkjanna og sátu því á tveimur þingum í senn. Þjóðþingin voru iðulega ofar á dagskrá þessara þingmanna en samkoman í Brussel.

Árið 1979 var fyrst kosið beint til Evrópuþingsins og breytti það eðli þess. Allar götur síðan hefur Evrópuþingið sótt í sig veðrið. Nú eru þingmennirnir þar í fullu starfi. Völd þingsins hafa aukist við hverja sáttmálabreytingu aðildarríkjanna og nú er svo komið að það er orðið ein mikilvægasta stofnun ESB.

Mikilvægi hennar helgast ekki síst af því að fulltrúar hennar, þingmennirnir, eru kosnir beinni kosningu af borgurum aðildarríkjanna til að sitja þar. Í öðrum stofnunum er hinn frægi lýðræðishalli ESB því meiri: þar er lengri vegur frá atkvæði kjósanda til ákvarðanatökunnar.

Þannig séð er Evrópuþingið sú stofnun sem getur helst löggilt Evrópusamrunann, sér í lagi í augum almennings. Það er orðið að einu mikilvægasta löggjafarþingi heims og ákvarðanir þess hafa áhrif víðar en á Evrópska efnahagssvæðinu.




**GEGN RITSKOÐUN** Evrópuþingmenn mótmæla hér fjölmiðlalögum Viktors Orban, forsætisráðherra Ungverjalands, þegar hann ávarpaði þingið í janúar.

Við kosningar til þingsins er ekkert sameiginlegt kosningakerfi notað í aðildarríkjunum og þær fara ekki endilega fram á sama degi í þeim. Illa hefur gengið að skapa stemningu fyrir kosningunum og Evrópumálin verið í bakgrunni. Fólk er gjarnan kosið á þingið eftir því sem er í gangi í innanríkisstjórnmálum. Til dæmis fá flokkar stjórnarandstöðu góða kosningu því kjósendur vilja refsa sitjandi ríkisstjórn.

Ein ástæða því að áhugi á Evrópuþingkosningum mælist lítill er sú að það er engin Evrópuríkisstjórn, sem þingið veitir meirihlutastuðning eða ekki. Það þykir því ekki jafn mikið í húfi fyrir kjósendur og í t.d. þjóðþingskosningum. Kosningaþátttaka hefur minnkað úr 62% árið 1979 og í 43% árið 2009. Þó fer þetta eftir löndum. Í smæsta ríkinu, Möltu, kjósa t.d. 80%.

## Sumir fá fleiri þingmenn en aðrir

Á Evrópuþinginu eiga frá og með árinu 2014 að sitja ekki fleiri en 750 þingmenn til fimm ára í senn og einn forseti þingsins að auki. Fastneglt er að aðildarríki skulu minnst hafa sex þingmenn en það fjölmennasta (Þýskaland) hefur 96. Ísland hefði sex þingmenn, eins og fjögur önnur ríki.

Þetta eru sumsé 751 þingmaður fyrir 500 milljón íbúa 27 aðildarríkja. Er það mikið eða lítið? Í New Hampshire-ríki í Bandaríkjunum eru 400 þingmenn í umboði 1,3 milljóna íbúa. Á Alþingi eru 63 fyrir 310.000 íbúa. Löggjafarþingið á Indlandi (Alþýðuhúsið) hýsir hins vegar 543 þingmenn, sem starfa fyrir 1,2 milljarða manna.

Innan ESB fá smáríkin gjarnan hlutfallslega meira vægi en þau stóru. Þetta kemur greinilega fram á Evrópuþinginu þar sem ríkir öfug hlutfallsregla.

| Land | Fjöldi |
|---|---|
| Þýskaland | 96 |
| Bretland | 73 |
| Pólland | 51 |
| Grikkland | 22 |
| Svíþjóð | 20 |
| Danmörk | 13 |
| Slóvenía | 8 |
| Lúxemborg | 6 |
| Malta | 6 |

Samkvæmt henni er sætunum skipt milli aðildarríkjanna þannig að smáríkin fá hlutfallslega fleiri kjörna fulltrúa en þau stærri. Einn þingmaður frá Þýskalandi situr fyrir hverja 860.000 landa sína en þingmaður frá Íslandi kæmi til Brussel í umboði 52.000 Íslendinga.

Að meðaltali er um einn þingmaður fyrir hverja 656.000 íbúa ESB.



**SLÖK MÆTING** Þótt Ísland fengi sex þingmenn á Evrópuþingið er ekki þar með sagt að þeir myndu alltaf mæta í vinnuna, ekki frekar en við Austurvöll.

## Hvar stæðu íslensku flokkarnir?

Utanríkisráðherra tók nýlega undir orð stjórnarandstæðings á Alþingi og sagði íslenska stjórnmálamenn vissulega geta gætt hagsmuna Íslands betur en nú er gert, innan ramma EES-samningsins.

Ráðherra benti á eina leið sem er opin, en það er samstarf við hópa á Evrópuþinginu. Þetta gætu íslenskir flokkar nýtt sér, eins og Norðmenn gera, til að hafa áhrif á mál sem koma til með að taka gildi í EES. Íslensku flokkarnir ættu því að þiggja boð um seturétt í flokkahópum í Brussel, segir ráðherra.

Fréttablaðið spurði starfsfólk flokkanna um tengsl þeirra við Evrópuþinghópa.



**Framsóknarflokkurinn** hefur, í krafti aðildar að Alþjóðasamtökum frjálslyndra flokka, sent fulltrúa bæði á þing ELDR (Frjálslyndir demókratar í Evrópu) og til ALDE, sem er Evrópuþinghópur ELDR og þriðji stærsti flokkahópur Evrópuþingsins. Framsókn hefur ekki sótt um aðild að ELDR, en það hefur komið til tals. Meðal leiðtoga ALDE eru Íslandsvinirnir Pat the Cope Gallagher og Diana Wallis.

**Sjálfstæðisflokkurinn** á enga aðild að flokkahópum á Evrópuþinginu en bæði EPP og ECR hafa boðið honum til samstarfs. EPP er hreyfing mið-hægrimanna, kristilegra demókrata. EPP er evrópusinnaður félagsskapur. Frægir foringjar EPP eru Angela Merkel og Nicolas Sarkozy.

ECR er hins vegar flokkur íhaldsmanna sem efast um ágæti aukins samruna Evrópusambandsríkjanna.

Stór hluti ECR var áður í EPP, til dæmis þekktasti leiðtoginn: David Cameron. Félagsskapur þessi er nokkuð illræmdur á meginlandinu, því honum tengjast nýnasistar og aðrir hatursmenn innflytjenda.

**Hreyfingin** á engan formlegan samstarfsflokk á Evrópuþinginu og innan hennar hefur ekki verið rætt um hvaða flokkur yrði fyrir valinu, gangi Ísland í ESB. Í svari Hreyfingarinnar til blaðsins er tekið fram að til greina kæmu m.a. allir flokkar sem taka almannahagsmuni fram yfir sérhagsmuni.

**Samfylkingin** er lengst komin í þessum málum. Hún er aukaaðili að PES, flokki evrópskra sósíalista, en var áheyrnaraðili, áður en umsóknarferlið hófst.

Formaður PES er Daninn Poul Nyrup Rasmussen en þekktasta andlitið kannski sá spænski José Zapatero. Í PES er einnig Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs. Dagur B. Eggertsson, varaformaður Samfylkingar, situr í stjórn PES.

Samband sósíalista og demókrata, S&D er þinghópur PES og sá næststærsti á þinginu.

**VG** hefur lagt mesta áherslu á samstarf við flokka á Norðurlöndunum en hefur átt í óformlegu samstarfi við GUE/NGL, sem er hópurinn lengst til vinstri á Evrópuþinginu. Meðal annars tekur VG þátt í einstaka ráðstefnum og dæmi um það er heimsókn þingflokks GUE/NGL hingað til lands í vor þar sem ráðherrar VG héldu ræður.

Í GUE/NGL eru flokkar eins og Sinn Fein og Die Linke, sem á rætur sínar í kommúnistaflokki Austur-Þýskalands. Þar eru einnig danskir efasemdamenn um aukinn samruna í Evrópu. GUE/NGL er „staðfastlega skuldbundið Evrópusamrunanum" en vill breyta núverandi kerfi. Formaður er STASI-uppljóstrarinn fyrrverandi Lothar Bisky.

VG mun ekki hafa átt í samstarfi við flokk græningja/EFA á Evrópuþinginu.

**Staðan á yfirstandandi kjörtímabili, 2009 til 2013:**

| Hópur | Fjöldi þingmanna |
|---|---|
| EPP | 265 |
| S&D | 184 |
| ALDE | 84 |
| Grænir/EFA | 55 |
| ECR | 54 |
| GUE/NGL | 35 |
| EFD | 32 |
| Utan hópa | 27 |

**Meirihlutamyndanir á þinginu:**

| | |
|---|---|
| **1979-1989** | Mið-hægri flokkar |
| **1989-1994** | Vinstri-grænir flokkar |
| **1994-1999** | Meirihlutalaust |
| **1999-** | Mið-hægri flokkar |

Ár slaufunnar

CHEVROLET
Gæði í 100 ár

Like

CHEVROLET

# Chevrolet er góði gæinn!



Chevrolet Camaro SS -Bumblebee er til sýnis í Egilshöll

TRANSFORMERS
DARK OF THE MOON

Samfilm, Bílabúð Benna og Chevrolet á Íslandi kynna sumarsmellinn Transformers – Dark of the Moon. Að því tilefni gefur Bílabúð Benna 80 Facebook vinum sínum boðsmiða á kvikmyndina. Bendum á að Transformers útgáfan af Chevrolet Camaro 2011 er til sýnis í Sambíói Egilshöll. Einnig hvetjum við alla til að heimsækja Chevrolet bílafjölskylduna í Tangarhöfða og taka rúnt í reynsluakstri. Vertu vinur á Facebook og taktu þátt í Transformers leiknum.

## Viltu vinna miða á Transformers?

Öllum sem líkar við (like) Facebook síðu Bílabúðar Benna komast í lukkupott og geta unnið boðsmiða á Transformers 3 Slóðin er:
**www.facebook.com/bilabudbenna**

Föstudaginn 13. júlí verða dregnir út 80 miðar á flottustu hasarmynd sumarsins og fá vinningshafar tilkynningu í gegnum Facebook.

Like

Aðalhlutverk í kvikmyndinni Transformers 3 er kallaður BUMBLEBEE sem er Chevrolet Camaro



BUMBLEBEE - Chevrolet Camaro

## SPARK

**Spark L kr. 1.790.000**

**Chevrolet Spark**
Einn af mest seldi bíllinn á Íslandi lék aðalhlutverk í Transformers 2.



Bílar á mynd: Camaro SS og Chevrolet Spark LT útgáfa. Verð eru háð gengi hverju sinni og geta breyst án fyrirvara.

SOS BARNAÞORPIN ÍSLAND
Bílabúð Benna
SAMSTARF TIL GÓÐRA VERKA
WWW.SOS.IS - WWW.BENNI.IS

www.benni.is

Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000
Bílabúð Benna - Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - sími 420 3330
Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - sími 461 3636

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum



**IÐANDI LAUGAVEGUR** Hér má sjá bílum lagt misvel við Laugaveginn og mikla umferð í átt að Bankastrætinu. Myndin er tekin á áttunda áratugnum.



**HJÓLAUMFERÐ** Efri hluti Laugavegarins er nú með hjólreiðastíga fyrir hjólreiðamenn en áður lét fólk götuna duga eins og þessi herramaður.

MYNDIR/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Stígur sem varð verslunargata

Laugavegi var lokað að hluta fyrir bílaumferð í byrjun mánaðar og verður göngugata út júlí. *Sara McMahon* grúskaði í gömlum myndum og ræddi við **Pétur Ármannsson** arkitekt um Laugaveginn.

Laugavegurinn verður lokaður fyrir umferð bíla frá gatnamótum Vatnsstígs að gatnamótum Skólavörðustígs út júlímánuð. Þessi breyting virðist hafa lagst ágætlega í vegfarendur, sem hafa fjölmennt í bæinn síðustu daga. Verslunargatan hefur breyst mikið í gegnum tíðina og óhætt er að fullyrða að þær breytingar hafi flestar verið til góðs. Pétur Ármannsson arkitekt segir götuna vera áhugaverða enda geymi hún fjölbreytta og kaflaskipta sögu íslenskrar byggingalistar. „Upphaflega var þetta aðeins stígur sem lá upp Bakarabrekku og að Vegamótum en seint á nítjándu öld var tekin ákvörðun um að leggja veg að þvottalaugunum í Laugardalnum til að auðvelda vinnukonum gönguna þangað. Um aldamótin voru farin að rísa nokkur hús með götunni sem svipaði til húsanna við Laugaveg 4 og 6. Smám saman þróaðist síðan gatan yfir í það að verða verslunargata þar sem Íslendingar ráku sjálfstæðan rekstur og í kjölfarið fóru að rísa stærri og veglegri timburhús við götuna.“

Eftir Reykjavíkurbrunann árið 1915 varð óheimilt að byggja stór timburhús í miðbænum og í staðinn risu mörg þrílyft steinhús eins og Kirkjuhúsið. Sé gengið eftir Laugaveginum má sjá hvernig byggingarlistin hefur þróast í gegnum aldirnar og ættu borgarbúar að njóta hennar og skoða.



**LAUGAVEGURINN Í DAG** Eftir að lokað var fyrir bílaumferð hafa gangandi og hjólandi vegfarendur meira pláss til að spóka sig. Veitingastaðir hafa einnig verið fljótir að bregðast við og settir hafa verið stólar og borð út á gangstéttina svo hægt sé að njóta sólarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG



**LOFTMYND** Loftmynd af Laugaveginum á áttunda áratugnum. Þarna má glitta í hornhúsið við Laugaveg og Smiðjustíg sem nú hýsir Gullkúnst Helgu.



**UMFERÐARLJÓS** Ekki er langt síðan öll umferðarljós hurfu af Laugaveginum. Hér má sjá tvö slík og handrið til að skilja að gangandi vegfarendur og umferð við verslunina Vísi.



**LÍF Á LÆKJARTORGI** Lækjartorgi hefur einnig verið lokað fyrir umferð. Þessi mynd er frá níunda áratugnum og má sjá borgarbúa njóta sólarinnar á torginu.

TILBOÐIN GILDA TIL 11. JÚLÍ!

HÚSGAGNAHÖLLIN

# HELGAR-TILBOÐ!



69.990
FULLT VERÐ: 119.990

NÚNA 40% AFSLÁTTUR

LA-Z-BOY
**MORGAN** La-z-boy stóll. B:92 D.90 H.100 cm.
Fæst með vínrauðu, grænu eða brúnu áklæði.



NÚNA 35% AFSLÁTTUR

69.990
FULLT VERÐ: 109.980

LA-Z-BOY
**MARTINI** La-z-boy stóll. B:84 D:80 H:101 cm.
Natur áklæði.



NÚNA 50% AFSLÁTTUR

**BODUM FYRKAT** Grillgaffall, bursti, pensill, spaði, töng.
Einnig til í lime og svörtu.

STK. 1.990
FULLT VERÐ: 3.990



NÚNA 30% AFSLÁTTUR

1.390
FULLT VERÐ: 1.990

**BREEZI** löber. 40x138 cm.
Hvítur eða silfur.



490
FULLT VERÐ: 1.699

**BODUM** Bistro Jumbo bolli með undirskál.

NÚNA 70% AFSLÁTTUR



NÚNA 35% AFSLÁTTUR

**BREEZI** diskamotta.
30x45 cm. Hvít eða silfur.

490
FULLT VERÐ: 790



NÚNA 50% AFSLÁTTUR

**LAXI** borðstofustóll.
Lakkaður svartur eða hvítur.

5.990
FULLT VERÐ: 12.990



NÚNA 50% AFSLÁTTUR

**SPIZY** kollur, blár, grænn, appelsínugulur eða bleikur.

1.490
FULLT VERÐ: 2.990

# Harry Potter-ævintýrinu lýkur

Sögurnar um **Harry Potter** og ævintýri hans í galdraheimum eru flestum kunnar. Börnin sem lásu fyrstu bókina þegar hún kom út eru komin á fullorðinsaldur og sama má segja um Harry. Í tilefni þess að áttunda og síðasta myndin sem gerð er eftir bókunum um Harry verður frumsýnd í bíó á miðvikudag rifjar ***Birgir Þór Harðarson*** upp söguna af galdradrengnum og ævintýrum hans.

Liðin eru rúm fjórtán ár síðan fyrsta Harry Potter-bókin var gefin út í Englandi. Síðan hafa verið gefnar út sex til viðbótar og nú á allra næstu dögum er áttunda kvikmyndin frumsýnd, en farin var sú leið að hafa myndina sem gerð var eftir sjöundu bókinni í tveimur hlutum.

Bæði bækurnar og kvikmyndirnar um galdrastrákinn hafa notið gríðarlegra vinsælda um allan heim og verið þýddar á 68 tungumál, þar með taldar þýðingar á latínu og forngrísku. Seldar hafa verið yfir 400 milljónir eintaka af bókunum og er Jo Rowling höfundur bókanna tólfta ríkasta konan á Bretlandseyjum, eignir hennar eru metnar á tæpa 93 milljarða íslenskra króna.

Í kvikmyndinni sem frumsýnd verður á miðvikudaginn er farið yfir síðustu kaflana í Harry Potter-ævintýrinu og það er kannski við hæfi að lokabardaginn fer fram í sjálfum Hogwarts-skóla, þar sem ævintýrið byrjaði.

Harry var aðeins ellefu ára þegar við kynntumst honum fyrst. Hann var að stíga sín fyrstu skref í galdraheimum og að uppgvöta uppruna sinn upp á nýtt. Honum hafði verið talin trú um að foreldrar hans hefðu farist í bílslysi og því hefði honum verið komið fyrir hjá frændfólki sínu, hinni þröngsýnu Dursley-fjölskyldu. Foreldrar Harrys voru myrtir þegar hann var aðeins eins árs af Voldemort eftir að hann heyrði spádóm um að sá sem gæti orðið honum að falli myndi fæðast á síðasta degi sjöunda mánaðar ársins.

### Flókið líf

Svona hefst ævintýrið og barátta hins góða og illa í galdraheimum. En hlutirnir í lífi Harrys eru ekki svona einfaldir. Honum er ætlað að skilja andstæðing sinn. Mann sem fórnaði sál sinni til að verða enn öflugri og enn sterkari galdrakarl en hann var. Albus Dumbledore lærifaðir Harrys deyr, áður en hann getur kennt honum allt, fyrir hendi Severus Snape, sem allir þekkja sem hinn illgjarna kennara.

Snape er flókinn, mjög erfiður að skilja og það kemur á daginn að hann er ekki allur þar sem hann er séður. Alan Rickman sem leikur Snape í myndunum er til að mynda eini leikarinn sem fékk að vita örlög og forsögu persónu sinnar áður en fyrsta myndin var gerð.

Harry og vinir hans Ron Weasley og Hermione Granger þurfa því að leysa gátuna á eigin spýtur. Það á eftir að reynast erfitt. Vinátta þeirra hangir oft á bláþræði vegna verkefna sem fullþroska galdrakarlar og konur ættu í erfiðleikum með að sigrast á.

En Dumbledore var búinn að hugsa fyrir öllu. Í erfðaskrá sinni ánafnar hann Harry gullnu eldingunni sem hann náði í fyrsta Quidditch-leiknum sem hann spilaði. Í fyrri hluta kvikmyndanna um Dauðadjásnin kom fram að sama gullna eldingin „muni opnast að leikslokum“. Einnig ánafnaði hann Harry sverði Godrics Griffindor, því sem hann notaði til að drepa basilíuslönguna á öðru ári sínu í Hogwarts. Sverðið má nota til að tortíma helkrossunum sem Harry, Ron og Hermione leita að.

### Dauðadjásnin

Og það er fleira sem Harry þarf að íhuga áður en lokabaradaginn hefst. Í geðsjúkri leit sinni að ódauðleika er Voldemort á hött-unum eftir Dauðadjásnunum. Þau samanstanda af ósigrandi galdrasprota, huliðsskikkju og endurlífgunarsteini.

Í galdraheimum er börnum sögð saga um þessa hluti. Dauðadjásnin eru þó mikilvæg fyrir framvindu sögunar um Harry og Voldemort því í lok fyrri hlutans sést hvar Voldemort brýst inn í grafhvelfingu Dumbledores og stelur galdrasprotanum ósigrandi.

### Uppgjör í galdraheimum

Þegar fyrri hlutanum sleppti hafði þríeykinu rétt tekist að sleppa undan drápurum Voldemorts. Þeim hafði einnig tekist að bjarga Griphook sem starfaði í Gringotts-banka og Olivander sprotasmið.

Þá höfðu þau tortímt einum helkrossi til viðbótar við þann sem eyðilagður var í Leyniklefanum, þann sem Dumbledore eyðilagði.

Harry Potter og annar hluti Dauðadjásnanna er því eins konar uppgjör í galdraheimum. Lokabardaginn er eins ótrúlegur og lokabardagar gerast og það skyldi engan undra að Harry Potter er eina von Fönixreglunnar gegn Voldemort.

Sautján árum áður, kvöldið örlagaríka þegar Harry Potter lifði af, merkti Voldemort Harry sem þann eina sem gæti orðið honum að falli. Hvort sem Harry líkar það betur eða verr þá stendur honum ekkert annað til boða en að hjóla í'ann.



## HARRY KANN GALDRA SEM VOLDEMORT KANN EKKI

Harry er kennt eftir að hann mætir Voldemort í fyrsta skipti að ást móður hans á honum sé vörn gegn hinu illa. Ástæðan fyrir því að Voldemort gat ekki snert hann með berum höndum var sú að móðir hans fórnaði sjálfri sér til að bjarga honum.

Þetta er mikilvægt atriði í öllum sögunum um Harry Potter. Albus Dumbledore útskýrði fyrir Harry að ástin og væntumþykja væru mögnuðustu galdrar sem nokkur galdramaður gæti búið yfir. Voldemort kann ekki þessa galdra. Hann hefur enga trúa á náunganum og treystir aðeins sjálfum sér.

Skýringin á göllum Voldemorts gæti verið að móðir hans yfirgaf hann eftir að hann fæddist. Föður sinn þekkti hann aldrei. Tom Marvolo Riddle gat ekki hugsað sér að ganga við nafni mugga og kallar sig því Voldemort.



Voldemort sem aldrei hefur eignast vini er því illur og gerir allt sem þjónar honum best.

Harry er hins vegar brenndur af ástinni fyrir lífsstíð. Foreldrar hans birtast honum í ýmsum myndum þegar hætta steðjar að og vinir hans og velunnarar hjálpa honum úr vandræðum. Það er því heillandi að skoða þá hlið sögunnar sem snýr að væntumþykju og vinaböndum.

## DANIEL, EMMA OG RUPERT



Þeir eru ekki gamlir leikararnir sem mynda þríeykið góða. Daniel Radcliffe er fæddur árið 1989 og var tólf ára þegar fyrsta myndin var frumsýnd. Jo Rowling sagðist vera himinlifandi yfir Daniel og sagði hann vera hinn fullkomna Harry.

Daniel hefur fengið að spreyta sig í öðrum hlutverkum en Harry Potter. Hann hefur verið duglegur í leikhúsinu, leikið í West End-sýningum og á Broadway við góðan orðstír.

Rupert Grint er fæddur árið 1988 og er elstur þeirra þriggja. Hann hafði aldrei leikið áður en hann fékk hlutverkið í fyrstu myndinni en hóf snemma að taka önnur verkefni. Rupert hefur ekki tekið þátt í mjög farsælum verkefnum fyrir utan Harry Potter en einbeitir sér þó frekar að kvikmyndaleik.

Emma Watson er fædd árið 1990 og er því yngst í þríeykinu. Gagnrýnendum hefur yfirleitt þótt hún standa sig best af þeim þremur en það hefur ekki orðið til þess að hún leiki meira. Emma hefur gjarnan kvartað undan frægðinni og valdi til að mynda að halda áfram með námið og settist á skólabekk frekar en að leggja áherslu á ferilinn. Emmu hefur farnast vel í tískuheiminum. Hún hefur fengist við fyrirsætustörf og verið ráðgjafi hönnuða í Bretlandi. Nú síðast sat hún fyrir hjá Lancôme í mars á þessu ári.

## DAUÐADJÁSNIN

Dauðadjásnin eru þrír hlutir sem Dauðinn sjálfur á að hafa gefið þremur bræðrum eftir að þeir reyndu að forðast hann. Þeir óskuðu sér galdrasprota, endurlífgunarsteins og huliðsskikkju. Hvert og eitt er til í raun þó að margir í galdraheimum haldi að sagan sé ævintýri fyrir börn.

**Galdrasprotinn.** Dauðinn gaf elsta bróðurnum galdrasprota sem sigrað gæti alla aðra sprota. Sprotinn var í eigu Albus Dumbledore og var grafinn með honum. Voldemort nær hins vegar sprotanum í lok fyrri kvikmyndarinnar.

**Endurlífgunarsteinninn.** Dauðinn gaf öðrum bróðurnum stein sem gat reist fólk upp frá dauðum. Bróðirinn sá endurlífgaði eiginkonu sína en hún átti ekki heima með lifendum og því létust þau bæði í eymd. Steinninn var í eigu fjölskyldu Voldemorts en Voldemort notaði steininn sem helkross. Steinninn endar svo í fórum Dumbledores, sem eyðileggur helkrossinn.

**Huliðsskikkjan.** Dauðinn gaf þriðja bróðurnum huliðsskikkju sína. Bróðirinn vildi fá það sem mundi vernda hann frá dauðanum þar til hann ætti að deyja úr elli. Skikkjuna ánafnaði hann syni sínum og þriðji bróðirinn fylgdi Dauðanum í sátt. Harry fékk skikkjuna í arf frá föður sínum.



## ÁÆTLUN DUMBLEDORES



Lærifaðir Harrys er Albus Dumbledore. Þáttur Dumbledores í framvindu bókanna um Harry Potter er mikilvægur. Hann leggur leið Harrys svo sigur geti unnist gegn Voldemort.

Ætla má að um leið og foreldrar Harrys voru drepnir hafi Dumbledore hafist handa við áætlun sína. Hann kemur Harry fyrir hjá móðursystur hans þar sem hann nýtur áfram verndar fjölskyldunnar. Harry fær svo fræðslu í Hogwarts þar sem Dumbledore kennir honum um veikleika Voldemorts. Það er svo Harrys að framkvæma.

Eftir lát Dumbledores kemur í ljós að flest það sem komið hafði fyrir Harry hafði verið skipulagt af Dumbledore. Það var hans vilji svo Harry væri tilbúinn að mæta Voldemort upp á líf og dauða.

Áætlun Dumbledores er svo fullkomin að hann undirbýr eigin dauða. Severus Snape myrðir hann fyrir framan Harry í hæsta turninum í Hogwarts. Spurningin sem hangir í lausu lofti fyrir síðustu myndina er hvort Snape sé hliðhollur Fönixreglunni eða Voldemort. Og, auðvitað, hvort áætlunin hafi virkað.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

> flugfelag.is

# Tilboð til Færeyja

– 3 daga helgarferð til nágranna okkar í Færeyjum.
– Aðeins klukkustundarflug frá Reykjavík.
– Gisting á Hotel Hafnia.
– 4 stjörnu hótel staðsett í miðbæ Þórshafnar.
– Þessi notalegi höfuðstaður hefur upp á mikið að bjóða.



## Ágúst – desember

### Flug og gisting á Hótel Hafnia

**Innifalið:**

– Flug til og frá Færeyjum
– Gisting í þrjár nætur á Hótel Hafnia og morgunmatur
– Hádegismatur laugardag á Kafe Kaspar
– Kvöldverður sunnudag á Hótel Hafnia

*Gildir á völdum dagsetningum í ágúst - desember.

**Verð á mann aðeins 89.900 kr.**

ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 55595 06/2011

ATLANTIC AIRWAYS

★★★★ HOTEL HAFNIA
*in the heart of Tórshavn*

**Bókanlegt hjá hópadeild Flugfélags Íslands í síma 570 3075 eða á netfanginu hopadeild@flugfelag.is**





# Fossar, fjöll og fjölskylduvænt fjör

Margt áhugavert og skemmtilegt fyrir ferðamenn er að finna í Borgarfirði og nágrenni. Fréttablaðið bendir hér á nokkra staði sem enginn ferðalangur á þessum slóðum ætti að láta framhjá sér fara.

**1. Hafnarfjall**
Margir hafa lent í sviptivindum undir Hafnarfjalli og fýsir kannski ekki að ganga á tindinn. En þeir sem það gera verða ekki sviknir af fögru útsýni. Fjallið er nokkuð auðgengt en gangan hefst norðanmegin fjalls.

**2. Hvanneyri**
Í því prjónaæði sem ríður yfir landann er óhætt að mæla með heimsókn í Ullarsetrið á Hvanneyri, verslun og vinnustofu áhugafólks af Vesturlandi um ullariðn. Margt fleira er að sjá á Hvanneyri, sem er aðsetur Landbúnaðarháskóla Íslands.

**3. Bjössaróló**
Heimsókn á einn skemmtilegasti róló landsins, Bjössaróló í Borgarnesi, mun pottþétt hitta í mark hjá yngstu kynslóðinni. Rólóinn var reistur af Birni H. Guðmundssyni trésmíðameistara og hefur sérstætt útlit sem hefur verið vel varðveitt.

**4. Landnámsetrið**
Landnámssetrið í Borgarnesi hefur fest sig í sessi sem skyldustopp fyrir ferðamenn. Sýningarnar eru forvitnilegar og kaffihúsið gott.

**5. Brúðuheimar**
Heimsókn í Brúðuheima í Borgarnesi er skemmtileg fyrir börn og fullorðna, þar má skoða fallegar brúður, fara á sýningar og svo er kaffihúsið dásamlegt.

**6. Glanni og Paradísarlaut**
Rétt sunnan við Bifröst liggur afleggjari til austurs og göngustígur í framhaldi þar sem fagurt útsýni er yfir fossinn Glanna. Áfram er svo hægt að ganga niður í Paradísarlaut, fagra laut í hrauninu með lítilli tjörn sem aldrei leggur.

**7. Hreðavatn**
Það er skemmtilegur túr að aka að Hreðavatni en víðsýnt er af leiðinni frá Hreðavatni og upp á hæðina vestan við það. Ef áfram er haldið yfir ásinn er komið niður að litlu vatni sem heitir Selvatn. Þarna er hægt að ganga vestanmegin inn í skógræktargirðinguna og njóta stórkostlegs útsýnis yfir héraðið.



**8. Grábrók**
Ganga á Grábrók er þægileg og hentar allri fjölskyldunni. Þó fjallið sé ekki hátt er víðsýnt af toppnum, gott útsýni yfir Norðurárdal og fjallahringinn.

**9. Kleppjárnsreykir**
Á ferðalagi er ekki ónýtt að geta gert góð kaup á grænmeti og sultum eins og raunin er á Kleppjárnsreykjum. Þar er einnig indælis sundlaug sem gott er að fara í.

**10. Reykholt**
Slóðir Snorra Sturlusonar eru áhugaverðar heim að sækja. Sögusýning í Snorrastofu hittir í mark og svo má ekki gleyma að líta á heitu laugina þar sem Snorri baðaði sig forðum daga.

**11. Húsafell**
Tjaldsvæðið í Húsafelli er mjög fínt og sundlaugin á svæðinu góð. Í nágrenni þessa vinsæla sumarleyfisstaðar til áratuga er margt skemmtilegt að skoða, hella, Húsafell og fjöll svo fátt eitt sé nefnt.

**Bylgjulestin** sem fagnar 25 ára afmæli Bylgjunnar með ferð um Ísland í sumar verður á Sauðárkróki og verður þátturinn Ævintýraeyjan með Hemma Gunn og Svansý sendur þaðan út.




## HÁTÍÐIR OG VIÐBURÐIR FRAM UNDAN:

**Klassík í Reykholti**
22. til 24. júlí fagnar Reykholtshátíð fimmtán ára afmæli sínu. Á hátíðinni leika listamenn frá Íslandi, Noregi, Litháen, Englandi og Svíþjóð klassíska tónlist af fjölbreyttu tagi.

**Nytjamarkaður í Brákarey**
Körfuknattleiksdeild Skallagríms stendur fyrir nytjamarkaði í Brákarey í Borgarnesi á laugardögum í sumar.

**Varðeldur og Eyvi**
Á hverjum laugardegi fram í ágúst er tendraður varðeldur í Hátíðarlundi í Húsafelli klukkan níu. Eyjólfur Kristjánsson, söngvarinn góðkunni, sér um sönginn við eldinn.

**Farmall-fagnaður**
Laugardaginn 16. júlí efna menn til Farmall-fagnaðar á Hvanneyri. Þá eru allir áhugamenn velkomnir með forndráttarvélar sínar að Hvanneyri.

**Rockwood** fellihýsi fyrir íslenskar aðstæður

Rockwood Premier 2317G 12 fet.



m/ útdraganlegri hlið.
Verð: 2.998.000kr

Rockwood Premier 1904 10 fet.



Verð: 2.698.000kr

Rockwood 191XR OFF ROAD 10 fet.



Verð: 2.898.000kr
Torfæru útgáfan frá Rockwood fyrir þá sem vilja komast lengra.
• upphækkað á 15" dekkjum
• sér styrkt grind og sterkari hjólabúnaður.

Ríkulegur staðalbúnaður í Rockwood fellihýsum

- **Galvaníseruð grind**
- **Evrópskar þrýstibremsur**
- **Upphitaðar 12 cm springdýnur**
- Tjakkar með sandskeifum á öllum hornum
- Góð fjöðrun, fjaðrir sem henta vel á íslenskum vegum
- Útdraganleg trappa við inngang
- Breitt nefhjól (uppblásið gúmmídekk)
- Handbremsa og varadekk m/hlíf
- 50 mm kúlutengi
- 220v tengill (blár skv. reglugerð)
- Útvarp með geislaspilara, hátalarar inni og úti
- Radial dekk / 13" álfelgur
- Vatnsh. öndunardúkur í svefnrými
- Dometic kæliskápur XL 2,5 cubic
- SMEV ryðfrí gaseldavél m/rafstarti
- 2 gaskútar
- Gasviðvörunarkerfi
- Öflug Truma combi 4 miðstöð m/heitu vatni
- Stór loftlúga m/þriggja hraða viftu
- Skyggni (markísa)
- Skyggðir gluggar
- Flugnanet f. gluggum og hurð
- Gardínur f. gluggum og svefnrými
- 2ja feta geymsluhólf
- Stórt farangurshólf
- Voldugir öryggisarmar fyrir þak og tjald
- 3 x 12 volta loftljós og 1 x útiljós
- 1 x færanlegt lesljós með viftu
- 110 amp rafgeymir
- Heitt og kalt vatn, tengt
- Rafmagnsvatnsdæla
- 86 lítra vatnstankur
- Klósett með hengi

Opnunartími:
Mán-Fös. kl: 10-18
Laug-Sun. kl: 12-16

Fossháls 5-7 I 110 Reykjavík
Sími 551 5600 I utilegumadurinn.is

Útilegumaðurinn®

# matur

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM MAT ]

júlí 2011

## *Lífrænt lostæti*

Marentza Poulsen töfrar fram veislu úr garðinum.

SÍÐA 2





## *Feta og fersk jarðarber*

Sumarlegt salat að hætti matreiðslumanna veitingahússins 73.

SÍÐA 6

# *Ástríða er besta kryddið*

Hjónin Gísli Egill Hrafnsson og Inga Elsa Bergþórsdóttir elda af alúð og natni.




VIKUTILBOÐ Á ÞRÁÐLAUSU




19.990

FULLT VERÐ KR. 26.990

SEX VERSLANIR

ALLTAF BETRA VERÐ

Logitech ClearChat PC

- Þráðlaus heyrnatól með hljóðnema
- Drægni er u.þ.b. 10 metrar
- Hljóðnemi með umhverfishljóðsíu
- 2.4GHz USB sendir fylgir

TÖLVULISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

## SKINKURÚLLUR OG FAT AF HVÍTKÁLI

**Júlía Margrét Alexandersdóttir skrifar:**

Það þykir orðið nokkuð sjálfsagt að matseðill heimilisins breytist milli árstíða og skulu léttari réttir þá vera í brennidepli um þessar mundir; salöt, sjávarréttir, kjúklingaspjót og bökur. Ég fór að hugsa hvort og þá hvernig sumarmatseðill hafi verið á mínu heimili fyrir 20-30 árum og man ekki eftir sérstökum árstíðaskiptum í matseðlinum. Nágrannarnir grilluðu pylsur á góðviðrisdögum. Þá var kannski keypt vatnsmelóna ef hún var til í Nóatúni. Krakkaskarinn át frostpinna. Vinnufélagi minn sem á foreldra sem dvöldu mikið í Frakklandi sagði mér að á sumrin hefðu þau snætt salöt með eggjum og beikoni sem aðalrétt úti á svölum. Einhver framúrstefnuleg heimili hafa kannski útbúið „agúrkutunnur“ – gúrkur fylltar með sýrðum rjóma og rækjum. Heimilistíminn gaf þá uppskrift í einu tölublaði í kringum árið 1980 og sagði réttinn vera mjög svo hressandi sumarmat.



Ég æstist öll upp eftir að hafa rekist á agúrkutunnurnar og hélt áfram að glugga í gömul dagblöð í leit að sumaruppskriftum fyrri tíma. Ég var spennt að sjá hvort ég fyndi eitthvað jafn kostulegt og agúrkutunnurnar (lystileg útkoma þar sem sýrður rjómi lekur eins og hraunkvika úr um það bil 20 sentimetra háum gúrkustönglum) eða annan gleymdan og girnilegan rétt úr fortíðinni. Margt af því sem ég rakst á kannaðist ég við. Þannig voru ófáar gratínuppskriftir gefnar á þessum árum sem sagðar voru henta sumarkvöldverði, fiskigratín, blómkálsgratín og kartöflugratín. Sumarsalöt úr káli, tómötum og gúrkum fann ég – enda úrvalið af grænmeti ekki svo mikið meira í verslunum í þá daga. Annað hafði ég ekki prófað, svo sem heitan hvítkáls- og ostarétt, gúrkusúpu og makkarónurétti með eggjum og bræddu smjöri.

Ein uppskriftin sem ég rakst á er sumarréttur ársins 1986 að sögn Dagblaðsins Vísis. Flórentínskar skinkurúllur eru þar sagðar vera léttur ítalskur sumarréttur og er meðal annars búinn til úr smjördeigi, spínati, skinku, eggjum, sýrðum rjóma og kryddaður með múskati, salti og pipar. Ég er að spá í að bera fram flórentínskan sumarrétt einhvern tímann í vikunni og sjá hvort hann sé nokkuð verri en geitaostssalatið sem ég matreiddi fyrir nokkru úr fimmtán grænmetistegundum. Og hver veit nema maður hendi hvítkáls- og ostarétti í fat eitthvert kvöldið.

SKÝRINGAR Á UPPSKRIFTATÁKNUM:

Hollt · Fiskur · Aðalréttur · Hvunndags/til hátíðabrigða · Grænmeti

**matur** kemur út mánaðarlega með laugardagsblaði Fréttablaðsins.
**Ritstjórn:** Roald Eyvindsson og Sólveig Gísladóttir **Hönnun:** Silja Ástþórsdóttir
**Forsíðumynd:** Gísli Egill Hrafnsson **Pennar:** Gunnþóra Gunnarsdóttir, Júlía Margrét Alexandersdóttir, Marta María Friðriksdóttir, Níels Gíslason, Ragnheiður Tryggvadóttir og Vera Einarsdóttir. **Ljósmyndir:** Fréttablaðið **Auglýsingar:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is* og Ívar Örn Hansen *ivarorn@frettabladid.is*






„Það er auðvelt að rækta salat á Íslandi,“ segir Marentza Poulsen, hér með ferskt og girnilegt salat. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Góðgæti úr GARÐINUM



Að eiga jurtagarð eru forréttindi sem allir ættu að fá að njóta. Marentza Poulsen smurbrauðsjómfrú gefur lesendum uppskrift að salati úr sínum garði.

Í Cafe Flóru í Grasagarðinum í Laugardal er eingöngu notað grænmeti sem eigandinn Marentza Poulsen ræktar sjálf. Hún hefur rekið kaffihúsið í fjórtán ár og reynir alltaf að spegla umhverfið í matargerðinni. „Allt sem við bjóðum upp á er lífrænt,“ segir Marentza, „og enginn áburður notaður við ræktunina. Það er ótrúlega auðvelt að rækta salat á Íslandi.“ Þegar Marentza eldar mat fyrir aðra stefnir hún alltaf að því að gera máltíðina að upplifun. „Ég legg mikla áherslu á að maturinn gleðji þig. Þú átt að upplifa fegurð og ástríðu,“ segir hún. - ng

## HIMNESKT SALAT ÚR GARÐINUM

**SALAT**

**3 ferskar perur**
**4 ferskar gráfíkjur**
**1 gráðostur má vera hvaða ostur sem er.**

**1 ¼ bolli hvítvínsedik**
**4 ¼ bolli þurrt hvítvín**
**200 g sykur**
**4 kanilstangir**
**Korn úr 1 vanillustöng.**

*Setjið hvítvínsedik, hvítvín, sykur, kanilstangir og vanillu í pott og látið suðuna koma vel upp.*

*Þvoið perurnar og hreinsið þær og skerið þær í þunnar sneiðar langsum. Leggið perusneiðarnar í heitan löginn og látið liggja í 5-10 mínútur. Takið perurnar upp úr og kælið.*

**DRESSING**

**6 msk. hvítvínslögur**
**2 msk. góð ólífuolía**
**Smá salt**

*Takið ferska salatið, skolið vel og þerrið, veltið því upp úr dressingunni. Setjið í fallega skál eða á disk. Perusneiðunum er raðað á salatið. Gráfíkjurnar eru skornar í fernt og settar á salatið ásamt gráðostinum. Gaman er að nota æt blóm eins og skjaldfléttu og morgunfrú svo eitthvað sé nefnt.*

KRAUM

# Íslensk matarhönnun



FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Yfir hundrað ára gamall peningakassi blasir við þeim sem leggja leið sína í verslunina Kraum í Aðalstræti 10 þessa dagana. Á hann að vekja minningar um krambúðarstemningu fyrri tíma enda var um langt árabil rekin verslun í þessu sögufræga húsi. Nýlega var einnig farið að selja ýmiss konar íslenska matvöru í Kraumi. „Okkur langaði til að vekja athygli á því hvernig bændur og aðrir íslenskir aðilar vinna með íslenska náttúru í matvöru. Við vildum þannig færa íslenska matarhönnun nær ferðamanninum,“ segir Halla Bogadóttir framkvæmdastjóri Kraums. Í versluninni fást til dæmis hin frægu súkkulaðieldfjöll og skyrkonfekt. Þá eru þar til sölu allar vörur frá Urta Islandica þar sem lögð er mikil áhersla á te, íslenskt síróp og marmelaði. „Þá vinna þær mikið með salt og pipar sem þær blanda annars vegar með þara og hins vegar bláberjum,“ upplýsir Halla. Hún nefnir einnig til sögunnar kaffi sem malað er í gamalli og voldugri kaffikvörn.

„Þá tókum við einnig inn nýja tegund af sápum frá Sápusmiðjunni. Til dæmis vinsæla skrúbbsápu með ösku úr Eyjafjallajökli,“ segir Halla og minnist einnig á íslenskar snyrtivörur á borð við dropana frá Sif cosmetics.

Í tengslum við íslenska matvöru hefur Kraum einnig tekið inn matartengda hönnun á borð við teglös frá Gleri í Bergvík, kartöflubretti eftir íslenskan arkitekt, glasabakka frá Samverki á Hellu og tekrúsir sem búnar eru til úr íslenskum leir frá Stykkishólmi.


-fyrir þá sem einfaldlega elska
gott kaffi og ljúffenga snúða
Rúbín
kaffi
Pågen
kanil snúðar
Rúbín
kaffi
Pågen
gifflar
KANEL
Rúbín
kaffi

## GRILLAÐUR KARFI Í CHERMOULA-MARINERINGU FYRIR TVÖ

### MARINERING

**75 ml kóríanderlauf, grófsöxuð**
**75 ml steinselja, grófsöxuð**
**2 hvítlauksrif, kramin**
**½ tsk. kummin, malað**
**½ tsk. paprika**
**½ tsk. sítrónupipar**
**½ tsk. salt**
**¼ tsk. cayennepipar**
**2 msk. ólífuolía**
**1 msk. sítrónusafi**

*Maukið allt saman í matvinnsluvél.*

**500 g karfaflak með roði eða tvær vænar steikur sneiddar úr flakinu**
**salt og pipar**

*Hitið grill vel upp. Beinhreinsið fisk og smyrjið maringeringu vel yfir hann á roðlausu hliðinni. Setjið fiskinn á grillið með roðhliðina niður og grillið við háan hita í 2-3 mínútur í lokuðu grillinu. Snúið fiskinum við með spaða og klárið steikinguna á um það bil 2 mínútum. Hafið grillið lokað á meðan. Saltið og piprið eftir smekk. Einnig er hægt að grilla fiskinn í fiskiklemmu.*

### KÖLD SÍTRUSSÓSA

**½ dós sýrður rjómi**
**klípa af kummin**
**klípa af cayennepipar**
**börkur af ½ sítrónu, bara guli hlutinn, fínrifinn**
**börkur af ½ límónu, bara græni hlutinn, fínrifinn**

*Hrærið lauslega saman.*

*Berið fiskinn strax fram með soðnum villihrísgrjónum, kaldri sítrussósu, sítrónubátum og salati.*



Grillaður karfi í chermoula-marineringu. MYND/GÍSLI EGILL HRAFNSSON

# Sumarlegur karfi

**Hjónin Gísli Egill Hrafnsson ljósmyndari og Inga Elsa Bergþórsdóttir grafískur hönnuður hjá auglýsingastofunni Fabrikkuni eru mikið áhugafólk um matargerð. Þau grilluðu karfa í sumarblíðunni og ljóstruðu upp uppskriftinni.**

Við reynum að haga eldamennskunni í samhengi við árstíðirnar og við það hráefni sem best er á hverjum tíma,“ segir Gísli.

„Karfinn hentar vel á grillið, er hæfilega feitur og þéttur og losnar ekki í sundur. Hann er líka á skikkanlegu verði.“ Þeim hjónum er kappsmál að vita hvað þau láta ofan í sig og rækta sínar eigin kryddjurtir í chermoulamarineringuna sem ættuð er frá Norður-Afríku. „Hún er vinsæl á sjávarfang og kjúkling, einföld og ofboðslega góð með grilluðum fiski. Svo finnst okkur gott að borða blöndu af villihrísgrjónum með karfanum. Það tekur lengri tíma að sjóða þau en bragðið á einstaklega vel við fisk. Þessi réttur er einfaldur, hollur og sumarlegur.“

Líf Gísla og Ingu snýst að stórum hluta um mat en þau vinna mikið af kynningarefni fyrir matvælafyrirtæki og hafa auk þess gefið út tvær matreiðslubækur saman. Þá er þriðja bókin væntanleg í haust. „Það snýst allt um mat hjá okkur. Við tölum mikið um mat og fjöllum um mat og höfum mikinn áhuga á hvaðan hráefnin koma. Við erum líka óhrædd við að prófa okkur áfram.“ - rat



Gísli Egill Hrafnsson ljósmyndari og Inga Elsa Bergþórsdóttir, grafískur hönnuður, eru forfallnir matgæðingar og gefa hér lesendum uppskrift að hollum sumarrétti. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

ALLTAF EITTHVAÐ NÝTT
Bílaþvottakústar 2.995
Reiðhjólafestingar á kúlu
F/2-hjól kr. 4.785
F/3-hjól kr. 9.760
Bílabónvélar 3 gerðir
frá kr. 4.995
Úðabrúsi 5L kr. 2.695
12V Fjöltengi kr. 1.995
Straumbreytir 12V->230V kr. 7.995
Straumbreytir 230V->12V 3.985
12/24V Framlenging kr. 999
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-17, sun. kl. 13-17

Vitamix
Blandarinn sem allir eru að tala um!
Mylur alla ávexti, grænmeti klaka og nánast hvað sem er
Hnoðar deig
Býr til heita súpu og ís
Uppskriftarbók og DVD diskur fylgir
Vita Mix svunta og kanna fylgja með á meðan birgðir endast
S. 440-1800 www.kælitækni.is
Okkar þekking nýtist þér ...



**Skátafélagið Landnemar** býður upp á fjölskyldudagskrá í Viðey í dag. Þar munu skátarnir reisa frumbyggjaþorp og gefst gestum tækifæri til að læra að bjarga sér að hætti þeirra. Á morgun er markmiðið að reyna að slá Íslandsmet og jafnvel heimsmet í flugdrekaflugi. Sjá nánar á www.gerumeitthvad.is.

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473

VEIÐIKORTIÐ FÆST Á N1




WWW.N1.IS
N1
Meira í leiðinni

**Mao, listakona og þúsundþjalasmiður, skapar og gerir allt sem mögulegt er:**



MYND/SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR

# Skapar í skjóli fjalla

Það ætla gestir að sunnan að koma í heimsókn til Mao um helgina. Hún býr í elsta íbúðarhúsi Flateyrar í Önundarfirði, Sveinshúsi sem var byggt árið 1880.

„Hér er villigarður fullur af blómum og útsýnið er sjór og fjöll að sjálfsögðu. Bara allt sem við viljum,“ segir Mao seiðandi röddu í símann. „Um helgina ætla ég að njóta lífsins í sólinni hér í þorpinu. Ég ætla að taka á móti gestum og drekka kaffi með þeim og láta þeim líða vel. Ég ætla örugglega að baka brauð og búa til rabarbarakökur og ég ætla að setja smá koníak út í kaffið, bara pínu til að krydda tilveruna. Svo ætla ég að setja á þægilega rómantíska tónlist eins og núna,“ segir Mao og ber símann sinn upp að hátalara og leyfir blaðamanni að hlusta á bossanóva-tónlist.

Hún þarf ekki að sýna gestum sínum bæinn, þeir eru nefnilega ekki að koma í fyrsta skipti, þeir koma alltaf aftur: „Það er svo gott hérna megin við fjöllin.“

FRAMHALD | 2

Gæði & Glæsileiki

Mikið úrval af fallegum skóm og töskum



Sérverslun með

Gabor

FÁKAFENI 9 - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

10 ÁRA

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

Allt sem þú þarft




Dúnmjúkar brúðargjafir

Úrval brúðargjafa á frábæru tilboðsverði

Ofið úr Pima bómull sem er einstök að gæðum
Yfir 40 tegundir íslenskra rúmfata til brúðargjafa

Lín DESIGN

Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is



**Látrabjarg** er í fyrsta sæti á lista ferðavefsins Lonely planet yfir eftirsóknarverðustu staði heims til að skoða villt dýralíf. Ekki amalegt að geta skroppið í skoðunarferð yfir helgi.

Stórútsala
30-50% afsláttur



laxdal.is
BERNHARÐ LAXDAL
Laugavegi 63 • s: 551 4422

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
vísir



Í kringum 200 hressir krakkar taka þátt í Sumarhátíð UÍA sem hófst í gær.



Eldri keppendur láta ekki sitt eftir liggja.

# Húllumhæ fyrir austan

**Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands blæs til veisluhalda á Fljótsdalshéraði um helgina. Þá fer í hönd Sumarhátíð sambandsins sem er óvenju vegleg af því tilefni að sjötíu ár eru liðin frá stofnun þess.**

„Það er ekki nokkur spurning að það verður brjálað stuð enda reiknum við með 200 hressum krökkum sem munu etja kappi í fótbolta, sundi, frjálsum og strandbolta, svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Gunnar Gunnarsson, ritari Ungmenna- og íþróttasambands Austurlands, sem stendur fyrir Sumarhátíð á Fljótsdalshéraði um helgina.

Ekkert verður til sparað við að gera hátíðina sem veglegasta enda fagnar sambandið 70 ára afmæli í ár. Keppni hófst í sundi og frjálsíþróttum í gær og eftir það hefur hver spennandi viðburðurinn rekið annan. Sjálf afmælisveislan verður hins vegar í dag klukkan 17 og lofar Gunnar góðri skemmtun. „Fáránlegir fáránleikar, afhjúpun á lukkudýri UÍA og afhending verðlauna úr ljóða- og myndlistarsamkeppni Snæfells eru meðal uppákoma.“ Rúsínan í pylsuendanum er svo ein stærsta og girnilegasta afmæliskaka sem hefur lengi sést.

Gunnar er ekki í nokkrum vafa um að bæði núverandi og fyrrverandi félagar í UÍA eigi eftir að fjölmenna um helgina, enda hafi sambandið allt frá stofnun þann 28. júní 1941 skapað kjölfestu í æskulýðs- og íþróttastarfi á Austurlandi sem hafi hreyft við lífi margra. „UÍA hefur staðið fyrir fjölmörgum mótum og viðburðum í gegnum árin í samstarfi við tæplega 40 aðildarfélög og því haft góð og víðtæk áhrif. Í dag hlaupa meðlimir sambandsins á einhverjum þúsundum og af þeim eru virkir íþróttaiðkendur þrjú til fjögur þúsund. UÍA er því meðal stærstu héraðssambandanna og eitt helsta sameiningartákn Austurlands,“ útskýrir hann og býður alla hjartanlega velkomna.

**Hvað finnst þér um krakka?** „Þeir eru mjög skemmtilegir, krakkar eru svo hreinskilnir. Einu sinni sagði krakki við mig að ég liti út eins og hrútspungur í framan. Hver getur hatað það?"

**Það er ein kona sem er alltaf í þáttunum. Er hún kærastan þín?** „Það er hún Þórunn Antonía. Hún er kærastan hans Bents, sem leikstýrir og skrifar með mér þættina."

**Heldurðu að sería þrjú komi út?** „Já, ég held það. Við sáum alltaf fyrir okkur að þetta yrðu þrjár seríur. Svo langar okkur að prófa að gera eitthvað nýtt. Við erum með mjög margar hugmyndir. Við erum langt frá því að vera saddir."

> Það er að sjálfsögðu vinna á bak við hvern einasta brandara. Við erum þrír sem skrifum þættina og náum ótrúlega vel saman.

**Spilarðu tölvuleiki?** „Ég spila mjög mikið af tölvuleikjum og þá aðallega á PS3. Ég spila COD og Mortal Kombat mest, enda er sá síðarnefndi besti tölvuleikur allra tíma. Þegar ég spila COD nota ég Galil með Suppressor og er óstöðvandi."

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** „Saltkjöt."


## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir.is
"...ég sá það á vísi"




## KRAKKAKYNNING

### Þórhildur Steinunn Kristinsdóttir



**Nafn og aldur:** Ég heiti Þórhildur Steinunn Kristinsdóttir og ég er 13 ára.
**Í hvaða skóla ertu:** Ég er í Víkurskóla í Vík.
**Í hvaða stjörnumerki ertu:** Ég er naut.
**Áttu happatölu?** Já, 13.
**Helstu áhugamál/hvað gerirðu í frístundum þínum?** Ég les, syng, spila á píanó og dansa með klappstýruliðinu mínu.
**Eftirlætissjónvarpsþáttur:** Desperate Housewives.
**Besti matur?** Pasta með hvítlaukssostasósu.
**Eftirlætisdrykkur?** Vatn.
**Hvaða námsgrein er í eftirlæti?** Enska.
**Áttu gæludýr – ef svo er, hvernig dýr og hvað heitir það?** Nei, því miður.
**Skemmtilegasti dagurinn og af hverju?** Aðfangadagur – það skýrir sig sjálft.
**Eftirlætistónlistarmaður/hljómsveit?** Paramore.
**Uppáhalds litur?** Grænn.
**Hvað gerirðu í sumar?** Ég er í unglingavinnunni hálfan daginn. Svo er ég mikið úti og líka að æfa mig að syngja.
**Skemmtilegasta bók sem þú hefur lesið?** Twilight-bækurnar eftir Stephenie Meyer.
**Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðin stór?** Dansari, söngkona eða leikkona.


Sumarblóm
30%
afsláttur
Útsala
Margarita
799kr
SUMAR
ÚTSALA
Garð- og
garðskálarósir
30%
afsláttur
Fjölærar
plöntur
30%
afsláttur
Fræ
60%
afsláttur
Trjáplöntur
og runnar
30%
afsláttur
Hansarós
Trjáplöntur
Útipottar og
svalakassar
30-50%
afsláttur
Bastkörfur
30-50%
afsláttur
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** fyrirhöfn, **6.** frá, **8.** drulla, **9.** nægilegt, **11.** aðgæta, **12.** bolur, **14.** yfirstéttar, **16.** strit, **17.** meðvitundarleysi, **18.** gilding, **20.** mun, **21.** engi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** djæf, **3.** skóli, **4.** brá, **5.** knæpa, **7.** skóhljóð, **10.** guð, **13.** skip, **15.** högg, **16.** angra, **19.** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ómak, **6.** af, **8.** aur, **9.** nóg, **11.** gá, **12.** stofn, **14.** aðals, **16.** at, **17.** rot, **18.** mat, **20.** ku, **21.** akur.
**LÓÐRÉTT: 1.** dans, **3.** ma, **4.** augnlok, **5.** krá, **7.** fótatak, **10.** goð, **13.** far, **15.** stuð, **16.** ama, **19.** tu.


# Jákvæðar fréttir fyrir sumarið



Þú færð Fréttablaðið á 16 stöðum á Austurlandi.

Það er engin ástæða til að missa af neinu í sumar. Fréttablaðið er aðgengilegt um land allt. Því er dreift ókeypis í lúgur og kassa á kjarnadreifingarsvæði okkar. Auk þess er það selt í lausasölu á kostnaðarverði á **120 sölustöðum um land allt**.

**Þú getur alltaf fengið Fréttablaðið beint í símann, fartölvuna eða spjaldtölvuna hvar sem er og hvenær sem er á Vísi.is eða fengið það sent með tölvupósti daglega.**

Nánar um dreifinguna má lesa á visir.is/dreifing.

## Fjöldi lausasölustaða á Austurlandi

Mónakó, Bakkafirði
N1, Vopnafirði
Olís, Fellabær
N1 Þjónustustöð, Egilsstöðum
Bónus, Egilsstöðum
Samkaup Úrval, Egilsstöðum
Samkaup Strax, Seyðisfirði
Olís, Reyðarfirði
Grillskálinn Orka, Reyðarfirði

**Það fá allir afmælisblöðru* á sölustöðum Fréttablaðsins um land allt.**




*Meðan birgðir endast

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011

Allt sem þú þarft


# Tilfinningarök

**BAKÞANKAR**
**Davíðs Þórs Jónssonar**



Góður vinur minn á eldgamlan Land Rover, klassískan dýrgrip. Um árið varð hann aftur á móti vélarvana. Þetta olli vini mínum talsverðu hugarangri, það var rándýrt að skipta um vél og varla forsvaranlegt að eyða slíkum peningum í svona gamlan bíl. Á móti kom að hann fengi varla jafngóðan fararskjóta nema fyrir mun hærri upphæð. Með þetta var hann að bögglast heillengi uns hann bar vandræði sín undir eiginkonu annars vinar okkar. Hún var ekki lengi að leysa málið. „Láttu hann Pétur reikna þetta fyrir þig," sagði hún. „Hann er snillingur í að reikna út að það sé hagkvæmast að gera það sem hann langar mest til." Land Roverinn fékk umsvifalaust nýja vél og ekki örlar á eftirsjá hjá eigandanum.

**VIÐ MENNIRNIR** teljum okkur gjarnan vera skynsemisverur. En þegar upp er staðið kemur einatt í ljós að skynsemin má sín lítils gagnvart tilfinningunum. Ef við lítum til baka sjáum við flest að hvað eftir annað höfum við tekið ákvarðanir byggðar á tilfinningum en ekki skynsemi. Við metum það nefnilega oftast sem svo að það sé skynsamlegt að taka mark á tilfinningunum. Samt heyrist oft talað á niðrandi hátt um tilfinningarök, eins og þau séu ógild eða a.m.k. ekki fullgild og megi sín lítils gagnvart svokölluðum skynsemisrökum.

**NÁTTÚRUVERNDARSINNAR** eru meðal þeirra sem legið hafa undir ámæli fyrir að beita tilfinningarökum. Við því hafa þeir brugðist með því að reyna að sýna fram á að málstaður þeirra sé skynsamlegur óháð tilfinningum, náttúruvernd sé hagkvæm. Andstæðingar þeirra nota að eigin mati ísköld skynsemisrök. Hjá þeim eru atvinnuuppbygging og efnahagur sett á oddinn en ekki kjánalegar tilfinningar. En af hverju setja þeir þetta á oddinn? Er það ekki til að viðhalda byggð í plássinu sem þeir bera svo miklar tilfinningar til? Hvaða skynsemi er í því að borga stórfé og fórna náttúruperlum til að í hverjum firði geti verið þorp fyrir nokkur hundruð hræður að draga fram lífið? „Landið allt í byggð" var einhvern tímann mikilvægt slagorð. En af hverju? Er það skynsamlegt eða hefur það fyrst og fremst tilfinningalegt gildi fyrir okkur?

**MIG LANGAR** ekki að gera lítið úr mannlegri skynsemi. Ég er ekki frá því að hún reynist oft vel. En stundum fæ ég það á tilfinninguna að mikilvægasta hlutverk hennar sé þó að vera dulbúningur fyrir tilfinningarnar gagnvart vélrænni rökhyggju okkar.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERÐALAGIÐ BYRJAR Í BÓNUS
159 KR. 3 FERNUR
TÍU SS VÍNARPYLSUR
579 KR.
SS VÍNARPYLSUR 10 STK. 560 GR. VERÐ: 579 KR.
YUM YUM NÚÐLUR 70G 98 KR.
29 KR. 85g
EUROSHOPPER NÚÐLUR 85g
69 KR. STK
GÓÐIR GOSDRYKKIR Í BAUKUM 33 CL
COCONUT & CHOC CHIP
98 KR. 150g
CRUNCHY CHOCOLATE
98 KR. 120g
195 KR. 120g
MAARUD OSTAHRINGIR
FLORIDASAFI
195 KR. 1LTR
139 KR. 5 stk
BÓNUS PYLSUBRAUÐ
NAUTA Veisla
RISA HAMBORGARI
FROSNIR NAUTAHAMBORGARAR
100% HREINT NAUTAKJÖT
10 x 100 GRÖMM 1398 KR.
4 x 175 GRÖMM 998 KR.
139 KR. 4 stk
STÓR HAMBORGRABRAUÐ
359 KR. 300ml
FABRIKKUSÓSAN
598 KR. 4 stk
NAUTAVEISLU : FJÓRIR 80 GRAMMA NAUTABORGARAR MEÐ BRAUÐI
995 KR.KG
BÓNUS ÚRBEINAÐAR GRILL GRÍSAHNAKKASNEIÐAR
985 KR.KG
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
1398 KR. KG
ÞÝSKAR GRÍSALUNDIR FROSNAR
Grísalundin er u.þ.b. 500g / aðeins 700 kr. stk
7 UP- EGILS MIX 2 LTR.
195 KR. 2 LTR
595 KR.KG
KJÖRFUGL BLANDAÐIR KJÚKLINGABITAR
LAMBA GRILL-SIRLOIN
1398 KR.KG
ÍSLANDSLAMB GRILL LAMBA-SIRLOIN-SNEIÐAR
HOLTA
FULLELDAÐIR
KJÚKLINGA VÆNGIR
459 KR.
HEIL FATA 960g
ÞARF AÐEINS AÐ HITA
1995 KR.KG
KJÖRFUGL: FERSK KJÚKLINGABRINGA
ALI GRÍSARIF FORELDUÐ!
ALI SPARERIBS
1159 KR.KG.
COKE LIGHT- ZERO
195 KR. 2 LTR
695 KR.KG
KJÖRFUGL HEILL FERSKUR KJÚKLINGUR
279 KR. 700g
ÞYKKVABÆJAR FORELDAÐAR GRILLKARTÖFLUR 700g
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARD: 10-18
SUNNUD: 12-18

# menning

menning@frettabladid.is

**NÝR REYFARI KOMINN ÚT** Út er komin bókin Það sem aldrei gerist eftir norska höfundinn Anne Holt. Í bókinni finnast þjóðkunnir Norðmenn myrtir á hrottafenginn hátt í Ósló. Morðinginn virðist leita hefnda en enginn veit fyrir hvað. Bókin er sjálfstætt framhald reyfarans Það sem mér ber. Salka gefur bókina út hér á landi en Solveig Brynja Grétarsdóttir þýddi.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 9. júlí 2011**

### ➜ Tónlistarhátíð

**14.00** Jazzhátíð í Skógum. Ókeypis tónleikadagskrá í Skógakaffi. Aðaltónleikar hátíðarinnar í Fossbúð kl. 21 og aðgangseyrir er kr. 1.500.

### ➜ Uppákomur

**10.00** Afrískur dagur í Hjartagarðinum á Laugavegi með afrískri tónlist, dönsum, list og uppákomum. Allir velkomnir.

**12.00** Álfagarðurinn verður opinn um helgina í Hellisgerði, Hafnarfirði. Sýning nokkra listamanna. Sjáandinn Ragnhildur Jónsdóttir með álfagöngu um Hellisgerði þar sem hún kynnir og lýsir álfum og huldufólki sem þar býr. Gangan tekur um 40 mínútur og kostar kr. 1.500.

**14.00** Félagarnir Einar Már Guðmundsson og Bjartmar Guðlaugsson slá saman og troða upp á Sjávarbarnum við Grandagarð. Þeir flytja sögur, ljóð og söngva. Allir velkomnir.

**14.00** Menningarveisla Sólheima með tónleikum Unnar Birnu og Munaðarleysingjunum í Sólheimakirkju og fyrirlestri Hrólfs Sigurðssonar um mikilvægi íslensks drykkjarvatns í Sesseljuhúsi. Aðgangur er ókeypis.

### ➜ Myndlist

**10.00** Konstantinos Zaponidis með sýningu í L51 Artcenter, Laugavegi 51. Yfirskrift sýningarinnar er Impressions of Iceland. Allir velkomnir.

**16.00** Síðasta sýningarhelgi á verkum Huldu Hlínar í Ráðhúsinu. Opið laugardag kl. 16-19 og sunnudag kl. 14-18. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

### ➜ Tónleikar

**12.00** Zuzana Ferjencikova orgelleikari frá Vín spilar á hádegistónleikum í Hallgrímskirkju. Miðaverð er kr. 1.500.

**15.00** Tríó Ragnheiðar Gröndal spila á sumartónleikum Jómfrúarinnar við Lækjargötu. Leikið er utandyra. Aðgangur er ókeypis.

**22.00** Andrea Gylfa flytur tónlistarperlur kvikmyndanna ásamt hljómsveit á ObLadíOblada, Frakkastíg. Aðgangseyrir er kr. 1.500.



**22.00** Margrét Eir og Hljómsveitin Thin Jim með tónleika á Græna hattinum. Miðaverð er kr. 2.000.

**23.00** Illgresi með tónleika á Faktorý. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU YKKUR SIRKUS SÓLEY

SIRKUS ÍSLANDS KYNNIR

„Húmor, metnaður og skemmtun í hávegum höfð“
—Kidda, Pressunni

FAKTOR
– ÞVÍ X ER EKKI NÓG!

AUKASÝNINGAR!
í kvöld 9. júlí kl. 14 og 18
sunnudag 10. júlí kl. 14 og 18

SÝNT Í TJARNARBÍÓI Í JÚLÍ

MIÐASALA Í TJARNARBÍÓI, Á MIÐI.IS OG Í SÍMA 527 2102

midi.is



**BRJÁNSLÆKUR** Elstu myndirnar í bókinni eru frá 1985 en þær nýjustu voru teknar í fyrra. Mörg húsanna hafa verið jöfnuð við jörðu síðan þá og önnur gerð upp.

# FEGURÐIN Í HRÖRNUNINNI

**Eyðibýli og húsarústir eru mynd- og yrkisefni Nökkva Elíassonar ljósmyndara og Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar ljóðskálds í bókinni Hús eru aldrei ein.**

„Hús eru aldrei ein/ um þau ráfa svipir/ stíga fæti á þröskuld/ hrasa í lúnum tröppum/ stika níu álna gólf/ með staf í hendi/ og starandi augnaráð,“ segir í upphafslínum ljósmynda-ljóðabókarinnar Hús eru aldrei ein, sem komin er út á vegum Uppheima. Bókin samanstendur af svarthvítum ljósmyndum Nökkva Elíassonar af eyðibýlum víða um land, sem Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson yrkir ljóð við. Enskar þýðingar ljóðanna fylgja einnig.

Hús eru aldrei ein er endurskoðuð og uppfærð útgáfa bókarinnar Eyðibýli, frá árinu 2004. Hún seldist upp fyrir nokkrum árum og hafði Nökkvi því hug á að endurútgefa hana. Hins vegar hafði mikið af nýju efni safnast upp síðan þá, bæði myndir og ljóð, nógu mikið til að gefa út nýja bók.

„Í staðinn völdum við það besta úr gömlu bókinni og nýja efninu,“ segir Nökkvi. „Útkoman er að mínu viti mun sterkari bók.“

Elstu myndirnar eru frá 1985 og spannar bókin því um aldarfjórðung. Nökkvi segir að eyðibýlin hafi verið áhugamál sem vatt upp á sig.

„Mig vantaði í rauninni bara verkefni, ákveðið þema til að elta. Ég byrjaði því að fara í túra á sumrin og mynda eyðibýli hér og þar um landið.“

Nökkvi segir hjólin hafa byrjað að snúast eftir sýningu sem hann hélt á eyðibýlamyndum í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

„Þá kom Aðalsteinn Ásberg að máli við mig og viðraði hugmyndina að bókaútgáfu. Mál og menning bauð útgáfusamning. Það gerði mér kleift að hella mér í þetta og klára verkefnið á næstu þremur árum, sem ég varði í að þræða krummaskuð landsins og varð eiginlega heltekinn; verkefnið fór að verða hluti af sjálfum mér.“

Nökkvi segir að þótt markmiðið hafi ekki verið að gera tæmandi úttekt á eyðibýlum á Íslandi bregði bókin engu að síður ljósi á byggðasögu landsins.

„Mörg þessara húsa hafa verið jöfnuð við jörðu og önnur byggð upp. Þessar myndir eru því ákveðin heimild um söguna og þróun byggðar, þótt markmiðið hafi fyrst og fremst verið að ná góðri mynd.“ Nökkvi segist hafa leitast við að fanga fegurðina í hrörnunni. „Sums staðar er eins og fólk hafi einfaldlega staðið upp og gengið burt, leirtauið er jafnvel enn á borðum. Það hvílir sorglegur drungi yfir þessum húsum, sem er mjög áhrifaríkur og ég vildi reyna að festa á mynd. Þess vegna hafði ég myndirnar svarthvítar, litmyndirnar urðu helst til konfektkassalegar þrátt fyrir myndefnið. Ljóð Aðalsteins Ásbergs geirnegla síðan þennan anda og stemningu sem ég reyni að ná fram, um leið og þau búa til nýja vídd fyrir myndirnar.“



**NÖKKVI ELÍASSON** Leitast við að fanga fegurðina í hrörnunni með aðstoð ljóða Aðalsteins Ásbergs Sigurðssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Spurður hvort hann sé búinn að fá nóg af eyðibýlum svarar Nökkvi neitandi. „Þetta er eilífðarverkefni. Ég var síðast á Reykjanesi um síðastliðna helgi. Það eru alltaf ný býli að fara í eyði og yfirleitt tekur það nokkur ár fyrir þau að grotna nógu mikið til að ég fái áhuga á þeim.“ Austurland er eftirlætis landshluti hans, þaðan sem hann er ættaður.

### MÖGULEIKAR

Eyðibýlin við ströndina
eru fleiri en heiðarbýlin
sem verða á vegi okkar.
Og einhvern veginn
virðist það eðlilegt.

Hús sem starir án afláts
út á breiðan fjörð
hefur meiri möguleika
en heiðarbýlið sem kúrir
niðurbrotið undir barði
bíður þess að veturinn
breiði þykkan feld yfir
laut og leiti, bakka og hjalla.

„Það er enginn hörgull á eyðibýlum fyrir austan, Fljótsdalshérað er til dæmis gullnáma fyrir mann eins og mig.“

bergsteinn@frettabladid.is


Royal bringur
Kjúklingabringurnar frá Holtakjúklingi eru fersk og hrein afurð sem framleidd er af mikilli fagmennsku. Þær eru fáanlegar með tvennskonar kryddlegi - rósmarín og hvítlauk eða Texas - og henta bæði á grillið og í ofninn.
Nú geta matgæðingar haft það ljómandi gott í sumar.
Grunnur að góðri máltíð
www.holta.is
Holta
KJÚKLINGUR
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



**310.000 EINTÖK** seldust af nýjustu plötu Beyoncé í Bandaríkjunum í síðustu viku og náði hún toppsæti á Billboard listanum. Platan kallast „4" en þetta er einmitt fjórða sólóplata söngkonunnar.

# FELLDU TÁR FYRIR POTTER

**Mikið var um dýrðir í London þegar rauða dreglinum var rennt út fyrir leikaralið Harry Potter myndanna. Síðasta myndin í seríunni um vinsæla galdrastrákinn, Harry Potter og dauðadjásnin, seinni hluti, var frumsýnd í London í vikunni.**

Harry Potter og dauðadjásnin hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda sem segja myndina verðugan endapunkt fyrir galdrastrákinn og að hún svíki ekki aðdáendur sína. Myndin er sú áttunda sem gerð hefur verið um Harry Potter á tíu árum en myndirnar eru með þeim vinsælustu í kvikmyndasögunni og hafa halað inn rúmlega 6,3 milljarða dala.

Myndin verður frumsýnd hér á landi þann 13. júlí og hafa þegar selst á þriðja þúsund miðar í forsölu.

Þríeykið Daniel Radcliffe, Rupert Grint og Emma Watson skörtuðu sínu fegursta á frumsýningunni og Watson gat ekki haldið aftur af tárunum þegar hún kvaddi Harry Potter.





**ÖLL FJÖLSKYLDAN** Breski leikarinn Warwick Davis mætti með alla fjölskyldu sína á frumsýninguna.



**KVEÐJUSTUND** Leikkonan Emma Watson gat ekki haldið aftur af tárunum á frumsýningunni á síðustu Harry Potter-myndinni.



**GÓÐUR HÓPUR** Leikaranir Emma Watson, Rupert Grint og höfundur Harry Potter-bókanna J.K. Rowling eru sannkallað draumateymi. Í baksýn má sjá aðalleikarann Daniel Radcliffe.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**VEIT EKKI MUN Á LEIK OG ALVÖRU** Lady Gaga segist sökkva sér svo djúpt í karakter að oft þekki hún ekki mun á sjálfri sér og þeirri persónu sem hún leikur.

## Lady Gaga í tómu rugli

**Lady Gaga segist ekki lengur gera greinarmun á sjálfri sér og þeirri persónu sem kemur fram á sviðinu. Lady Gaga, sem heitir réttu nafni Stefani Germanotta, segir að hún fari oft á tíðum svo djúpt í karakter að búningarnir og framkoma hennar séu einfaldlega orðin jafn mikilvæg og líffærin.**

**„Línurnar á milli mín og karaktersins eru orðnar mjög óljósar og ég veit varla muninn á leik og alvöru. Ef þú bæðir mig um að fjarlægja risavaxið höfuðfat í partíi myndi mér líða eins og þú værir að biðja mig um að fjarlægja lifrina."**

Viltu skjól á veröndina?
Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com • www.markisur.is
Veðrið verður ekkert vandamál



Hrein Fjárfesting ehf
REX
Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

# Tvítyngdar Hollywood-stjörnur

**Stjörnur eru ekki aðeins fríðar ásýndum heldur eru þær margar einnig vel að sér í tungumálum. Til að mynda tala þau Joseph Gordon-Levitt og Jodie Foster bæði frönsku og Gwyneth Paltrow og Casey Affleck eru þekkt fyrir góða spænskukunnáttu. Aðrar stjörnur eru þó svo heppnar að hafa fengið sitt annað tungumál strax með móðurmjólkinni.**

### VIGGO MORTENSEN

Hjartaknúsarinn á bandaríska móður og danskan föður. Mortensen-fjölskyldan bjó lengi í Argentínu og því talar Mortensen spænsku. Eftir háskólanám ákvað leikarinn að halda af stað út í heim í leit að sjálfum sér og bjó þá um stund í Danmörku, þar sem hann vann meðal annars sem vörubílstjóri og blómasali. Mortensen talar reiprennandi dönsku og spænsku.



### COLIN FIRTH

Hinn breski Colin Firth er kvæntur ítalska kvikmyndaframleiðandanum Livia Giuggioli og deila þau tíma sínum á milli London og Ítalíu. Firth talar fullkomna ítölsku og veigrar sér ekki við að veita viðtöl á því tungumáli.



### NATALIE PORTMAN

Leikkonan Natalie Portman fæddist sem Natalie Hershlag og er faðir hennar frá Ísrael. Portman fæddist í Jerúsalem og bjó þar til fjögurra ára aldurs en þá flutti fjölskyldan til Bandaríkjanna. Portman talar bæði ensku og hebresku og hefur látið þau orð falla að hjarta hennar búi í Jerúsalem; „Þar finnst mér ég eiga heima."

NORDICPHOTOS/GETTY





### SANDRA BULLOCK

Óskarsverðlaunahafinn Sandra Bullock er hálfþýsk og talar lýtalausa þýsku. Móðir hennar, Helga Meyer, var þýsk óperusöngkona og söngkennari og ferðaðist Bullock gjarnan með henni er hún tók að sér verkefni í Evrópu. Bullock dvaldi oft hjá ömmu sinni og frænku í Nürnberg og náði þá fullkomnum tökum á þýskunni.



### CHARLIZE THERON

Fólk gleymir því gjarnan að leikkonan Charlize Theron er ekki bandarísk heldur frá Suður-Afríku og því er enska ekki hennar fyrsta mál. Leikkonan fæddist í bænum Benoni í Suður-Afríku og bjó þar til sextán ára aldurs, þá flutti hún til Ítalíu til að sinna fyrirsætustörfum. Móðurmál Theron er afrikaans en hún skilur einnig hollensku.

# FULLNÝTTU WINDOWS 7 Á GÆÐA FARTÖLVU

## Aðeins 2,6 cm á hæð og 1,43 kg




Windows 7

**HomeGroup**
Allar tölvur heimilisins tengdar í gegnum Homegroup – skjöl heimilisins aðgengileg í öllum tölvum.

Windows 7

**Windows Touch**
Í dag eru sífellt fleiri fartölvur í boði með snertiskjá. Með Windows touch opnast nýr heimur í tölvunni. Windows 7 er byggt fyrir snertiskjái og getur þú í stað músar notað hendurnar. Ath. auglýst vél er ekki með snertiskjá.

Windows 7

**JumpLists**
Skjöl, myndir og lög sem þú notar mest eru aðgengileg undir eins í gegnum Jump List – Windows 7 finnur skjölin fyrir þig með einum músarsmell á forritið.




**169.995**

eða 14.886 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust lán, alls 178.632 kr.

Windows 7

**Remote Media Streaming**
Ertu að fara í ferðalag og getur ekki tekið borðtölvuna með – Þú getur spilað tónlistina og myndböndin í ferðalaginu af borðtölvunni heima með Remote Media Streaming. Allt uppsett efni í Windows Media Player er þá aðgengilegt í ferðalaginu.

Windows 7

**Snap**
Nú er skipulag skjáborðsins ekki vandamál – Mun einfaldara er að stjórna opnum gluggum með því að henda þeim í jaðar skjásins til að líma þá þar, hrista glugga til að hreinsa skjáborðið og margt fleira.

## Einfaldara – hraðvirkara

**Virkt foreldraeftirlit í Windows 7**

Hægt er að takmarka tölvunotkun við tiltekna tíma sólarhrings jafnvel þótt foreldrar séu að heiman.

Með sáraeinföldum stillingum er auðvelt að „leyfa" eða „útiloka" tölvunotkun á ákveðnum tíma dags.

Ef þörf er á er hægt að loka á ákveðin forrit, leiki, vefsetur eða bara alla tölvunotkun.

Hægt er að sjá skýrslur um tölvunotkun barnanna sem auðveldar foreldrum að fylgjast með og fínstilla foreldraeftirlit.

Windows 7

**Play To**
Nú er auðvelt að sýna ljósmyndir, myndbönd og tónlist á öllum tölvum heimilisins með PlayTo. Það er hægt að spila afþreyinguna yfir netið í tölvur tengdar heimanetinu eða jafnvel sjónvarpið, allt sáraeinfalt.

Windows 7

**Windows Live Essentials**
Windows 7 er fullt af hugbúnaði – Messenger, nýtt myndgallerí til að stjórna ljósmyndum, tölvupóstur, hugbúnaður sem gerir þér kleift að tengjast öðrum tölvum hvar sem er í heiminum, kvikmyndasmiður, og neteftirlit til að fylgjast með netnotkun heimilis s.s. barna.

Windows 7

**Windows Taskbar**
Ný verkefnaslá með nýjum eiginleikum – Þú getur sett hvaða forrit sem er á pinna á slánna, einnig getur þú sett bendil yfir opið forrit til að sjá yfirlit yfir hvað er að gerast í glugganum. Svo má ekki gleyma Jump List, sem finnur vinsælustu skjölin sem þú opnar í forritinu.

Windows 7

**Windows Search**
Leit að skjölum er orðin einföld.. og hröð. Um leið og þú byrjar að slá inn nafni í leitina þá skilar Windows 7 strax líklegum skjölum.

Windows 7

ELKO

EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ

LINDIR – SKEIFAN – GRANDI – VEFVERSLUN

Símsala 575 8115

Almennar upplýsingar 544 4000

AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.



AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Ívar Örn Hansen
S: 5125429 , gsm 6154349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 5125462, gsm 8233344
sigridurdagny@365.is

Sigríður Hallgríms
S: 5125432, gsm 6924700
sigridurh@365.is

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001-2011
FRÉTTABLAÐIÐ


# Vill taka upp lag í geimnum

Matt Bellamy, söngvara Muse, dreymir um að taka upp plötu í geimnum. Þetta segir hann í viðtali á tónlistarvefnum Contact Music.

Bellamy sagði að það yrði *svalt* að taka annað hvort upp tónlistarmyndband eða lag í geimnum. Hann segist þegar vera búinn að hafa samband við auðkýfinginn Richard Branson og reyna að sannfæra hann um að senda hljómsveitina frítt út í geim þegar geimflugfélag hans, Virgin Galactic, hefur störf.

„Yrði ég hræddur úti í geimnum? Nei, það yrði allt í lagi með mig,“ sagði Bellamy. Hann sagðist einnig vera kominn með mikinn áhuga á stjörnufræði, eftir að rússneskir aðdáendur gáfu honum stjörnukíki eftir tónleika í Moskvu.

„Áhorfendurnir í Moskvu voru örugglega þeir áköfustu sem ég hef séð,“ sagði hann. „Þeir klikkuðust og keyptu handa mér risastóran stjörnukíki. Ég stillti honum upp þegar ég kom heim og skoðaði tunglið. Ég meina það! hefurðu skoðað tunglið í gegnum stjörnukíki? Þar eru fjöll og *dót*. Það er ótrúlegt.“



**ÚT Í GEIM** Matt Bellamy, söngvari Muse, hefur fengið mikinn áhuga á stjörnufræði.

# Biðja fyrir getnaði

Leikkonan Reese Witherspoon giftist að nýju í vor. Nú heyrast þær sögusagnir að hún og eiginmaðurinn, Jim Toth, vilji gjarnan eignast barn saman og gera ýmislegt til að úr því verði.

Samkvæmt bandarískum miðlum hafa Witherspoon og Toth brugðið á það ráð að leggjast á bæn á hverju kvöldi í von um að getnaður verði. „Þau þrá bæði að eignast barn en í stað þess að prófa tæknifrjóvgun hafa þau snúið sér til Drottins. Þau biðja saman á hverju kvöldi áður en þau fara í háttinn í von um að verða bænheyrð,“ var haft eftir innanbúðarmanni.

Witherspoon, sem á fyrir tvö börn, er aðeins hálffertug að aldri og því er alls ekki ólíklegt að hún muni eignast þriðja barnið áður en langt um líður.



**LANGAR Í BARN** Reese Witherspoon og eiginmann hennar, Jim Toth, langar að eignast barn saman og hafa þau því snúið sér til Drottins.

NORDICPHOTOS/GETTY

# Robbie allur að róast

**Söngvarinn Robbie Williams hyggur á barneignir á næstunni með eiginkonu sinni, bandarísku leikkonunni Aydu Field. Hann tekur þó skýrt fram að frúin sé ekki ólétt.**

**Williams kveðst hafa náð fullkomnum tökum á lífi sínu eftir áralangt sukk og svínari. Þar með telur hann sig tilbúinn að verða pabbi. „Ég ætla að verða pabbi, kannski á næsta ári eða árið þar eftir,“ segir Robbie, sem er í góðum gír. „Í byrjun ársins fékk ég það á tilfinninguna að hlutirnir gætu breyst. Þetta byrjaði sem tilfinning en nú er ég viss.“**



**ROBBIE WILLIAMS**




# Keppast um hylli kvenna

Það ríkir mikil og hörð samkeppni milli karlkyns leikara sjónvarpsþáttanna True Blood ef marka má frétt Star Magazine. Tímaritið heldur því fram að leikararnir berjist um bestu línurnar og athygli kvenna.

„Ryan Kwanten og Alexander Skarsgård eru stanslaust í innbyrðis samkeppni. Þeir keppa jafnvel um hvor þeirra lyfti þyngri lóðum og hvor geti gert fleiri magaæfingar," hafði tímaritið eftir innanbúðarmanni. Samkeppninni lýkur víst ekki þar því karlkyns stjörnurnar keppa einnig um hylli kvenna. Sá eini sem tekur ekki þátt í slíku er Stephen Moyer sem er kvæntur mótleikkonu sinni, Önnu Paquin. „Þeir reyna við aukaleikkonurnar og metast svo. Stephen tekur ekki þátt í slíku en hann er svo mikið merkikerti að fáir þola að vera nálægt honum."



**KEPPNISMAÐUR** Alexander Skarsgård er í stöðugri samkeppni við Ryan Kwanten á tökustað True Blood. NORDICPHOTOS/GETTY

# Saman í meðferð

Weston Cage, sonur leikarans Nicolas Cage, og eiginkona hans, Nikki Williams, hafa skráð sig saman í áfengismeðferð. Hjónakornunum, sem eiga von á sínu fyrsta barni, lenti illilega saman fyrir skömmu og fjölluðu bandarískir fjölmiðlar ítarlega um málið.

Weston segir hins vegar að málið hafi verið blásið upp, þetta hafi verið stormur í vatnsglasi. „Við áttum vissulega í útistöðum en hann sló mig aldrei í andlitið," segir Nikki í samtali við vefsíðuna TMZ.com. Hún vísaði því jafnframt á bug að þau hjónin ætluðu að skilja.



**VANDRÆÐAGEMSI** Nicolas Cage hefur sjálfur átt í erfiðleikum með skapsmuni sína.

# Hrósar lífvörðunum

**Paris Hilton hrósar lífvörðum sínum í hástert fyrir frammistöðu þeirra þegar þeir yfirbuguðu eltihrelli fyrir utan heimili fyrirsætunnar á þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna.**

**Hinn 36 ára James Rainford veittist fyrst að Hilton við dómhús í Kaliforníu á síðasta ári og fékk Hilton í kjölfarið nálgunarbann á hann. Rainford lét sér hins vegar ekki segjast og birtist fyrir utan hús hennar hinn 4. júlí. Lífverðir fyrirsætunnar tóku málin í sínar hendur og á vefsvæði sínu þakkar hún þeim fyrir snör handtök. „Sem betur fer er ég með öflugt öryggiskerfi og fjóra lífverði til taks allan sólarhringinn. Þeir brugðust við áður en viðkomandi náði að meiða einhvern."**



**ALLT RÉTT** Lífverðir Parisar Hilton brugðust hárrétt við þegar eltihrellir birtist fyrir utan heimili hennar.



**SJÚKLEGA GAMAN** Kid Rock segir að það skemmtilegasta sem hann hafi gert í lífinu sé að giftast Pamelu Anderson.

# Góðar stundir með Pamelu

**Kid Rock segir að hjónaband hans og Pamelu Anderson hafi verið stórskemmtilegt. Parið gifti sig árið 2006 en þau skildu aðeins fimm mánuðum síðar. Kid Rock segir að þrátt fyrir einhverja erfiðleika hafi hann aldrei skemmt sér jafn vel í lífinu. „Að gifta mig var eitt það skemmtilegasta sem ég hef gert. Ég man ekki eftir öðrum tíma í lífinu sem var skemmtilegri en þegar ég gifti mig. Það var svo gaman hjá okkur að við giftum okkur fjórum eða fimm sinnum," sagði Kid Rock í viðtali við spjallþáttastjórnandann Piers Morgan á dögunum.**




• Nettar töflur
• Auðvelt að brjóta í tvennt
• Þægilegar til inntöku

Íbúprófen Portfarma er einnig ætlað börnum (sjá skammtastærðir fyrir börn)

Heiti lyfs og virk innihaldsefni: Íbúprófen Portfarma 400 mg filmuhúðaðar töflur. Hver tafla inniheldur íbúprófen 400 mg. Ábendingar: Bólgueyðandi og verkjastillandi lyf, ætlað til notkunar við liðagigt, slitgigt, tíðaverkjum, tannpínu og höfuðverk. Lyfið má einnig nota sem verkjalyf eftir minni háttar aðgerðir, t.d. tanndrátt. Skammtar og lyfjagjöf: Skammtastærðir handa fullorðnum: Sjúkdómseinkenni og lyfjasvörun ákvarða hæfilegan skammt fyrir hvern einstakling. Skammtar eru venjulega 600-2000 mg á dag og ekki er mælt með stærri dagsskammti en 2400 mg. Hæfilegt er að gefa lyfið 3-4 sinnum á dag í jöfnum skömmtum. Við tíðaverkjum: 400 mg, 1-3 sinnum á dag eftir þörfum. Við gigt: 400 mg eða 600 mg, 3 sinnum á dag. Morgunskammt má gefa á fastandi maga til að draga fljótt úr morgunstirðleika. Við nýrnabilun þarf að minnka skammta. Skammtastærðir handa börnum: Venjulegir skammtar eru 20 mg/kg líkamsþunga á dag, gefið í 3-4 jöfnum skömmtum. Börnum, sem vega innan við 30 kg, skal eigi gefa meira en 500 mg á dag. Frábendingar: Ofnæmi fyrir íbúprófeni eða einhverju hjálparefnanna. Sjúklingar, sem hafa fengið astma, nefslímubólgu eða ofsakláða eftir töku acetýlsalicýlsýru eða annarra bólgueyðandi lyfja (annarra en barkstera), skulu ekki notað lyfið. Lyfið er ekki ætlað vanfærum konum. Lyfið skal ekki notað ef lifrarstarfsemi er skert eða ef alvarlegur hjarta- eða nýrnasjúkdómur er til staðar. Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun: Gæta þarf varúðar við gjöf lyfsins hjá sjúklingum með aukna blæðingartilhneigingu eða helluroða (SLE). Einnig hjá sjúklingum með veilt hjarta, nýrna- eða lifrarsjúkdóm, sérstaklega ef meðhöndlað er með þvagræsilyfi samtímis, þá þarf að fylgjast með mögulegri minnkaðri nýrnastarfsemi og vökvasöfnun. Íbúprófen Portfarma töflur innihalda laktósa. Sjúklingar með galaktósaóþol, laktasaþurrð eða glúkósa-galaktósa vanfrásog, sem eru sjaldgæfir arfgengir kvillar, skulu ekki taka lyfið inn. Meðganga og brjóstagjöf: Fullnægjandi rannsóknir á mönnum hafa ekki verið framkvæmdar. Dýratilraunir hafa ekki sýnt nein áhrif á þroska fósturs. Lyfið í venjulegum skömmtum er ekki talið hafa áhrif á barn á brjósti. Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla: Á ekki við. Lesið vandlega leiðbeiningar í fylgiseðli fyrir notkun.

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!

KEVIN JAMES
ZOOKEEPER
EKKI TALA VIÐ DÝRIN...NEMA ÞAU TALI VIÐ ÞIG FYRST!
L LÚXUS midi.is

T.V. - KVIKMYNDIR.IS/SÉÐ & HEYRT
TRANSFORMERS
12 FLOTTASTA HASARMYND SUMARSINS

BAD TEACHER
„FRÁBÆR!“ B.G. - MBL.
HÚN FER EKKI EFTIR NEINNI KENNSLUBÓK!
14 -T.V., SÉÐ & HEYRT midi.is

STÓRMYND SUMARSINS!
JIM CARREY
MR. POPPER'S PENGUINS
„...MIKIL ÁGÆTIS SKEMMTUN FYRIR FJÖLSKYLDUNA“ B.B. - MBL.
L midi.is

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ZOOKEEPER | KL. 1 - 3.30 -5.45 -8 -10.15 | L |
| ZOOKEEPER Í LÚXUS | KL. 1 - 3.30 - 5.45 | L |
| TRANSFORMERS 3 3D | KL. 1 - 5 - 8 - 11 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 3D Í LÚXUS | KL. 8 - 11 | 12 |
| BAD TEACHER | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 1 - 3.40 - 5.50 | L |
| BRIDESMAIDS | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL TAL 3D | KL. 1 - 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ZOOKEEPER | KL. 3 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| BAD TEACHER | KL. 3 - 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 3 - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| X-MEN: FIRST CLASS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| ZOOKEEPER | KL. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| BAD TEACHER | KL. 4 - 8 | 14 |
| BRIDESMAIDS | KL. 5.50 - 10 | 12 |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is — facebook/smarabio • facebook/haskolabio

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

ZOOKEEPER
TRANSFORMERS
BRIDES MAIDS
T.V. - kvikmyndir.is

Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.

JIM CARREY MR. POPPER'S PENGUINS
-BOX OFFICE MAGAZINE

LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| ZOOKEEPER | 2(700 kr), 4, 6 og 8 |
| TRANSFORMERS | 4, 7 og 10 |
| BRIDESMAIDS | 4, 6.30, 9 og 10.10 |
| MR.POPPERS PENGUINS | 2(700 kr) |
| KUNG FU PANDA 2 2D | 2(700 kr) |

SAMBÍÓIN

FLOTTASTA HASARMYND SUMARSINS
"Jaw-droppingly Amazing 3D!!!" Harry Knowles, AintItCool.com
TRANSFORMERS
Bílabúð Benna

FORSÝNINGAR ALLA HELGINA!
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIO.IS
PSYCHO MANEATER TOOL
HORRIBLE BOSSES

FROM WRITER/DIRECTOR J.J. ABRAMS
SUPER 8
AND PRODUCER STEVEN SPIELBERG

HANGOVER PART II
MR. POPPER'S PENGUINS

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3 Sýnd í 3D | kl. 2 - 5 - 8.15 - 10.20 | 12 |
| TRANSFORMERS 3 Luxus VIP Sýnd í 2D | kl. 2 - 5 - 8.15 | VIP |
| HORRIBLE BOSSES Forsýning | kl. 8 - 10:20 (EINGÖNGU Á SUNNUDAG) | 12 |
| BEASTLY | kl. 6 | 10 |
| SUPER 8 | kl. 5.30 - 8 - 10:20 (EINGÖNGU Á LAUGARDAG) | 12 |
| THE HANGOVER 2 | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 2 - 4 | L |
| KUNG FU PANDA 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 2D kl. 2 - 4 - 6 | L |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | Sýnd í 2D kl. 2 - 5 - 8 - 10:40 | 10 |
| DÝRAFJÖR M/ísl. Tali | Sýnd í 2D kl. 2.15 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| KUNG FU PANDA 3 | kl. 2 | L |
| TRANSFORMERS 3 | kl. 5 - 8 - 11:10 | 12 |
| PIRATES OF THE CARRIBEAN 4 | kl. 2 - 5 | 10 |
| SUPER 8 | kl. 8 - 10:20 | 12 |

tryggðu þér miða á SAMbio.is

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3 3D | kl. 4.45 - 6.45 - 8 - 10 - 11.15 | 12 |
| SUPER 8 | kl. 2.45 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MR. POPPER'S PENGUINS | kl. 2.45 - 5.30 | L |
| HANGOVER PART II | kl. 8 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 ísl tal 3D | kl. 2.45 - 4.45 | L |
| PIRATES OF THE CARIBBEAN 3D | kl. 2.45 | 10 |
| HANGOVER PART II | kl. 10.20 (EINGÖNGU LAUGARDAG) | 12 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 10.30 (EINGÖNGU SUNNUDAG) | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3 | Sýnd í 3D kl. 3 - 5 - 8 | 12 |
| HORRIBLE BOSSES Forsýning | kl. 10 | 12 |
| BEASTLY | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| SUPER 8 | kl. 3 - 5:30 - 8 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ísl. Tali | Sýnd í 3D kl. 3 - 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| TRANSFORMERS 3 | kl. 5 - 8 | 12 |
| KUNG FU PANDA 2 M/ísl. Tali | kl. 4 | L |
| SUPER 8 | kl. 5:50 - 10:30 | 12 |
| BEASTLY | kl. 8 | 10 |

# Clooney þoldi ekki athyglissýkina

George Clooney og ítalska fjölmiðlakonan Elisabetta Canalis ákváðu í júní að slíta samandi sínu. Mikið hefur verið fjallað um sambandsslitin bæði í ítölskum og bandarískum fjölmiðlum og velta menn því fyrir sér hvað hafi valdið slitunum.

US Weekly telur ástæðuna vera þá að Clooney hafi ekki þolað hversu athyglissjúk Canalis var. „Þegar þau voru í fríi eyddi hún ómældum tíma inni í herberginu að gera sig tilbúna til að fara á ströndina. Hún naut þess þegar teknar voru af henni myndir og elskaði athyglina sem sambandið færði henni. George missti brátt áhugann þegar hann varð vitni að þessari hegðun,“ var haft eftir heimildarmanni.



**BÚIÐ SPIL** Georg Clooney og Elisabetta Canalis hafa slitið sambandi sínu. Sagt er að Clooney hafi ekki þolað athyglissýkina í Canalis. NORDICPHOTOS/GETTY

# Efnilegir síðrokkarar

Tónlist ★★★★

**Ólgusjór**

Lockerbie

Lockerbie er fjögurra manna sveit úr Reykjavík og Hafnarfirði sem var stofnuð árið 2008 og vakti strax þá nokkra athygli fyrir frammstöðu sína á tónleikum með hljómsveitunum For a Minor Reflection og Soundspell. Í fyrrasumar sigraði Lockerbie í sumarlagakeppni Rásar 2 og Sýrlands með laginu Snjóljón og síðan hefur sveitin verið dugleg að koma sér á framfæri úti í hinum stóra heimi, gaf meðal annars út smáskífu hjá Bad Panda Records í upphafi ársins 2011. Og nú er fyrsta stóra platan, Ólgusjór, komin út á vegum Record Records.




Tónlist Lockerbie má flokka með tónlist síðrokksveita eins og For a Minor Reflection, en lagasmíðar þeirra Lockerbie-drengja eru sérstaklega melódískar og yfirbragðið léttara en hjá mörgum sveitum í þessum geira. Textarnir eru líka á íslensku, sem færir þessa alþjóðlegu tónlist nær okkur. Útsetningarnar eru mjög vel úr garði gerðar. Auk fjórmenninganna kemur fjöldi aukahljóðfæraleikara við sögu, blásarar og strengjaleikarar. Það sem setur hvað sterkastan svip á útkomuna er annars vegar góður söngur Þórðar Páls Pálssonar og hins vegar píanóleikur Davíðs Arnars Sigurðssonar.

Ólgusjór er fyrirtaks frumsmíð. Lögin eru öll góð og vinnsla á plötunni er fyrsta flokks. Nafnið Ólgusjór á kannski ekkert sérstaklega vel við þessa tónlist, hún er í grunninn bæði ljúf og hljómfögur. Inn á milli stigmagnast hún samt og meiri kraftur leysist úr læðingi.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Melódísk og vel útfærð tónlist frá mjög efnilegri hljómsveit.

TILBOÐSSÝNINGAR LAUGARDAG OG SUNNUDAG
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT
KUNG FU PANDA 2
TRANSFORMERS
tryggðu þér miða á www.sambio.is
SAMBÍÓIN

TILBOÐSBÍÓ
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
ZOOKEEPER
BOX OFFICE MAGAZINE
MR. POPPER'S PENGUINS
T.V. - KVIKMYNDIR.IS/SÉÐ & HEYRT

LAUGARDAG - SUNNUDAG

SMÁRABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| ZOOKEEPER | KL. 1 (TILBOÐ) | L |
| TRANSFORMERS 3 | KL. 1 (TILBOÐ) | 12 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 1 (TILBOÐ) | L |
| KUNG FU PANDA 2 ÍSL TAL 3D | KL. 1 (TILBOÐ) | L |

HÁSKÓLABÍÓ

| | | |
|---|---|---|
| ZOOKEEPER | KL. 3 (TILBOÐ) | L |
| BAD TEACHER | KL. 3 (TILBOÐ) | 14 |
| MR. POPPER´S PENGUINS | KL. 3 (TILBOÐ) | L |

midi.is facebook /smarabio

Sími: 553 2075 LAUGARÁSBÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
SÝND KL. 2
ATH 700 KR
Ekki tala við dýrin... nema þau tali við þig fyrst!
ZOOKEEPER
ATH 700 KR
SÝND KL.2
MR. POPPERS PENGUINS
ATH 700 KR
SÝND KL.2
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

BÍÓ ★ PARADÍS
Sjá sýningartíma á midi.is og bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

Bílabúð Benna · TOYO TIRES driven to perform · Shell V-Power

# King of the street

Aðalkeppni sumarsins aðeins fyrir götubíla/hjól

## LAUGARDAGINN 9. JÚLÍ

**DAGSKRÁ**
14.00 Keppni hefst
17.00 Verðlaunaafhending á pallinum

**VERÐLAUN:**
- Bensínúttektir frá Skeljungi
- Toyo Tires dekk frá Bílabúð Benna
- Mothers-bón
- Gjafabréf frá Gokart.is

## FLOKKAR

**Bílar með drifi á einum öxli keppa í 5 flokkum:**
- 4 sílendra
- 6 sílendra
- 8+ sílendra, yngri en árgerð 1985
- 8+ sílendra, eldri en árgerð 1985
- 8+ sílendra, Radíal dekk

**Fjórhóladrifnir bílar keppa í einum flokki:**
- 4x4 flokkur

**Jeppar, trukkar og pallbílar keppa í einum flokki:**
- Jeppaflokkur

**Mótorhjólaflokkar**

**Racerar:**
- 799cc og minni
- 800cc og stærri

**Hippar:**
- 999cc og minni
- 1000cc og stærri




PIPAR\TBWA • SÍA • 111944

KVARTMÍLU KLÚBBURINN




www.kvartmila.is

**Aðgangseyrir 1.000 kr.**
Frítt fyrir 12 ára og yngri í fylgd með fullorðnum

MOTHERS Polishes•Waxes•Cleaners

KANINN FM 100,5

# sport

sport@frettabladid.is



**PEPSI-DEILD KARLA** verður áberandi um helgina en þá fara fram þrír leikir. Breiðablik tekur á móti Þór í dag og hefst leikurinn klukkan 16. Á morgun taka Eyjamenn á móti FH og hefst sá leikur líka klukkan 16. Klukkan 20 fer síðan fram leikur Fylkis og KR.

## ÚRSLIT

### 1. deild karla

**KA - ÍA** **1-4**

0-1 Guðjón Heiðar Sveinsson, 0-2 Ólafur Valur Valdimarsson, 0-3 Hjörtur Hjartarson, 1-3 sjálfsmark, 1-4 Hjörtur Hjartarson

**Víkingur Ólafsvík - BÍ/Bolungarvík** **4-1**

0-1 Nicholas Deverdics, 1-1 Artjoms Goncars, víti, 2-1 Artjoms Convars, víti, 3-1 Guðmundur Steinn Hafsteinsson, 4-1 Eldar Masic

*Upplýsingar frá fótbolti.net.*

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ÍA** | **10** | **9** | **1** | **0** | **29-4** | **28** |
| Selfoss | 10 | 7 | 1 | 2 | 23-10 | 22 |
| **Þróttur R.** | **10** | **5** | **2** | **3** | **13-12** | **17** |
| Víkingur Ó. | 10 | 4 | 3 | 3 | 14-12 | 15 |
| **Fjölnir** | **10** | **4** | **3** | **3** | **17-19** | **15** |
| Haukar | 10 | 4 | 2 | 4 | 14-12 | 14 |
| **Grótta** | **10** | **3** | **4** | **3** | **8-11** | **13** |
| BÍ/Bolungarv. | 10 | 4 | 1 | 5 | 12-19 | 13 |
| **ÍR** | **10** | **3** | **2** | **5** | **12-18** | **11** |
| KA | 10 | 3 | 1 | 6 | 11-19 | 10 |
| **Leiknir R.** | **10** | **0** | **4** | **6** | **10-17** | **4** |
| HK | 10 | 0 | 4 | 6 | 11-21 | 4 |



**SJÓÐANDI HEITUR** Það er ekki að sjá að Hjörtur sé á 37. aldursári.

Skagamenn skora mörkin:

## Ósigraðir og í frábærri stöðu

**FÓTBOLTI** Skagamenn sóttu þrjú stig norður yfir heiðar á Akureyri í gærkvöldi þegar liðið lagði KA með fjórum mörkum gegn einu. Liðið er enn ósigrað í deildinni að loknum tíu leikjum, hefur skorað flest mörk og fengið á sig fæst. Miðað við spilamennsku liðsins í sumar er fátt sem getur komið í veg fyrir að félagið komist upp í efstu deild á nýjan leik.

Hjörtur Júlíus Hjartarson skoraði tvö marka Skagamanna í gærkvöld. Hjörtur hefur skorað tíu mörk í deildinni, eða mark að meðaltali í leik og er markahæstur.

Í hinum leik gærkvöldsins unnu Víkingar í Ólafsvík stórsigur á BÍ/Bolungarvík 4-1. -ktd

# Enginn Brynjuís í Coventry

**Aron Einar Gunnarsson skrifaði undir þriggja ára samning við Cardiff City í gær. Aron hélt í morgun í æfingaferð til Spánar með nýjum liðsfélögum.**

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumaðurinn Aron Einar Gunnarsson stóðst læknisskoðun hjá Cardiff City í gær og skrifaði að henni lokinni undir þriggja ára samning við félagið. Cardiff á nú aðeins eftir að ganga frá greiðslu á uppeldisbótum til Coventry.

„Félagið er búið að vera í baráttu um sæti í efstu deild síðustu tvö ár og varið miklum fjármunum í liðið. Völlurinn er góður og æfingaaðstaðan mjög flott. Maður finnur fyrir því að þetta er stærra batterí en hjá Coventry," segir Aron Einar hæstánægður með nýja samninginn sem hann segir mun betri en hjá Coventry.

Aron spilaði upp yngri flokka með Þór á Akureyri áður en hann gekk til liðs við AZ Alkmaar í Hollandi árið 2006, sautján ára gamall. Tveimur árum síðar gekk Aron til liðs við Coventry þar sem hann hefur spilað undanfarin þrjú tímabil.

Aron segir enska boltann henta honum vel en lið í Hollandi og Þýskalandi sýndu honum einnig áhuga. Hann segir miklu máli hafi skipt hversu mikinn áhuga Malky Mackay, þjálfari Cardiff, sýndi honum.

„Þjálfarinn hringdi fjórum sinnum í mig í fríinu. Hann er búinn að tala mikið við Heiðar Helguson en þeir voru saman hjá Watford. Hann sér mig sem varnarsinnaðan miðjumann fyrir framan vörnina. Ég spilaði þar mitt fyrsta tímabil með Coventry sem var mitt besta hjá félaginu. Mér líst vel á þetta og vona að ég geti verið hluti af liði sem fer upp í úrvalsdeildina," segir Aron.

„Það var alltaf leiðinlegt að spila við Cardiff og núna er maður orðinn hluti af þessu liði," segir Aron og hlær.

Cardiff hefur verið grátlega nálægt því að komast upp í ensku úrvalsdeildina undanfarin ár. Á síðasta tímabili komst liðið í umspil um sæti en datt út í undanúrslitum. Árið áður komst Cardiff alla leið í úrslitaleikinn en beið lægri hlut. Liðið hefur misst sterka leikmenn



**VINSÆLL Í COVENTRY** Aron Einar var valinn besti leikmaður Coventry af stuðningsmönnum félagsins á sínu fyrsta tímabili hjá félaginu. NORDIC PHOTOS/GETTY

úr hópnum frá því á síðasta tímabili.

„Jú, við misstum nokkra en það er líka búið að semja við sex leikmenn á síðustu vikum. Þjálfarinn er líka nýr og mér líst vel á hann. Í gær fengum við Robbie Earnshaw frá Nottingham Forest sem hefur skorað grimmt fyrir það lið og velska landsliðið."

Aron Einar, sem er 22 ára gamall, segir líf atvinnumannsins erfitt að því leyti að menn geti verið á stöðugum flutningi.

„Ég var búinn að koma mér vel fyrir í Coventry og átti góða félaga í liðinu sem ég á eftir að sakna. En svona er fótboltinn. Ég skipti líka úr AZ Alkmaar á sínum tíma þar sem ég átti marga vini. Í fótboltanum þarf maður að breyta til og fórna ýmsu. En ég lít á þetta sem jákvæðan hlut og reyni að koma mér inn í þetta fljótt," segir Aron fullur tilhlökkunar.

Spurður hvort það sé einhver veitingastaður eða ísbúð á horninu í Coventry sem hann kveðji með söknuði hlær Aron Einar. „Nei, það er enginn Brynjuís þarna í Coventry."

